
BROTHÆTTAR BYGGÐIR

ÁRSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 2023



BYGGÐASTOFNUN



Apríl 2024

Helga Harðardóttir
Kristján Þ. Halldórsson

ISBN 978-9935-518-14-9

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	4
1. MEGINNIÐURSTÖÐUR 2023	7
2. MARKMIÐ OG TILGANGUR.....	11
3. VERKEFNISLÝSING.....	12
4. ÞÁTTTÖKUBYGGÐARLÖG.....	15
ÁFRAM ÁRNESHREPPUR.....	15
BETRI BAKKAFJÖRÐUR	19
STERKAR STRANDIR	25
STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR.....	29
DALAAUÐUR	35
BYGGÐARLÖG SEM LOKIÐ Hafa ÞÁTTTÖKU Í BROTHÆTTUM BYGGÐUM	43
5. ÍBÚAÞRÓUN.....	44
6. UMFJÖLLUN UM NOKKUR AF FJÖLMÖRGUM ÁHUGAVERÐUM VERKEFNUM SEM Hafa HLOTIÐ	
STUÐNING ÚR BROTHÆTTUM BYGGÐUM.....	46
7. ATHUGUN Á VIÐHORFUM TIL VERKEFNISINS BROTHÆTTAR BYGGÐIR	52
8. ÁHRIFAMAT BROTHÆTTRA BYGGÐA – SKÝRSLA KPMG.....	54
9. AFMÆLISMÁLÞING BROTHÆTTRA BYGGÐA Á RAUFARHÖFN	57
10. VIÐAUKAR	59
VIÐAUKI I. ÁFRAM ÁRNESHREPPUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA	59
VIÐAUKI II. BETRI BAKKAFJÖRÐUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA.....	62
VIÐAUKI III. STERKAR STRANDIR, STAÐA STARFSMARKMIÐA	68
VIÐAUKI IV. STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA	71
VIÐAUKI V. DALAAUÐUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA	79

INNGANGUR



Frá íbúafundi á Stöðvarfirði

Rúmlega tíu ár eru síðan verkefnið Brothættar byggðir hóf göngu sína. Í upphafi verkefnisins var hugmyndin sú að búa til aðferð eða verklag sem hægt væri að yfirfæra á byggðarlög sem stæðu frammi fyrir sambærilegum vanda, þ.e. viðvarandi fækkun íbúa og erfiðleikum í atvinnulífi. Raufarhöfn var fyrsta byggðarlagið sem tók þátt í verkefninu Brothættum byggðum. Verkefnið Raufarhöfn og framtíðin hófst árið 2012 og því lauk í byrjun árs 2018.

Þátttökubýggðarlögin í Brothættum byggðum eiga það sameiginlegt að þar hefur verið mikil fólksfækkun og skekk aldursdreifing. Skortur er á húsnæði og á það jafnt við um íbúðarhúsnæði til sölu, leiguíbúðir og atvinnuhúsnæði. Bætt fjarskipti og umbætur í raforkumálum hafa verið ofarlega á baugi, sem og samgöngubætur og bætt þjónusta. Takmarka hefur þurft fjölda byggðarlaga sem geta tekið þátt í verkefninu á hverjum tíma og ræðst sá fjöldi meðal annars af fjármunum til verkefnisins og árafjölda þess í hverju byggðarlagi. Byggðastofnun eða byggðarlag (með milligöngu sveitarfélags) geta haft frumkvæði að samtali um mögulega þátttöku og sérstakir mælikvarðar eru notaðir til að meta stöðu og forgangsraða byggðarlögum til þátttöku.

Segja má að verklag, framkvæmd og framvinda Brothættra byggða hafi mótast og þróast í fyrstu með þátttöku fyrsta byggðarlagsins, Raufarhafnar, ásamt þátttöku þeirra þriggja sem á eftir fylgdu. Það voru Bíldudalur, Breiðdalur og Skaftárhreppur. Reynslan og árangurinn af þeim verkefnum varð leiðarljósið í þeim byggðarlögum sem síðar hafa tekið þátt í verkefninu. Á árunum 2015-2016 kynntu fulltrúar Byggðastofnunar og aðrir hagaðilar sér sambærileg byggðapróunarverkefni í öðrum löndum, einkum í Noregi og í Skotlandi. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið lét gera úttekt á verkefninu Brothættar byggðir á árunum 2014 – 2015 og sá EY Ísland um úttektina fyrir þeirra hönd sjá [hér](#).

Árið 2016 var sérstök verkefnislýsing Brothættra byggða gefin út hjá Byggðastofnun og var hún byggð á reynslu í Brothættum byggðum, fyrirmyndum í öðrum löndum og ráðum og ábendingum úr úttekt EY Ísland. Frá þeim tíma hafa þátttökubygðarlög í verkefninu unnið samkvæmt þeirri verkefnislýsingu og eru einstök atriði uppfærð eftir því sem tilefni er til. Uppfærslur eru birtar jafn óðum á heimasíðu Byggðastofnunar. Í verklagi samkvæmt verkefnislýsingu unni felst m.a. að verkefnisstjórar eru ráðnir í hverju byggðarlagi, aðferð við úthlutun styrkja er fest í sessi og ákveðnir verkþættir skilgreindir. Verkefninu er skipt upp í fjóra áfanga þeir eru: undirbúningur, íbúabíng og móttun verkefnisáætlunar, framkvæmdaáfangi og lokaáfangi. Þegar verkefni í hverju byggðarlagi eru komin í lokaáfanga eru væntingar um að frumkvæði og drifkraftur sem einkennt hefur þátttöku íbúa byggðarlagsins á verktímabilinu haldi áfram í formi áframhaldandi nýsköpunar og skilvirkri eftirfylgni sveitarfélags og íbúa á þeirri framtíðarsýn og markmiðum sem sett voru fram í upphafi verkefnis. Þessar væntingar um eftirfylgni sveitarfélags hafa verið skjalfestar í samstarfssamningum við sveitarfélög vegna byggðarlaga sem hafa hafið göngu sína í Brothættum byggðum frá árinu 2022. Verkefnislýsingu Brothættra byggða má sjá [hér](#).

Alþingi samþykkti sumarið 2022 stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036. Aðgerðaáætlun byggðaáætlunar gildir frá 2022-2026 og kveður á um 44 aðgerðir, þar með talið Brothættar byggðir. Verkefnið Brothættar byggðir er orðið veigamikill þáttur í að auka viðspyrnu gegn hnignun sl. tíu ár í samfélögum sem m.a. hafa glímt við viðvarandi fólksfækkun og erfiðleika í atvinnulífi undanfarin ár. Ýmsar vísbendingar eru um að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif í þátttökubygðarlögunum til þessa. Til dæmis má nefna aukna virkni og samstöðu íbúa, auk ýmissa verkefna sem farið hafa af stað í tengslum við Brothættar byggðir bæði með og án verkefnastyrkja úr Frumkvæðissjóðum Brothættra byggða.

Byggðastofnun lét framkvæma áhrifamat á verkefninu Brothættar byggðir á árinu 2023. Samningur var gerður við KPMG vegna áhrifamatsins sem stóð yfir frá mars til október 2023. Niðurstöður áhrifamatsins voru kynntar á afmælistálfingi Brothættra byggða sem haldið var á Raufarhöfn 5. október 2023. Í áhrifamatinu fólst að greina stöðu á verkefninu í heild, þ.m.t. áhrif verkefnisins á þau fjórtán byggðarlög sem hafa tekið þátt í byggðapróunarverkefninu til þessa. Nánar er fjallað um matið í kafla átta. Niðurstöður áhrifamatsins má sjá [hér](#).

Í lok árs 2023 var könnun um viðhorf þeirra sem höfðu hlotið styrk(i) í Brothættum byggðum árin 2020-2023 lögð fyrir. Alls var könnunin send á 174 netföng tengd styrkhöfum í sjö byggðarlögum. Þátttaka var framfar vonum og 102 svör bárust. Niðurstöðurnar eru fróðlegar og ekki síst er áhugavert og um leið ánægjulegt að sjá hversu hátt skor verkefnisstjórar fá fyrir sinn hlut að málum. Umfjöllun um niðurstöðurnar má sjá [hér](#) en einnig í sjöunda kafla þessarar skýrslu.

Blásið var til sóknar og skapaður vettvangur þar sem hagaðilar í Brothættum byggðum komu saman og fóru yfir árangur og stöðu byggðarlaga sem tekið hafa þátt í verkefninu frá upphafi. Tilefnið var að rúmur áratugur er liðinn frá því að verkefnið hóf göngu sína á Raufarhöfn og því þótti við hæfi að bjóða til afmælistálfings einmitt þar sem verkefninu var ýtt úr vör. Málþingið var mjög vel sótt og komu gestir að úr öllum landshlutum. Málþingið varpaði ljósi á stöðu verkefnisins á breiðum grunni og er gott veganesti í áætlanagerð og ákvarðanatöku um næstu skref í verkefninu Brothættar byggðir. Nánari umfjöllun um málþingið má sjá í níunda kafla skýrslunnar.

Í þessari skýrslu verður greint frá framvindu verkefna í Brothættum byggðum í hverju þáttökubbyggðarlagi fyrir sig árið 2023. Einkum verður stuðst við gögn úr ársskýrslum verkefnisstjórnanna. Jafnframt verður reynt að varpa ljósi á stöðu verkefnisins í heild.

Myndir í skýrslunni tók Kristján Þ. Halldórsson

Mynd á forsíðu: Vetrarstilla á Hólmavík

1. MEGINNIÐURSTÖÐUR 2023



Frá afmælistálfingi á Raufarhöfn í október 2023

Á árinu 2023 var Byggðastofnun aðili að fimm verkefnum undir merkjum Brothættra byggða. Þau eru:

Áfram Árneshreppur	Betri Bakkafjörður
Sterkar Strandir	Sterkur Stöðvarfjörður
DalaAuður	

Í hverju verkefni starfar verkefnisstjóri. Landshlutasamtök og/eða atvinnuþróunarfélög hafa ráðið verkefnisstjórana til starfa en notið fjárhagslegs stuðnings verkefnisins Brothættra byggða til þess.

Veittir voru styrkir í byggðarlögum, alls að upphæð 43,8 m.kr., auk fjármuna til endurúthlutunar, samtals 48,55 m.kr. á árinu 2023. Alls voru veittir styrkir til 72 verkefna. Nánari upplýsingar um styrki er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar, sjá [hér](#). Frá árinu 2022 hefur verið tekið tillit til fjölda íbúa þegar ákvörðun hefur verið tekin um heildarstyrkfé í frumkvæðissjóðum þáttökubyggðarlaganna. Ákveðin grunnupphæð hefur verið til úthlutunar í hverju byggðarlagi en fjölmenn byggðarlög hafa fengið aukaframlög til viðbótar grunnupphæðinni. Grunnfjárhæðin hefur verið sjö milljónir króna undanfarin ár.

Í mars 2023 heimsótti stjórn Byggðastofnunar Borgarfjörð eystri og hélt stjórnarfund í Félagsheimilinu Fjarðarborg. Við sama tilefni var haldinn fundur í fyrrum verkefnisstjórn Betri Borgarfjarðar og gafst fulltrúum verkefnisstjórnar og stjórn Byggðastofnunar tækifæri til að hittast og fara yfir málefni byggðarlagsins og framvindu verkefnisins eftir að Byggðastofnun dró sig í hlé. Auk þess voru frumkvöðlar sóttir heim og þeir kynntu starfsemi sína. Afar fróðlegt var að sjá hvað áunnist hefur á Borgarfirði eystri frá því að verkefnið hófst þar á árinu 2018.

Áfram Árneshreppur

Áhersla var lögð á framgang og framvindu í samgöngumálum, orkumálum og í fjarskiptamálum í Árneshreppi á árinu 2023. Áfram var veitt vetrarþjónusta á tímabilinu janúar til mars og mokað er tvisvar í viku til Norðurfjarðar þegar aðstæður og veður leyfa. Á árinu 2023 var haldið áfram framkvæmdum við ljósleiðaralagningu með stuðningi Fjarskiptasjóðs og lagningu þriggja fasa rafstrengs í jörðu af hálfu Orkubús Vestfjarða. Vonir standa til þess að framkvæmdum verði haldið áfram með vorinu 2024 og klárað að þrífasa og tengja ljósleiðara á staði sem eftir eru.

Fjölbreytt frumkvæðisverkefni voru styrkt á árinu sem stuðla öll að eflingu byggðarlagsins með einum eða öðrum hætti. Það má því segja að mikill og góður meðbyr hafi verið með framþróun í Árneshreppi á árinu 2023 og skref stigin í átt til þess að tryggja skilyrði fyrir heilsárs búsetu í byggðarlaginu. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitti styrk til að bæta aðgengi og öryggi ferðamanna við höfnina í Norðurfirði. Framkvæmdir stóðu yfir á árinu og vonir standa til að þeim ljúki vor eða snemmsumars 2024. Stjórn Byggðastofnunar ákvað undir lok árs 2022 að framlengja verkefnið enn um eitt ár, til loka árs 2023, með það fyrir augum að aðstoða íbúa við að nýta sem best tækifæri sem bættir innviðir ættu að hafa í för með sér. Gert er ráð fyrir að síðasti íbúafundurinn með aðkomu Byggðastofnunar verði haldinn í Árneshreppi í júní 2024.

Betri Bakkafjörður

Verkefnið Betri Bakkafjörður hóf þátttöku sína í verkefninu Brothættar byggðir á fyrri hluta árs 2019. Skilgreind var verkefnisáætlun í upphafi og hún hefur legið til grundvallar öllu starfi í verkefninu. Nokkuð hefur ræst úr atvinnumálum og þjónusta verið aukin í byggðarlaginu, einkum við ferðamenn. Ýmislegt sem unnið hefur verið að á verkefnistímanum hefur haft jákvæð áhrif á samfélag og búsetuskilyrði í byggðarlaginu. Uppbygging á Hafnartanganum upp af gömlu höfninni er eitt af þeim verkefnum og nýr útsýnispallur var vígður á árinu 2022. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur borið hitann og þungann af fjármögnun þess verkefnis. Þá hafa íbúar og fyrirtæki gert átak í umhirðu húsa og umhverfis, auk þess að starfa að fleiri frumkvæðisverkefnum. Samgöngur hafa lagast verulega með bundnu slitlagi á Langanesströnd (við Bakkafjörð) og vantar nú aðeins uppbyggingu og slitlag á vegi yfir Brekknaheiði til að tengja byggðakjarnana í Langanesbyggð saman. Bættar vegasamgöngur hafa skipt miklu máli fyrir sveitarfélagið og svæðið í heild, auk þess að treysta byggð á Norðausturhorninu.

Stjórn Bygðastofnunar samþykkti síðla árs 2023 að framlengja verkefnið Betri Bakkafjörð um eitt ár, til loka árs 2024 í kjölfar beiðni frá Langanesbyggð og íbúum þar að lútandi. Við þessi tímamót ákvað verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar að hverfa til annarra verkefna hjá SSNE og gengið var frá ráðningu nýs verkefnisstjóra og verður það starf í tengslum við Kistuna, nýstofnað atvinnu- og nýsköpunarsetur í Langanesbyggð. Gunnari Má Gunnarssyni, fráfaraandi verkefnisstjóra eru þökkuð afar farsæl störf í þágu byggðarinnar við Bakkaflóa á vettvangi Betri Bakkafjarðar og Romi Schmitz boðin velkomin til starfa.

Sterkar Strandir

Verkefnið hófst formlega með íbúafundi í júní 2020. Heimsfaraldur setti mark sitt á verkefnið fyrstu tvö árin en aukinn kraftur færðist í verkefnið eftir því sem faraldur fjaraði út. Fjölmargir hafa farið af stað með frumkvæðisverkefni og hlotið til þess stuðning úr Frumkvæðissjóði Sterkra Stranda og gróska er mikil. Sérstaklega má nefna kraftmikla uppbyggingu í Galdri brugghúsi, en þar var opnuð bruggverksmiðja undir lok ársins 2022.

Á miðju ári 2023 var tilkynnt um lokun kjölfestuvinnustaðar í byggðarlaginu, rækjuvinnslunnar Hólmadrangs. Fjöldi einstaklinga missti atvinnu sína við lokunina og því var þetta reiðarslag fyrir samfélagið. Stofnaður var starfshópur í samstarfi þingmanna kjördæmisins, Vestfjarðastofu og Strandabyggðar og hefur hópurinn unnið að tillögum um viðbrögð í þágu samfélagsins í Strandabyggð. Enn fremur sótti Strandabyggð um framlengingu á verkefninu um eitt ár og síðla árs 2023 samþykkti stjórn Bygðastofnunar að verða við þeirri bön og framlengja verkefnið til loka árs 2024. Það hefur á hinn bóginn sett mark sitt á verkefnið að ósætti er enn í samfélaginu og telja má líklegt að það hafi hamlað árangri.

Sterkur Stöðvarfjörður

Verkefnið hófst formlega með íbúafundi í mars 2022 og fjölmenntu íbúar á þingið. Vinnu að hinum ýmsu markmiðum miðar vel og í þó nokkrum tilvikum hafa markmið þegar náðst. Stöðfirðingar hafa nýtt sér verkfæri Brothættra byggða af miklum krafti. Styrkjum var úthlutað til frumkvæðisverkefna á seinni hluta árs 2022 og svo aftur þann 19. apríl vegna ársins 2023. Þá fengu 17 verkefni styrk, alls að upphæð 7,2 m.kr. Verkefnin eru fjölbreytt, allt frá fornleifarannsóknum til viðburðahalds af ýmsu tagi. Þá hafa fyrirtæki og félagahópar nýtt sér stuðninginn og sótt í aðra og stærri sjóði með ágætum árangri.

Lifnað hefur yfir atvinnustarfsemi í byggðarlaginu og tvö ný fyrirtæki stofnuð á árinu. Annars vegar Smíðafyrirtækið Steðjistf ehf. sem er smíðafyrirtæki sem sérhæfir sig í smíðum á innréttingum og gluggum en hefur jafnframt hug á frekari vexti og hinsvegar fyrirtækið Brauðdagur sem sérhæfir sig í heimsendingum á súrdeigsbrauðum ásamt fleira

góðgæti. Mikil gróska er einnig í Sköpunarmiðstöðinni og hjá þeim fyrirtækjum sem þar hafa aðsetur. Í því samhengi má t.d. nefna Kaffibrennsluna Kvörn og svo undirbúning að vottuðu iðnaðareldhúsi sem hefur hlotið heitið Fræ, Sköpunareldhús. Það sem helst stendur íbúum fyrir þrifum er að engin dagvöruverslun er starfrækt á Stöðvarfirði frá því að Brekkan var seld og er það mikill missir fyrir íbúa. Vonir standa til að úr rætist hvað verslun varðar.

DalaAuður

Verkefnið hófst formlega með íbúafundi í mars 2022. Var íbúapingið eitt það fjölmennasta í Brothættum byggða frá upphafi, enda er Dalabyggð öflugt samfélag og það fjölmennasta af þáttökubyggðarlögum í Brothættum byggðum til þessa.

Á seinni hluta árs 2022 var úthlutað styrkjum til 21 frumkvæðisverkefnis og síðan á ný á fyrri hluta árs 2023. Þá var styrkjum úthlutað til 21 verkefnis, alls að upphæð 12.250 þúsund krónur. Því er óhætt að segja að Dalamenn nýti sér verkfæri DalaAuðs af miklum krafti. Einnig er eftirtektarvert og til fyrirmyndar hvernig Dalabyggð hefur tekist að samtvinna áherslur íbúa í DalaAuði og verkefni sveitarfélagsins eftir því sem tók eru á.

Mikil gróska hefur einkennt verkefnið þessi fyrstu tvö ár DalaAuðs og lofar það sannarlega góðu um framhaldið. Þess má einnig geta að verkefnisstjóri DalaAuðs hefur unnið þétt með sveitarfélaginu að ýmsum framfaramálum og hefur tekist að laða að samfélaginu fjármuni úr öðrum sjóðum til ýmissa framfaraverkefna s.s. úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands og C.1. á byggðaáætlun, sértækum verkefnum sóknaráætlanasvæða.



Verkefnisstjóri og hluti fulltrúa í verkefnisstjórn Áfram Árneshrepps skoða skilti á Eyri við Ingólfsfjörð

2. MARKMIÐ OG TILGANGUR

Aðalmarkmið verkefnisins Brothættra byggða er **að spornað verði við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum**. Undirmarkmið verkefnisins eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldersdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsörðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Svo sem sjá má á undirmarkmiðunum er lykilatriði að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra hagaðila.



Frá íbúafundi í Árneshreppi 2023

3. VERKEFNISLÝSING

Verkefnið er framkvæmt í fjórum áföngum: undirbúningi, íbúáþingi og mótun verkefnisáætlunar, framkvæmdaáfanganna og lokaáfanganna verkefnis. Verkefnið byggir á samtali og samstarfi við íbúa í þátttökubýggðarlögunum. Einnig á valdeflingu samfélagsins með því að ýta undir áhuga íbúa og samstöðu varðandi framfaramál í samfélaginu. Hlutverk Byggðastofnunar í verkefninu er að efla samstöðu hagsmunaaðila, að stjórnvöldum meðtöldum, um að vinna að framfaramálum er varða hvert byggðarlag. Enn fremur að veita verkefnisstyrki til frumkvæðisverkefna í byggðarlögunum. Verkefnislýsinguna í heild má sjá á vef Byggðastofnunar, [hér](#).

Verkefnið hlýtur nýtt heiti í hverju byggðarlagi fyrir sig og í flestum tilvikum hafa íbúarnir sjálfir valið heitin með tillögum og atkvæðagreiðslu um þær. Heitin bera í sér bjartsýni og kjark, sem vegur upp á móti brothættu heiti heildarverkefnisins.

Byggðastofnun hefur um það ákveðnar væntingar að byggðarlög sem lokið hafa formlegri þátttöku í verkefninu njóti áframhaldandi athygli og stuðnings stjórnvalda næstu ár þar á eftir. Einnig að verklagið nýtist íbúum og viðkomandi sveitarfélögum og landshlutasamtökum í áframhaldandi vinnu að framfaramálum byggðarlagsins. Frá árinu 2022 hefur í samningum um verkefnið Brothættar byggðir í nýjum byggðarlögum verið leitast við að skýra betur ábyrgð sveitarfélaga og landshlutasamtaka á eftirfylgni verkefnisins eftir að Byggðastofnun lýkur sinni aðkomu. Með því er ætlunin að unnt verði að festa árangur verkefnisins í sessi og skapa aðstæður til frekari framfara.

Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn er sett á fót í hverju þátttökubýggðarlagi. Í henni eiga sæti fulltrúar Byggðastofnunar, viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka ásamt fulltrúum íbúa sem að jafnaði eru tveir. Dæmi eru þó um fleiri fulltrúa íbúa. Verkefnisstjórn fundar reglubundið og oftast er notast við fjarfundarformið. Að lágmarki er þó fundað einu sinni á ári í þátttökubýggðarlagi og þá oft í tengslum við íbúafund. Eitt mikilvægasta hlutverk verkefnisstjórnar



Verkefnisstjórn Sterkra Stranda í Galdri Brugghúsi



Verkefnisstjórn DalaAuðs ásamt verkefnisstjóra



Frá íbúapingi í Dalabyggð 2022



Íbúafundur í Grímsey

Í hverju þátttökubýggðarlagi er að móta verkefnisáætlun og tryggja að henni sé fylgt, auk þess að leitast við að kynna verkefnið sem best á hverjum tíma. Ekki síst er verkefnisstjórnin bakhjarl verkefnisstjórans við framkvæmd verkefnisins.

Verkefnisstjóri

Í hverju byggðarlagi er starfandi verkefnisstjóri, ýmist í hlutastarfi eða fullu starfi, eftir því sem aðstæður bjóða upp á og samkomulag er um. Verkefnisstjóri starfar í umboði verkefnisstjórnar og helstu verkefni eru að stuðla að þátttöku íbúa, leiða samstarf við sveitarfélag, fylgja eftir vinnu við markmið verkefnisáætlunar, undirbúa úthlutun styrkja til frumkvæðisverkefna og aðstoða frumkvöðla í þeirra verkefnum eftir föngum, þar með talið að undirbúa umsóknir. Enn fremur að stuðla að framförum með öðrum hætti eftir því tækifæri gefast til. Verkefnisstjóri skilar framvinduskýrslu um verkefnið árlega til Byggðastofnunar.

Íbúaping

Í upphafi nýs verkefnis er haldið tveggja daga íbúaping þar sem staða byggðarinnar er rædd og leitað leiða til umbóta. Á íbúapinginu leggja íbúarnir sjálfir til umræðuefni og raða viðfangsefnum eftir mikilvægi. Umsjón íbúapinga hefur verið í höndum ráðgjafafyrirtækisins Ildis og verkefnisstjórnar ásamt verkefnisstjórnunum í hverju þátttökubýggðarlagi. Stefnunótun með framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðarlagið byggir annars vegar á niðurstöðum íbúapings og hins vegar á sérstakri stöðugreiningu sem unnin er fyrir byggðarlagið af verkefnisstjóra og verkefnisstjórn. Stefnunótunin/ verkefnisáætlunin er kynnt og rædd á íbúafundi og

borin upp til samþykktar. Hvert meginmarkmið sem sameinast hefur verið um er brotið niður í fjölmörg mælanleg starfsmarkmið sem unnið er að á verkefnistímanum.

Íbúafundir

Íbúafundir eru haldnir árlega þar sem farið er yfir stöðu verkefnisins og skapaður umræðuvettvangur um framvindu starfsmarkmiða og einstaka verkefna. Þess er gætt að íbúar séu upplýstir um hvernig skilaboð íbúapingsins í upphafi eru höfð til hliðsjónar og hvernig málefnum er fylgt eftir. Verkefnisstjórn hefur m.a. því hlutverki að gegna að kynna áherslur íbúa í hverju þáttökubyggðarlagi fyrir ríkisvaldi og stofnunum.



Verkefnisstjórn kynnr sér íþróttaaðstöðu á Stöðvarfirði

Frumkvæðisstyrkir

Á hverju ári er frumkvæðisstyrkjum úthlutað til hvers þáttökubyggðarlags. Byggðastofnun hefur gefið út leiðbeiningar vegna úthlutunar styrkja í viðauka við verkefnislýsingu, sjá [hér](#). Verkefnisstjórn ber ábyrgð á úthlutun styrkja til verkefna í hverju byggðarlagi. Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri annast úthlutun styrkja og sú niðurstaða er endanleg hverju sinni.

Styrkir á árinu 2023 voru samkvæmt fjárhagsáætlun samtals sjö milljónir króna fyrir hvert þáttökubyggðarlag. Að auki var tekið tillit til íbúafjölda í byggðarlögunum með þeim hætti að fjölmennustu byggðarlögin fengu viðbótarframlag svo sem verið hafði árið áður. Ákvörðunin var tekin í því ljósi að með tilkomu Dalabyggðar í verkefnið var munur á íbúafjölda orðinn verulegur og því mjög misjafnt gefið miðað við heildarstyrk deilt með fjölda íbúa. Samkvæmt þessu var úthlutað sjö m.kr. í Árneshreppi, Bakkafirði og Stöðvarfirði, 10,5 m.kr. í Strandabyggð og 12,25 m.kr. í Dalabyggð. Samtals voru því til ráðstöfunar 43,75 milljónir króna í styrki í byggðarlögunum sjö en að auki 4,8 m.k. vegna endurúthlutunar fjármuna sem ekki höfðu nýst á fyrri árum. Dæmi eru um að verkefni hafi fallið niður og styrkjum skilað, sú upphæð bætist þá við styrkjaúthlutun næsta árs í því byggðarlagi sem við á. Alls var því úthlutað 48,55 m.kr. á árinu 2023.

Fullyrða má að styrkir hafi haft hvetjandi áhrif í samfélögunum. Mörg verkefni hafa ýmist sótt í sig veðrið, eða jafnvel hafist í kjölfar styrkumsóknar. Yfirlit yfir styrkt verkefni má sjá í umfjöllun í köflum um einstök byggðarlög.

4. ÞÁTTTÖKUBYGGÐARLÖG

Alls hafa fjórtán byggðarlög tekið þátt í verkefninu Brothættar byggðir frá því að það hóf göngu sína árið 2012. Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir þátttökubyggðarlögin, heiti verkefna og stöðu hvers verkefnis:

Byggðarlag	Heiti verkefnis	Staða
Raufarhöfn	Raufarhöfn og framtíðin	Hefur lokið þátttöku
Breiðdalur	Breiðdælingar móta framtíðina	Hefur lokið þátttöku
Skaftárhreppur	Skaftárhreppur til framtíðar	Hefur lokið þátttöku
Bíldudalur	Bíldudalur – samtal um framtíðina	Hefur lokið þátttöku
Hrísey	Hrísey – perla Eyjafjarðar	Hefur lokið þátttöku
Öxarfjarðarhérað	Öxarfjörður í sókn	Hefur lokið þátttöku
Grímsey ¹	Glæðum Grímsey	Hefur lokið þátttöku
Árneshreppur ²	Áfram Árneshreppur	Framkvæmdaáfangi
Þingeyri og dreifbýli við Dýrafjörð	Öll vötn til Dýrafjarðar	Hefur lokið þátttöku
Borgarfjörður eystri	Betri Borgarfjörður	Hefur lokið þátttöku
Bakkafjörður	Betri Bakkafjörður	Framkvæmdaáfangi
Strandabyggð	Sterkar Strandir	Framkvæmdaáfangi
Stöðvarfjörður	Sterkur Stöðvarfjörður	Framkvæmdaáfangi
Dalabyggð	DalaAuður	Framkvæmdaáfangi

1) Ríkisstjórn samþykkti í apríl 2021 að leggja til að verkefnið yrði framlengt til loka árs 2022.

2) Ríkisstjórn samþykkti í apríl 2021 að leggja til að verkefnið yrði framlengt til loka árs 2022. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti í nóv. 2022 framlengingu á ÁÁH til loka árs 2023.



Á árinu 2023 voru samtals fimm byggðarlög þátttakendur í verkefninu og verða hverju þeirra gerð skil hér á eftir.

ÁFRAM ÁRNESHREPPUR

Verkefnið Áfram Árneshreppur hóf göngu sína árið 2017 og er nú í lokaáfangi Brothættra byggða eftir að hafa verið framlengt út árið 2023. Íbúaping var

haldið í júní 2017, þar settu íbúar fram markmið og áætlun var gerð um fyrstu skref í verkefninu. Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn hafa unnið eftir þeirri verkefnisáætlun í höfuðdráttum en jafnframt brugðist við aðstæðum sem upp hafa komið jafnóðum. Íbúum hafði fækkað jafnt og þétt í Árneshreppi. Íbúafjöldinn varð mestur á stríðsárunum, þá bjuggu á sjötta hundrað í hreppnum. Nú eru þar 53 einstaklingar með lögheimili m.v. 1. janúar 2024, álíka margir og á árunum 2010-2016. Á verkefnistíma Áfram Árneshreppur fækkaði íbúum nokkuð en síðustu tvö ár hefur íbúum heldur fjölgað. Nánari umfjöllun um breytingar á íbúafjölda má sjá í kafla fimm. Í tvígang hefur verið samþykkt að framlengja verkefnistíma Áfram Árneshrepps þannig að verkefnið hefur staðið yfir samtals í sex ár.

Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri Áfram Árneshrepps er Skúli Gautason. Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Arinbjörn Bernharðsson, fulltrúi íbúa, formaður stjórnar

Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps

Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga

Magnea Garðarsdóttir, fulltrúi Vestfjarðastofu

Kristmundur Kristmundsson, fulltrúi íbúa

Davíð Már Bjarnason, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun



Í Norðurfirði

Meginmarkmið Áfram Árneshrepps

- Traustur landbúnaður og sjávarútvegur
- Einstakt menningarlandslag og náttúra
- Öflugir innviðir
- Samheldið samfélag

Undir hverju meginmarkmiði eru skilgreind mælanleg starfsmarkmið, sjá verkefnisáætlun [hér](#).

Í viðauka I má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2023.

Styrkt verkefni

Auglýst var eftir styrkumsóknum í janúar 2023. Alls bárust níu umsóknir um styrki. Alls voru til úthlutunar 10.600.000 kr., styrkupp hæðin samanstóð af grunnframlagi í Frumkvæðissjóð ÁÁH (7.000.000 kr.) auk þess sem þrjár styrkþegar frá síðasta ári afþökkuðu styrki og þeim fjármunum því bætt við úthlutunarfé 2023. Heildarfjárhæð styrkumsókna

nam 30.980.000 kr. og heildarkostnaður verkefna nam 73.225.000 kr. Verkefnisstjórn samþykkti að veita styrki til sex verkefna. Sjá má yfirlit yfir styrkt verkefni í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Bergistangi	Bergistangi ehf.	Innrétting á stúdíóíbúð með hjólastóla-agengi í húsi sem áður var frystihús, til útleigu fyrir ferðamenn. Viðbót við gistirými hjá Gistiheimilinu Bergistanga.	1.000.000
Baskasetur Íslands	Baskasetur	Uppbygging Baskaseturs en því er ætlað að vera miðstöð skapandi sjálfbærni í tengslum við breytta heimsmynd.	1.000.000
Hjólaleiðir- hönnun	Tyler Wacker	Hönnun tíu nýrra hjólaleiða og markaðssetning á þeim.	200.000
Backcountry ski	Lynnee Jacks	Skoðun og skrásetning á fjallaskíðaleiðum í Árneshreppi. Stutt heimildarmynd um ferlið.	200.000
Kjötvinnsla	Davíð Már Bjarnason og Sigrún Sverrisdóttir	Undirbúningur og uppbygging á kjötvinnslu í Árneshreppi. Uppsetning á vottaðri vinnslu-aðstöðu með kæli- og frystiklefa. Þróun verkefnis og stofnun félags um það.	7.200.000
Litla Ávík	Davíð Már Bjarnason og Sigrún Sverrisdóttir	Uppbygging sauðfjárbúskapar, endurnýjun tækjabúnaðar.	1.000.000
			Samtals kr. 10.800.000

Fundir

Verkefnisstjórn hélt átta fundi á árinu, 11. janúar, 24. janúar, 24. febrúar, 28. júní, 9. ágúst, 14. ágúst, 23. nóvember og 13. desember. Auk þess fundaði undirbúningshópur vegna styrkveitinga Áfram Árneshrepps 22. febrúar, en úthlutun fór fram rafrænt 24. febrúar. Verkefnisstjóri átti auk þess fundi með Framtíðarnefnd Árneshrepps 14. ágúst og 12. desember. Hann átti og fund með fulltrúum Byggðastofnunar á Hól mavík 13. nóvember og fund með Vegagerðinni í Árneshreppi 11. október. Verkefnisstjóri tók að auki þátt í ráðstefnu Baskavinafélags Íslands í Basketrinu í Djúpvík 23. ágúst, tók þátt í rýnivinnu KPMG og sótti 10 ára afmælisráðstefnu Brothættra byggða á Raufarhöfn 5. október. Tveir íbúafundir voru haldnir, 24. janúar á fjarfundi og í félagsheimilinu í Trékyllisvík 16. ágúst. Samtals mættu 33 manns á fjarfundinn en 24 á fundinn í félagsheimilinu.

Auk þessara funda hafa verið haldnir mánaðarlegir fjarfundir með öðrum verkefnisstjórum Brothættra byggða um land allt.

Úr ársskýrslu verkefnisstjóra Áfram Árneshrepps

Á íbúafundi um stöðu verkefnisins 2020 var samþykkt veruleg áherslubreyting. Í henni fólst að verkefnisstjórn skyldi einbeita sér að því að styrkja innviði í sveitarfélaginu, samgöngumálum, orkumálum og fjarskiptamálum. Einnig þyrfti að vinna að styrkingu sjávarútvegs og auðvelda nýliðun í landbúnaði. Eftir þessari samþykkt hefur verkefnisstjórn unnið síðan. Innviðauppbýgging í sveitarfélaginu skyldi hafa algjöran forgang.

Á árinu 2023 var haldið áfram framkvæmdum við ljósleiðaralagningu með stuðningi Fjarskiptasjóðs og lagningu þriggja fasa rafstrengs í jörðu af hálfu Orkubús Vestfjarða. Framkvæmdir hófust ansi seint og því varð framkvæmdatíminn á árinu stuttur, en fyrir áramót náðist að leggja ljósleiðara frá Melum fyrir Urðirnar í Norðurfjörð og að Munaðarnesi við Ingólfsfjörð. Vonir standa til þess að haldið verði áfram með vorinu og klárað að þrífasa og tengja ljósleiðara að Krossneslaug og alla leið út að Felli og vonandi líka að Eyri við Ingólfsfjörð.

Farið var á fulla ferð með endurbætur á Norðurfjarðarhöfn, en það verkefni er unnið með styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Þar hefur verið gerður útsýnispallur, öll aðstaða fyrir ferðamenn stórbætt og öryggi þeirra aukið. Framkvæmdum við höfnina lýkur vonandi áður en ferðamannatímabilið hefst fyrir alvöru um miðjan júní 2024.

Tilraunaverkefni með snjómoksturverður haldið áfram og verður mokað tvisvar í viku yfir Veiðileysuháls og Kjörvogshlíð þegar aðstæður leyfa. Vonir standa til þess að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera en það hefur þó ekki fengist staðfest.

Það er áriðandi að verkefnið Brothættar byggðir fái breiðari stuðning í stjórnkerfinu en nú er. Byggðamál eru í eðli sínu



Naustvíkurskörð og Kjörvogshlíð norðan Reykjarfjarðar

Þverpólitísk og eiga í raun heima í öllum ráðuneytum. Það er jákvætt að starfandi sé stýrihópur sem er skipaður fólki víðsvegar að úr stjórnkerfinu, en betur má ef duga skal. Þannig þyrftu brothættar byggðir helst að eiga talsmann inni í hverju ráðuneyti eða á einhvern hátt eiga auðveldari aðgang að stjórnsýslunni.


Árneshreppur er svo sannarlega brothætt byggð, enda hefur verkefnið verið tvíframlengt. Verkefnistíminn varð í heildina sex ár, jafnvel rúmlega það séu undirbúningsfundir og frágangur talinn með. Verkefnisstjóri telur reyndar að ástandið á Árneshreppi sé þannig að hann þyrfti að vera í Brothættum byggðum um allnokkurt skeið enn, jafnvel varanlega.

Við lok verkefnisins lítur verkefnisstjóri til baka með þakklæti. Það eru forréttindi að hafa fengið að koma svo oft á þetta svæði sem verkefnisstjóri telur eitthvert það fegursta og magnaðasta á landinu, en fyrst og síðast er hann þakklátur fyrir að hafa fengið að kynna því góða fólki í Árneshreppi sem nánast allt hefur tekið verkefnisstjóra og verkefninu opnum örmum. Þar er dugandi og áhugavert fólk með bein í nefinu sem er vant því að bjarga sér án þess að vera með barlóm eða væl og tekst á við hlutina eins og þeir eru. Verkefnisstjóri óskar íbúum Árneshrepps alls hins besta og vonar að byggð dafni þar um ókomin ár. Hann vill í sömu andrá þakka samstarfsfólki í verkefnisstjórninni afskaplega markvissa og farsæla samvinnu.

BETRI BAKKAFJÖRÐUR

Verkefnið Betri Bakkafjörður hófst snemma árs 2019 í samræmi við tillögu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni Bakkafjarðar. Á þessum tíma þótti ljóst að byggðin þyrfti á verulegum stuðningi að halda frá ríki og sveitarfélagi til að geta staðið af sér frekari áföll. Í mars sama ár var haldið íbúáþing sem var vel sótt. Þar voru helstu hugðarefni íbúa rædd og var áberandi að íbúar af erlendu bergi brotnir voru duglegir að mæta og taka þátt í umræðum. Mikið hafði verið lagt upp úr að kynna verkefnið á meðal íbúa á erlendum tungumálum enda fjölmenningsamfélag á Bakkafirði. Verkefnið var í framkvæmdaáfanga Brothættra byggða á árinu 2023. Langanesbyggð óskaði eftir framlengingu á verkefninu um eitt ár, til loka árs 2024. Stjórn Byggðastofnunar ákvað að samþykkja erindið og því mun Byggðastofnun ekki draga sig í hlé úr verkefninu fyrr en um áramót 2024-2025.

Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).



Gunnólfsvíkurfjall

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar er Gunnar Már Gunnarsson. Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Björn S. Lárusson, sveitarstjóri Langanesbyggðar

Sigurður Guðmundsson, oddviti Langanesbyggðar

Hildur Halldórsdóttir, SSNE

Mariusz Mozejko, fulltrúi íbúa

Gunnlaugur Steinarsson, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Meginmarkmið

- Sterkir samfélagsinnviðir
- Öflugt atvinnulíf
- Aðlaðandi ímynd Bakkafjarðar
- Skapandi mannlíf

Undir hverju meginmarkmiði eru skilgreind mælanleg starfsmarkmið, sjá nánar í verkefnisáætlun, [hér](#).

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka II má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2023.

Styrkt verkefni

Á árinu 2023 var úthlutað 8.000.000 kr. úr verkefninu Betri Bakkafjörður til þrettán samfélagsefandi verkefna á Bakkafirði. Auglýst var eftir umsóknum í nóvember 2022, 24 umsóknir bárust um styrki að upphæð 49.460.650 kr. Til úthlutunar voru kr. 7.000.000 kr. sem komu í gegnum verkefnið Brothættar byggðir fyrir árið 2023, auk 1.000.000 kr. sem skilað var frá fyrri úthlutunum. Verkefnin eru fjölbreytt og munu efla ýmsa þætti samfélagsins. Verkefnin og styrkupp hæð má sjá í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Umhverfis- og öryggismál, Bjarg	Bjargvættir ehf.	Koma brunavörnum í rétt horf í menningartengdri ferðapjónustu m.a. með því að tryggja útgönguleiðir. Koma fráveitumálum í rétt horf með uppsetningu á rotþró.	950.000

Endurnýjun á Arnarbúð	Björgunarsveitin Haflíði	Hönnun og endurnýjun á húsnæði björgunarsveitarinnar, innandyra.	700.000
Sjósundskýli í Finnafirði	Reimar Sigurjónsson	Smíði sjósundsskýlis úr rekaviði í Finnafirði. Aukin aðstaða og afþreying fyrir ferðamenn á svæðinu.	950.000
Bakkafest 2023	North East Travel ehf.	Árleg hátíð á Bakkafirði sem skapar forsendur fyrir öflugustu ferðahelgi sumarsins til Bakkafjarðar. Hátíðin hefur laðað að fjölmarga gesti frá árinu 2021 þegar hún var fyrst haldin.	750.000
Grásleppan, hátíð	Bakkasystur ehf.	Skipulagning uppskeruhátíðar grásleppuvertíðar 2023. Vekja athygli á hráefni sem atvinnusaga Bakkafjarðar byggir á og blása lífi í hátíðarhöld í kringum sjómannaþag.	850.000
Skilti við Stapann	Fuglastígur á Norðausturlandi. Verkefnisstjóri Halldóra Gunnarsdóttir	Hönnun og uppsetning á fræðsluskilti við Stapann í landi Skeggjastaða.	500.000
Hafnartanginn með augum íbúa	Áhugahópur íbúa. Verkefnisstjóri Árni Bragi Njálsson	Leiða á saman íbúa og landslagsarkitekt til samvinnu um hugmyndir að hönnun og skipulagi Hafnartangans.	400.000
Frisbíggolf á Bakkafirði	Víðir Már Hermannsson	Bætt aðstaða frisbíggolfvallar með því að steypa eða byggja undirstöður.	500.000
Vetrar- markaðsáttak	North East Travel ehf.	Markaðssetning Bakkafjarðar og Langanesbyggðar sem fyrirmyndaráfangastaðar að vetri til. Gerð markaðs- og kynningarefnis á myndbandsformi.	500.000
Samspil II	Vilhjálmur Bergmann Bragason	Menningar- og skemmtidagskrá sem tengir skáldin frá Langanesströnd /Bakkafirði og annað andans fólk og lista. Framhaldsverkefni.	300.000
Stofutónleikar á Bjarmalandi	Hilma Steinarsdóttir	Stofutónleikar á eyðibýli þar sem flutt verða frumsamin lög við valin ljóð Kristjáns frá Djúpalæk en Bjarmaland stendur á sama túni og Djúpilækur.	300.000

Áslóðum skáldanna	Hilma Steinarsdóttir	Uppsetning á upplýsingaskilti um skáldið Kristján frá Djúpalæk við bæinn Djúpalæk á Langanesströndinni.	200.000
Handverk í heimahúsi	María Guðmundsdóttir	Koma upp aðstöðu þar sem hægt er að vinna handverk til sölu fyrir ferðamenn. Atvinnuskapandi verkefni sem styður við menningartengda ferðaþjónustu.	1.100.000
			Samtals kr. 8.000.000

Fundir

Verkefnisstjórn hélt fimm formlega fundi á árinu. Verkefnisstjóri hefur einnig setið fundi hverfisráðs Bakkafjarðar og þá eru haldnir reglulegir fundir starfsmanna SSNE.

Einn íbúafundur var haldinn á Bakkafirði á árinu á vegum Betri Bakkafjarðar. Nokkrir styrkþegar greindu frá fjölbreyttum frumkvæðisverkefnum. Að loknum kynningum var fundargestum skipt í hópa þar sem hófust umræður um starfsmarkmið verkefnisáætlunar Betri Bakkafjarðar og rætt hvernig viðbótarár gæti sem best nýst byggðarlaginu. Í því samhengi var einkum horft til tengsla við Kistuna og hvernig mætti festa árangurinn sem þegar hefur náðst í sessi jafnt sem að búa svo um hnútana að verkefnið verði sjálfbært eftir að Bygðastofnun dregur sig í hlé í árslok 2024.



Frá íbúafundi á Bakkafirði

Úr ársskýrslu verkefnisstjóra Betri Bakkafjarðar

Þetta ár var einstaklega viðburðarríkt og einkenndist af skapandi sóknarhug. Sjómannadagshátíðin Grásleppan var haldin í fyrsta sinn í ár og óhætt að fullyrða að hún hafi verið vel heppnuð; frábær dagskrá fyrir börn og fullorðin, leikir, tónlist, gleði og síðast en ekki síst ljúffengir grásleppuréttir! Þar fengu gestir að bragða á lokaafurðum nýsköpunarverkefnisins Grásleppugæði - sælgæti sjávar. Hátíðin var styrkt af Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar og voru það Bakkasystur ehf., björgunarsveitin Hafliði og íbúar og atvinnurekendur á svæðinu sem áttu veg og vanda að skipulagningu og framkvæmd hennar. Bæjar- og menningarhátíðin Bakkafest, sem sleit barnsskónum sumarið 2021, hófst með sérstökum forviðburði á veitingastaðnum Uss Bistro á Vopnafirði. Dagskráin hélt svo áfram út laugardag og fjölbreyttir viðburðir í boði, tónleikar, frísbílgolfmót, sápubolti og margt fleira. Þá var glænýtt sjósundskýli að Felli í Finnafirði formlega vígt og boðið upp á grillaðar pylsur af því tilefni, en verkefnið hlaut styrk bæði úr Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar og úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra fyrir á árinu. Þegar líða fór að hausti var boðið upp á einlæga og fallega stofutónleika á eyðibýlinu Bjarmalandi á Langanesströnd. Þar voru flutt frumsamin lög við ljóð Kristjáns frá Djúpalæk.



Systkinin Hilma og Gunnlaugur Steinarsbörn segja frá stofutónleikum sem voru haldnir á Bjarmalandi við Djúpalæk

Í upphafi árs fór fram úthlutun styrkja úr Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar fyrir árið 2023. Alls bárust 24 umsóknir að heildarupphæð 49 m.kr. en sjóðurinn hafði til ráðstöfunar 8 m.kr. sem úthlutað var til 13 verkefna. Auk þeirra verkefna hafa Bakkfirðingar og sveitarfélagið Langanesbyggð sótt um styrki til ýmissa uppbyggingarverkefna í aðra sjóði. Þar má nefna Fiskvinnslufyrirtækið Bjargið ehf. sem hlaut, ásamt samstarfsaðilum sínum, styrk upp á tæpar 19 m.kr. úr Matvælasjóði fyrir verkefnið Hrognkelsafengur - Hnossgæti úr sjó. Verslun á Bakkafirði fékk styrk að

upphæð 2 m.kr. á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar. Þá hlaut Langanesbyggð 6 m.kr. styrk úr Orkusjóði til innviðauppbýggingar fyrir vistvæn ökutæki, m.a. til að koma upp hleðslustöðvum á Bakkafirði. Að endingu hlutu tvö verkefni Bakkfirðinga styrk úr Uppbýggingarsjóði Norðurlands eystra að þessu sinni.

Venju samkvæmt var haldinn íbúafundur í tengslum við verkefnið Betri Bakkafjörð þar sem íbúar og velunnarar samfélagsins við Bakkaflóa fjölmenntu. Þar fór verkefnisstjóri yfir það helsta í verkefnum sem unnið hefur verið að frá síðasta íbúafundi fyrir um ári síðan. Þar var jafnframt tilkynnt að stjórn Byggðastofnunar hefði samþykkt að framlengja verkefnið Betri Bakkafjörð um eitt ár, þ.e. til ársloka 2024. Auk hefðbundinna starfa tók verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar þátt í ýmsum verkefnum til styrkingar byggðar í Bakkaflóa. Má þar nefna vinnu í tengslum við að koma á samstarfi um stofnun starfsstöðvar í náttúrurannsóknnum á Bakkafirði. Framlag til verkefnisins kom úr stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036, aðgerð C.9. Náttúruvernd til eflingar byggðapróunar. Þá var haldið málþing um eflingu byggðar á Norðausturhorninu og tengdist það þessu verkefni. Í kjölfar málþingsins skipaði Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, starfshóp sem var falið það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra um framgang mála á Langanesi, sem heyra undir málefnasvið ráðuneytisins. Verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar studdi þá vinnu og var starfshópnum innan handar um þau málefni sem heyra undir hans ábyrgðarsvið.

Það eru fjölmörg ónýtt tækifæri í ferðapjónustu í Langanesbyggð. Með beinu millilandaflugi til Akureyrar, fjölgun ferðamannastaða og vegabótum er hins vegar að skapast jarðvegur fyrir því að koma Norðausturhorninu á kortið fyrir alvöru sem áfangastað fyrir ferðamenn. Til þess þarf þó að koma saman aukin fjölbreytni í afþreyingu, þróun vörumerkja og betri skilgreining á sérstöðu svæðisins.

Mikil tækifæri felast m.a. í bættri nýtingu á grásleppu og slíkar framfarir gætu stutt mjög við heilsársvinnslu. Langanesbyggð telur mikilvægt að styðja áfram við þessa viðleitni, sem og að kannaðir séu fleiri möguleikar á sviði nýsköpunar og sjálfbærni í matvælaframleiðslu á starfssvæðinu.

Bakkfirðingar fögnuðu, sem von var, þegar stjórn Byggðastofnunar samþykkti framlengingu verkefnisins Betri Bakkafjörður um eitt ár. Sveitarfélagið Langanesbyggð hefur miklar væntingar um að hægt sé að vinna framfaramálum farsælt brautargengi með áframhaldandi aðkomu Byggðastofnunar.

Í loks árs lét Gunnar Már af störfum sem verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar og var staðan því auglýst um veturinn. Gengið var frá ráðningu nýs verkefnisstjóra í upphafi árs 2024, Romi Schmitz sem búsett er á Þórshöfn. Starfsstöð Romi verður á Bakkafirði og í Kistunni, Þórshöfn.

STERKAR STRANDIR

Undirbúningur að verkefninu hófst á árinu 2019 en formlega var því fylgt úr hlaði á íbúáþingi sem haldið var í júní 2020 þar sem íbúar komu saman og unnu að markmiðum í tveggja daga vinnubúðum. Íbúáþinginu var stýrt af Sigurborgu Kr. Hannesdóttur hjá ráðgjafafyrirtækinu Ildi. Í framhaldi íbúafundarins vann verkefnisstjórn stöðugreiningu á svæðinu þar sem tekið var tillit til íbúapróunar, atvinnuþátta og atvinnuþróunar auk sérstöðu byggðarlagsins. Niðurstöður íbúáþingsins, stöðugreiningin auk annarra greininga sem lágu fyrir um svæðið voru notaðar til að móta framtíðarsýn og markmið sem lögð voru fyrir íbúa til samþykktar á rafrænum íbúafundi þann 12. nóvember 2020. Markmið verkefnisins eru birt í verkefnisáætlun Sterkra Stranda sem er í raun stefnuskjal og leiðarljósið í allri framvindu verkefnisins. Því miður hefur ósætti sem tengist deilum sveitarstjóra og sveitarstjórnar á síðasta kjörtímabili sett lit sinn á verkefnið undanfarin misseri og mjög brýnt að þau mál verði leidd til lykta.

Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri verkefnisins Sterkar Strandir er Sigurður Líndal Þórisson. Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Sigríður Jónsdóttir, fulltrúi Strandabyggðar

Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga

Magnea Garðarsdóttir, fulltrúi Vestfjarðastofu

Esther Ösp Valdimarsdóttir, fulltrúi íbúa

Guðrún Ásla Atladóttir, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Meginmarkmið:

- Sterkir innviðir og öflug þjónusta
- Stígandi í atvinnulífi
- Stolt og sjálfbært samfélag

Undir hverju meginmarkmiði eru skilgreind mælanleg starfsmarkmið, sjá nánar í verkefnisáætlun, [hér](#).

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka III má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2023.

Styrkt verkefni

Auglýst var eftir umsóknum í janúar 2023. Til úthlutunar voru að þessu sinni 10.500.000 kr. Alls bárust 24 umsóknir um styrki. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam 43.658.388 kr. Fjöldi góðra umsókna barst en ekki var hægt að úthluta styrkfé til allra verkefna að þessu sinni þar sem heildarupphæð umsókna var mun hærri en það fé sem til úthlutunar var.

Verkefnisstjórn Sterkra Stranda samþykkti styrkveitingu til 15 verkefna. Vanhæfnisreglna var gætt í hvívetna í ferlinu öllu. Verkefnin og styrkupphæð má sjá í eftirfarandi töflu:


Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupphæð
Endurhönnun á galdrasýningu	Strandagaldur ses.	Endurhönnun Galdrasýningar, áfangaskipt. Fyrsti fasi felst í endurhönnun á inngangi sýningarinnar til að auka jákvæða upplifun gesta.	1.000.000
Tónfræði.is 2. þrep	Christina van Deventer og Bragi Þór Valsson	Hönnun gagnvirkra tónfræði-, tónheyrnar- og tónlistarsöguverkefna sem verða aðgengileg á vefnum tonfraedi.is	400.000
Leiklistarnámskeið fyrir börn	Leikfélag Hólmavíkur	Aukið framboð á námsframboði fyrir börn á aldrinum 6-10 ára í leiklist sem eflir þroska og færni barna alhliða.	450.000
Myndskreyting barnabókarinnar Jax	Christina van Deventer	Myndskreyting barnabókar um Jax.	250.000
Ný framleiðslulína	Galdur Bruggús ehf.	Búnaður til að hefja átöppun á dósir auk búnaðar til að setja öl á kúta.	2.300.000
Viðburðadagskrá Sauðfjársetursins 2023	Sauðfjársetur á Ströndum ses.	Hönnun viðburðadagskrár Sauðfjársetursins sem inniheldur 45 viðburði á árinu 2023.	400.000
Vottað og viðurkennt framleiðslueldhús Sauðfjársetrið	Sauðfjársetur á Ströndum ses.	Styrkur til að setja upp vottað framleiðslueldhús í Sævangi. Aðstaðan verður m.a. opin fyrir aðila á svæðinu til framleiðslu matvara.	400.000

Fótaaðgerðastofa	Röfn Friðriksdóttir	Standsetning fótaaðgerðastofu á Hólmavík, m.a. kaup á tækjum og nauðsynlegum búnaði.	1.200.000
Búnaður til kvikmyndagerðar - Þjóðfræðistofa	Þjóðfræðistofa, Rannsóknasetur HÍ á Ströndum	Kaup á búnaði til að nýta til upptöku og miðlunar á kvikmyndaefni og myndböndum. Ætlunin er að búnaðurinn nýtist bæði við gerð heimildarmynda og styttri kynningarmyndbanda og við fróðleiksmiðlun.	400.000
Leikrit í fullri lengd	Leikfélag Hólmavíkur	Uppsetning á leikriti í fullri lengd, gert er ráð fyrir að bjóða upp á fimm sýningar auk leikferðar með sýninguna.	400.000
Uppbygging golfvallar – annar áfangi	Golfklúbbur Hólmavíkur	Í áfanganum er stefnt að því að ljúka við uppbyggingu þriggja flata á golfvellinum.	500.000
Sjóstangveiði frá Hólmavík	ÓBH útgerð	Styrkur til kaupa á nauðsynlegum búnaði til að hefja sjóstangveiði frá Hólmavík. Nýr afþreyingarmöguleiki fyrir ferðamenn á svæðinu.	750.000
Útivistarparadís á Ströndum	Skíðafélag Strandamanna	Áframhaldandi uppbygging skíðasvæðis í Selárdal til að bæta æfingaaðstöðu og auka getu félagsins til að fjölga stórum viðurkenndum íþróttaviðburðum og námskeiðum. Ráðning verkefnisstjóra og kaup á grunnbúnaði.	1.500.000
Heilsurækt í Strandabyggð	Magnea Dröfn Hlynsdóttir	Markmið með verkefninu er að bjóða upp á fjölbreytt líkamsræktarnámskeið fyrir íbúa. Í boði verða ólík námskeið sem miða að því að laga heilsurækt að hverjum einstaklingi.	250.000
Dry processing for small food producers	Fine Foods Íslandica ehf.	Setja af stað þurrkunarstöð fyrir þara og þörunga sem nýtist smáframleiðendum. Þróun skalanlegrar lausnar í einingum sem nýtist breiðum hópi viðskiptavina.	300.000
			Samtals kr. 10.500.000

Fundur

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri funduðu alls sjö sinnum með fjarfundabúnaði árið 2023. Því til viðbótar var haldinn íbúafundur þann 15. nóvember 2023 og verkefnisstjórn kom saman til vettvangsferðar um Strandabyggð.

Verkefnisstjóri hefur setið mikinn fjölda funda sem tengjast verkefninu með beinum og óbeinum hætti, þ.m.t. fjölda funda með íbúum er varða ýmis verkefni sem þeim eru hugleikin og aðstoðað fyrirteki og íbúa. Verkefnisstjórar allra verkefna Brothættra byggða hittast aukinheldur mánaðarlega.



Frá íbúafundi í Strandabyggð

Samráðsfundir með sveitarstjóra og öðrum fulltrúum sveitarstjórnar urðu alls níu á árinu auk setu verkefnisstjóra á ýmsum fundum sem tengjast rekstrarstöðvun Hólmandrangs.

Úr ársskýrslu verkefnisstjóra Sterkra Stranda

Það er rétt rúmlega þrjú og hálf títill á síðan að verkefnisstjóri Sterkra Stranda hóf störf. Segja má að verkefnið hafi farið hægar af stað en ella, sökum áhrifa heimsfaraldurs, loks þegar færri gafst til að blása til sóknar og samvinnu, voru forsendur samvinnu í samfélaginu að miklum hluta brostnar. Verkefnið hefur því aldrei náð fullu flugi. Snemmsumars 2023 reið svo annað reiðarslag yfir samfélagið þegar tilkynnt var að Hólmandrangur hefði hætt rekstri. Verkefnisstjórn Sterkra Stranda ályktaði eftirfarandi á neyðarfundum þann 14. júní 2023:

„Verkefnisstjórn Sterkra Stranda harmar þá stöðu sem komin er upp vegna stöðvunar rekstrar Hólmandrangs og lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðunni. Rækjuvinnslan Hólmandrangur er lykilvinnustaður Hólmavíkur og Strandabyggðar allrar. Lokun vinnslunnar er reiðarslag fyrir samfélagið. Verkefnisstjórn kallar eftir sértækum, tafarlausum og afgerandi aðgerðum stjórnvalda til mótvægis við það áfall sem nú hefur dunið yfir atvinnu- og mannlíf á Ströndum.

Sterkar Strandir eru tilbúnar til að vinna að eflingu atvinnulífs og nýsköpunar á Ströndum, innan ramma verkefnisins, í samstarfi við alla áhugasama aðila.

Verkefnisstjórn samþykkir enn fremur að verkefnisstjóri bjóði sveitarstjórn fram aðstoð eftir því sem tök eru á.“

Nánar er fjallað um málið í sérstökum kafla, *Hólmadrangur féll hvað rís?*, í ársskýrslu Sterkra Stranda 2023, sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri segir enn fremur: "Við lok árs 2023 er um ákveðin tímamót í verkefninu að ræða. Verkefnið fékkst sennilegast framlengt að stórum hluta til vegna rekstrarstöðvunar Hólmadrangs. Verkefnisstjóri telur ólíklegt að verkefnið hefði fengið framlengingu ef ekki hefði komið til stöðvunar rekstrar Hólmadrangs sökum þess hve neikvæð áhrif umræða um sundrung í Strandabyggð hefur á tiltrú á verkefnið og þess að framlenging verkefna Brothættra byggða er á engan hátt sjálfvirkt ferli. Að lokum var þó líklega ekki talið verjandi að verkefnið hætti við þær aðstæður sem upp voru komnar. Verkefnið hefur því verið framlengt um eitt ár, en líkurnar á því að það verði framlengt umfram þann tíma eru afar litlar. Verkefnisstjóri telur því ábyrgustu leiðina í sínum störfum felast í því að hlúa sem best að þeim verkefnum sem fram eru komin til loka 2024 og hefja frágang verkefnisins, svo hægt verði að ganga frá borði með alla hnúta vel hnýttu.

Það eru vænlegir sprotar í vexti í Strandabyggð; sprotar sem Sterkar Strandir hafa stutt dyggilega með fjármunum og vinnuframlagi verkefnisstjóra. Vonir standa til að þau fyrirtæki sem hófu starfsemi á tíma Sterkra Stranda, og með fulltingi verkefnisins, verði arfleifð verkefnisins til framtíðar. Margt hefur áunnist á verkefnistímanum, og með samstilltu átaki getum við náð stórum skrefum fram á við síðasta verkefnisárið."

STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR

Stöðvarfjörður hóf þátttöku sína í byggðarþróunarverkefninu Brothættra byggðir í mars 2022. Þá var haldið tveggja daga vel heppnað íbúáþing í blíðskaparveðri og var þátttaka íbúa góð. Á íbúáþinginu komu fram helstu málefni sem brunnu á íbúum, ásamt því að stefna verkefnisins var gróflega mótuð. Fulltrúar íbúa í verkefnisstjórn voru kosnir og forgangs röðun verkefna var skilgreind eftir kosningu íbúa um þau málefni sem skiptu þau mestu máli. Á íbúáþinginu var svokallaðri „Open space“ aðferð beitt þar sem engin fyrirfram ákveðin dagskrá er mótuð heldur eru íbúar virkjaðir til að taka þau málefni á dagskrá sem þeir telja mikilvægust. Sigurborg Kr. Hannesdóttir frá lldi stýrði þinginu.

Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri í verkefninu Sterkur Stöðvarfjörður er Valborg Ösp Árnadóttir Warén. Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Alda Marín Kristinsdóttir, verkefnisstjóri hjá Austurbrú

Bjarni Stefán Vilhjálmsson, fulltrúi íbúa

Bryngeir Ágúst Margeirsson, fulltrúi íbúa

Stefán Þór Eysteinnsson, fulltrúi Fjarðabyggðar

Valgeir Ægir Ingólfsson, fulltrúi Fjarðabyggðar

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun


Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Meginmarkmið:

- Fyrirmyndar umhverfi
- Samheldið samfélag
- Öflugt atvinnulíf
- Sterkir innviðir

Undir hverju meginmarkmiði eru skilgreind mælanleg starfsmarkmið, sjá nánar í verkefnisáætlun, [hér](#).

Meginmarkmið 1: Fyrirmyndar umhverfi



Starfsmarkmið 1.1 **Farið verði í hugmyndavinnu með virku samstarfi íbúa og sveitarfélags um nýtingu á Balanum. Útfærð tillaga liggja til kynningar vorið 2023.**
Ábyrgð: Íbúar, Íbúasamtök Stöðvarfjarðar og verkefnisstjóri.

Starfsmarkmið 1.2 **Vinna verði hafin við uppbyggingu á Balanum og fyrstu áföngum lokið fyrir lok árs 2023.**
Ábyrgð: Fjarðabyggð og Íbúasamtök Stöðvarfjarðar.

Starfsmarkmið 1.3 **Átak í gerð göngu – og hjólastíga. A.m.k. tvær nýjar leiðir verði tilbúnar haustið 2025.**
Aðgerð: Leggja til við viðeigandi nefnd innan Fjarðabyggðar að stefnt verði að því að fyrsti stígur verði tilbúinn árið 2023.
Ábyrgð: Verkefnisstjórn og Íbúasamtök Stöðvarfjarðar.

Mynd af hluta síðu í verkefnisáætlun Sterks Stöðvarfjarðar

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka IV má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2023.

Styrkt verkefni

Alls bárust 30 umsóknir um styrki fyrir árið 2023. Til úthlutunar voru 7.200.000 kr. og var þetta önnur úthlutun úr frumkvæðissjóði Sterks Stöðvarfjarðar. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam 28.681.993 kr. en heildarkostnaður verkefna var 59.810.779 kr. Ákveðið var að veita styrki til 17 fjölbreyttra verkefna og var formleg úthlutunarathöfn haldin 19. apríl. Sjá má yfirlit yfir styrkt verkefni í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Örnefnaskráning Stöðvarfjarðar	Hlynur Ármannsson	Skráning og varðveisla örnefna í Stöðvarfirði á einn stað og staðsetning allra þekktra örnefna í Stöðvarfirði.	500.000

Golfhermir á Stöðvarfirði	Áhugahópur um golfhermi	Standsetning aðstöðu fyrir golfhermi á Stöðvarfirði í því skyni að auka afþreyingarmöguleika íbúa og gesta.	500.000
Kaffibrennslan Kvörn - tækjabúnaður	Kaffibrennslan Kvörn ehf.	Styrkur veittur til kaupa á tækjabúnaði til framleiðslu kaffis.	750.000
Iðnaðarreykhús á Stöðvarfirði	Goðaborg ehf.	Uppsetning iðnaðarreykhúss í Salthúsinu á Stöðvarfirði.	1.000.000
Hráefnis- og afurðakælir í fiskvinnslu	Goðaborg ehf.	Styrkur veittur til kaupa á búnaði til fiskvinnslu á Stöðvarfirði.	600.000
Uppsetning heimasíðu stoðvarfjardur.is	Guðmundur Arnþór Hreinsson	Framhaldsverkefni, uppsetning og forritun á heimasíðu um m.a. staðhætti og þjónustu á Stöðvarfirði.	300.000
Stöðfirskir bátar og skip - skilti	Sólmundur Friðriksson	Undirbúningur að uppsetningu skilta með fróðleik um báta og skip sem hafa verið gerð út frá Stöðvarfirði, fyrsti áfangi.	50.000
Stoðvagninn - matarvagn	Jóhannes Hafsteinsson og Leópold Figved	Styrkur veittur til undirbúnings að stofnun Stoðvagnsins, útfærsla viðskiptahugmyndar ásamt viðskiptaáætlun.	350.000 (styrk skilað)
Bingó, pool og píla - Áhugafélagið Stuðfirðingur	Áhugafélagið Stuðfirðingur (óstofnað)	Auknir afþreyingarmöguleikar og aukið félagsstarf, búnaðarkaup.	200.000
Uppbygging sviðs á Söxu	HJ ehf.	Endurbætur á sviði á Söxu sem nýtist fyrir tónleika, sviðslistir, uppistand og fleira í þeim tilgangi að auka félagsstarf íbúa.	200.000
Tónleikaröð Söxu	HJ ehf.	Gert er ráð fyrir allt að sex tónleikum á Kaffi Söxu í þeim tilgangi að efla menningarlíf á Stöðvarfirði.	250.000
Pönkgarðurinn	Þórhallur Ingimar Atlason	Tónleikahald á bæjarhátíðinni Stöð í Stöð sem haldin er í júlí. Pönk, rokk og fl.	200.000

Verslun á Stöðvarfirði - sjálfsafgreiðslu- verslun	Fasteignafélagið Tudor	Markmiðið er opna dagvöruverslun á Stöðvarfirði og kanna grundvöll fyrir sjálfsafgreiðsluverslun sem væri opin allan sólarhringinn.	750.000
Umsjón og aðföng fyrir fornleifauppgröft á Stöð	Eva Jörgensen og áhugafólk um fornleifarrannsóknir á Stöðvarfirði	Efling rannsóknarstarfs í Stöðvarfirði á sviði fornleifafræða. Aukin markaðssetning og sýnileiki m.a. á samfélagsmiðlum. Tengsl fræðasamfélags og samfélags á Stöðvarfirði.	400.000
Jokes and Gestures: námskeið/ tækjakaup	Kimi Tayler	Námskeið sem snýr að valdeflingu ungmenna á Stöðvarfirði og Austurlandi. Efling menningarstarfs meðal ungs fólks.	200.000
Rafrænt göngukort á Stöðvarfirði	Íbúasamtök Stöðvarfjarðar	Uppsetning rafræns göngukorts af helstu gönguleiðum í Stöðvarfirði, auk hönnunar nýrra leiða. Kortlagning með GPS tækni, OR kóði, merkingar eftir erfiðleikastigi.	300.000
Mávurinn tónlistarsmiðja	Ásthildur Ákadóttir	Vikulangt sumarnámskeið í tónsköpun, myndlist og sögugerð fyrir börn á Stöðvarfirði. Uppskeruhátíð opin öllum í byggðarlaginu í námskeiðslok.	650.000
			Samtals kr. 7.200.000

Fundir

Verkefnisstjórn fundaði sjö sinnum í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams á árinu, auk þess að halda tvo fjarfundi í tengslum við úthlutanir úr Frumkvæðissjóði verkefnisins. Öll stjórnin hittist á Stöðvarfirði þann 6. september og fékk að skoða nokkur verkefni sem hlutu styrk úr sjóðnum á árinu 2022. Þann sama dag var haldinn íbúafundur þar sem farið var yfir stöðu starfsmarkmiða sem eru tilgreind í verkefnisáætlun. Einnig var farið yfir fyrsta ár Stöðvarfjarðar í verkefninu og íbúum gafst kostur á því að koma með athugasemdir og tillögur að uppfærslu verkefnisáætlunar. Fundurinn heppnaðist fundurinn vel og var mæting mjög góð.

Íbúafundur var haldinn 3. maí um afmörkuð málefni. Að þessu sinni var fundað um framtíðarstaðsetningu á tjaldsvæði bæjarins og lögð var fram hugmynd um nýtingu á Balanum. Umræðupunktum frá þeim fundi var komið áfram til Fjarðabyggðar til áframhaldandi vinnu.

Úr ársskýrslu verkefnisstjóra Sterks Stöðvarfjarðar

Árið 2023 er fyrsta heila árið sem Stöðvarfjörður tekur þátt í Brothættum byggðum og eins og gengur, þá hefur ýmislegt verið framkvæmt og gert á árinu sem er að líða. Íbúar hafa tekið virkan þátt, eins og sést á fjölda umsókna sem bárust í Frumkvæðissjóðinn í ár. Umsóknir voru fjölbreyttar og flestar áttu sterkan samhljóm í verkefnisáætlun Sterks Stöðvarfjarðar. Hugur er í mörgum umsækjendum sem eru annað hvort með nýjar hugmyndir í kollinum eða vilja byggja betur undir verkefni sem eru þegar farin af stað.

Kaffibrennslan Kvörn heldur áfram vexti sínum og er mikill áhugi á fyrirtækinu og kaffið orðið vinsælt en næstu skref eru að stækka viðskiptahópin og koma kaffinu á fleiri staði. Sköpunarmiðstöðin breytti um rekstrarform í vor og er að ganga í gegnum ákveðinn breytingarfasa sem hefur verið tímafrekur og flókinn. Vonandi mun þessi breyting hjálpa Sköpunarmiðstöðinni að vaxa og dafna.



Kaffibrennslan Kvörn að koma sér fyrir í húsnæði Sköpunarmiðstöðvarinnar

Solveig Friðriksdóttir fékk styrk til að kaupa saumavél sem gerði henni kleift að sauma fleiri slökunarpúða en þá hefur hún framleitt og selt síðustu ár. Vinsældir slökunarpúðanna hafa heldur betur aukist og framleiðslan margfaldast sem er afar ánægjulegt.

Tvö ný fyrirtæki voru stofnuð á Stöðvarfirði á árinu. Smíðafyrirtækið Steðjistf ehf er að koma sér fyrir í húsnæði Landatanga en eigandi Steðjistf sérhæfir sig í smíðum á innréttingum og gluggum, þó framtíðarplanið sé að ráðast í byggingu íbúðarhúsnæðis. Fyrirtækið Brauðdagur sem sérhæfir sig í heimsendingum á súrdeigsbrauðum og öðru brauðmeti hóf framleiðslu sína í haust. Viðtökur hafa verið frábærar og pantanir farnar að berast frá öðrum byggðakjörnum Austurlands.

Í vor samþykktu íbúar hugmynd um nýtingu á Balanum, það er, að breyta þessari miðju bæjarins í skjólsælt fjölskyldusvæði. Fjarðabyggð setti fjármagn fyrir árið 2024 til þess að deiliskipuleggja svæðið í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og er það gleðiefni.

Hugmyndin um iðnaðareldhús í Sköpunarmiðstöðinni er á mikilli siglingu. Verkefnisstjóri, með reynslu af því að setja upp framleiðslueldhús, var fenginn til að hafa yfirumsjón með verkefninu og hafa betri yfirsýn yfir verkþætti og forgangsröðun þeirra. Eldhúsið sem mun heita Fræ Sköpunareldhús hlaut góðan styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands 2024 og mun niðurrif veggja og svo uppbygging á rýminu hefjast strax á nýju ári. Það er gífurlegur áhugi fyrir eldhúsinu á öllu Austurlandi og ljóst er að nýting verður mikil og framleiðendur verða ekki aðeins frá Stöðvarfirði eða suðurfjörðum Fjarðabyggðar.

Sumarið fór í göngustígagerð en þrjú nýir göngustígar voru gerðir í nágrenni Stöðvarfjarðar. Bæjarhátíðin Stöð í Stöð var haldin í sumar eftir nokkurra ára hlé. Hjónaball Stöðvarfjarðar var endurvakið í ár og þóttist takast vel.

Stóru málin hér á Stöðvarfirði eru húsnæðismálin. Um 22% húsnæðis Stöðvarfjarðar er ekki í heilsársbúsetu og sviður heimafólki að sjá svona mörg hús standa auð mestan hluta ársins á meðan eftirspurn er eftir húsnæði.

Verslunin Brekkan var seld í febrúar og þrátt fyrir yfirlýsingar nýrra eigenda um að hefja á ný verslunarrekstur í húsinu, hefur ekkert gerst í þeim málum. Þetta þjónustuleysi leggst þungt í Stöðfirðinga og þrátt fyrir vilja ákveðinna einstaklinga hér í bænum til að koma verslun í gang, hefur það reynst erfitt. Sótt var um í A9, sjóð byggðaáætlunar til styrktar verslunum í strjálbýli en ekki var veittur styrkur að þessu sinni.

Verkefnisstjóri hefur unnið mikið í ljósleiðaramálum á árinu 2023. Netsamband er lélegt í þorpinu og það ástand



Frá hópaumræðum á íbúafundi Á Stöðvarfirði

stendur í vegi fyrir því að hægt sé að vinna að nokkrum starfsmarkmiðum. Má þar nefna starfsmarkmið er snýr að því að koma upp aðstöðu fyrir fjarvinnu. Núverandi nettenging getur ekki annað vinnu þeirra einstaklinga sem þurfa háhraðatengingu. Nýtt ár mun hefjast á fundarhöldum um hvaða möguleikar eru til staðar svo að hægt sé að koma þessu starfsmarkmiði áfram.

Þrátt fyrir mótlæti að sumu leyti þá hefur 2023 verið ánægjulegt og gefandi. Íbúar Stöðvarfjarðar eru svo sannarlega drifkrafturinn í þessu verkefni. Fólk hefur verið duglegt að mæta á fundi, taka þátt í samræðum, koma með athugasemdir og hugmyndir. Samheldnin er mikil og íbúar vilja sjá Stöðvarfjörð vaxa og dafna.

Verkefnisstjóri vonar að nýtt ár muni byrja eins og 2023 endar, fólk uppfyllt af áhugaverðum hugmyndum og með viljann til að hrinda þeim í framkvæmd.

DALAAUÐUR

DalaAuður hófst með íbúáþingi í mars 2022 og lauk öðru verkefnisári í lok árs 2023. Á þessu rúmum tveimur árum hefur margt jákvætt átt sér stað í verkefninu og byggðarlaginu. Íbúar hafa sýnt mikinn kraft og þátttökuvilja og verið virkir í hinum ýmsu frumkvæðisverkefnum og á þeim viðburðum sem haldnir hafa verið í tengslum við DalaAuð. Sveitarfélagið hefur verið leiðandi í að innleiða óskir íbúa inn í starfsáætlanir sínar. Gerð var verkefnisáætlun fyrir DalaAuð eftir íbúáþing sem samþykkt var á íbúafundi sama ár og var hún síðan endurskoðuð á íbúafundi haustið 2023. Í verkefnisáætlun eru sett fram markmið og aðgerðir sem verkefnisstjóri og verkefnisstjórn DalaAuðs hafa unnið samhent að. Samtals hafa 42 Frumkvæðisverkefni hlotið styrki úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs og hafa

verkefnin verið á sviði nýsköpunar, félagsmála eða mannlífs. Þá sóttu SSV og Dalabyggð um styrki til Byggðaáætlunar og fengu samtals fjóra styrki til verkefna í Dalabyggð snemma á árinu 2023.

Með þátttöku í verkefninu DalaAuði blésu sveitarfélagið og íbúar Dalabyggðar til sóknar og er strax farið að gæta bjartsýni í byggðarlaginu.

Verkefnisáætlun DalaAuðs má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri DalaAuðs er Linda Guðmundsdóttir. Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri, formaður stjórnar

Páll S. Brynjarsson, fulltrúi SSV

Ólafur Sveinsson, fulltrúi SSV

Bjarnheiður Jóhannsdóttir, fulltrúi íbúa

Þorgrímur Einar Guðbjartsson, fulltrúi íbúa (jan. – júní)

Jón Egill Jóhannsson (frá ágúst-)

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Meginmarkmið:

- Samkeppnishæfir innviðir
- Skapandi og sjálfbært atvinnulíf
- Auðugt mannlíf
- Öflug grunnþjónusta

Undir hverju meginmarkmiði eru skilgreind mælanleg starfsmarkmið, sjá nánar í verkefnisáætlun, [hér](#).

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka V má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2023.

Styrkt verkefni

Alls bárust 24 umsóknir um styrki og rann frestur til að sækja um í sjóðinn út í lok mars 2023. Veittir voru samtals 21 styrkir til fjölbreyttra verkefna úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs og nam styrkfjárhæð til úthlutunar alls 12.250.000 kr. Heildarfjárhæð umsókna nam 29.551.400 kr. Níu konur sóttu um styrk, átta karlmenn og sjö verkefni hafa bæði

karlmenn og konur sem hvatamenn. Hlutfall karla og kvenna meðal umsækjenda var því mjög jafnt. Sjá má yfirlit yfir styrkt verkefni í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Myndlistar-námskeið	Sigrún Margrét Halldórsdóttir	Myndlistarnámskeið í Búðardal sem verða í boði fyrir áhugasama, unnið í hóp en með einstaklingsmiðaðri leiðsögn.	200.000
Vöruþróun á nautakjöti	Skúli Hreinn Guðbjörnsson	Vöruþróun nautakjötsafurða og markaðskynning. Gæða- og öryggismælingar og uppsetning gæðahandbókar.	500.000
Áfangaheimili á Dunki	Berghildur Pálmadóttir og Kári Gunnarsson	Hönnun, bygging og standsetning á húsnæði sem rúmar einn skjólstaðing, fyrsti áfangi.	900.000
Stígur milli Hrútsstaða og Haukadals	Ólafur Pá og Hestamanna-félagið Glaður	Aukið aðgengi göngu-, hjóla-, hlaupa- og hestafólks að leiðum í kringum Búðardal og nýting hluta reiðleiðar sem þegar er á staðnum. Merkingar og bekkir.	300.000
Dalahvítlaukur	Svarthamar vestur ehf.	Nýsköpunarverkefni á sviði landbúnaðar, ræktun hvítlauks. Styrkur fyrir aðföngum og sáningartæki.	800.000
Road refill Búðardal	Iceland up close ehf.	Gerð listaverks í anda gamalla refilssaumsverka. Refillinn verður málaður á Miðbraut í Búðardal og mun segja frá þekktustu Íslendingasögum úr Döllum, Laxdælu og Eiríkssögu rauða.	500.000
Aðgengi skóga í Dalabyggð	Skógræktarfélag Dalasýslu	Bætt aðgengi og ásýnd núverandi skógarsvæða við Búðardal. Vinna við hönnun og skipulag svæðisins, afmörkun bílastæðis, grisjun, lagning stíga og uppsetning bekkja.	500.000
Grafíkverkstæði og sýningarhald	Penna sf.	Koma á fót grafíkverkstæði að Nýp. Listsýningahald.	1.100.000
Lífið á Laugum, heimasíða	Sigrún Hanna Sigurðardóttir	Uppsetning heimasíðu sem varðveitir og miðlar efni sem tengist skólanum og lífinu á Laugum á stafrænan hátt. Skrásetning efnis.	300.000

Hljómbrot, tónleikar	Sigurbjörg Kristínardóttir	Tónleikahald á vegum nýs blandaðs kórs, Hljómbrots, sem stofnaður var í janúar 2023. Tvennir tónleikar áformaðir.	250.000
Gönguleið, Fellsströnd- Skarðsströnd	Guðmundur Halldórsson og Trausti Bjarnason	Hönnun gönguleiðar og kynningarefnis um gönguleiðina frá Á á Skarðsströnd að Vogu á Fellsströnd, alls 20 km leið. Skilti og frágangur á aðkomu beggja vegna gönguleiðarinnar.	500.000
Beint frá skýli - sveitabúð	Skugga-Sveinn ehf.	Uppsetning aðstöðu í litlu skýli sem nýtt verður til sölu á matvörum frá Ásgarði.	800.000
Aðgengi að heilsueflandi húsnæði	Ungmennafélagið Ólafur Pá	Bæta aðgengismál í heilsueflandi húsnæði innan sem utandyra, m.a. fyrir fatlaða. Laga pall fyrir utan hús, stækka hurðargöt og fl.	400.000
Fræhóll í Búðardal	Dalirnir heilla ehf.	Koma á fót stórframleiðslu á lerkiafbrigðinu hrym. Sótt um styrk fyrir aðkeyptri sérfræðipjónustu og fyrir útseldri vinnu við gerð kynningarefnis fyrir fjárfesta.	500.000
Valley girl	Jasa Baka og Kristján E. Karlsson	Sköpun skúlptúrslistaverks um Dalastúlku og vinna að röð hlaðvarpspátta þar sem tekin verða viðtöl við konur úr Dölunum.	200.000
Ullarvinnsla í Dölum	Rauðbarði ehf.	Koma á fót ullarvinnslu þar sem unnar verða afurðir úr ull frá bændum í Dalabyggð.	1.500.000
Er líða fer að jólum 2023	Alexandra Rut Jónsdóttir	Jólatónleikar áhugafólks í heimahéraði sem haldnir verða í Dalabúð í aðdraganda jóla.	300.000
Jarðhýsi á Eiríksstöðum	Iceland up close ehf.	Endurbýgging jarðhýsis í upprunalegri mynd á Eiríksstöðum. Tilraunafornlifafræði sem og áframhaldandi uppbygging staðarins.	700.000
Gróðurhús að Laugum	Bax ehf.	Uppsetning gróðurhúss að Laugum í Sælingsdal. Ræktun grænmetis og kryddjurta fyrir veitingastað hótels á staðnum.	250.000
Ræktun aspargræðlinga	Konráð Lúðvíksson	Hvatningarstyrkur til breytingar á útihúsum í gróðurhús þar sem hugmyndin er að hefja ræktun asparstiklinga.	250.000

Jólasveinarnir eru úr Dölum	Kruss ehf.	Jólasveinarnir úr kvæðum Jóhannesar úr Kötlum sem markaðsefni fyrir Dalina og til kynningar á matvælum, menningu, handverki og sögum Dalanna, staðsettir á völdum stöðum í byggðarlaginu.	1.500.000
			Samtals kr. 12.250.000

Fundir

Verkefnisstjórn fundaði eftir þörfum á árinu og yfirleitt á fjarfundum. Samtals voru almennir fundir sex talsins árið 2023, þar af einn staðfundur stjórnar sem haldinn var í Dalabyggð. Þá voru haldnir tveir fundir að auki vegna vinnu við úthlutun úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs.

Íbúafundur var haldinn 14. nóvember og þar gafst íbúum tækifæri til að leggja fram sínar áherslur og endurskoða markmið verkefnisáætlunar. Auk íbúafundar voru einnig haldnir tveir samráðsfundir með íbúahópum, einn með eldri borgurum í Dalabyggð og annar með ungu fólki (18-35 ára), báðir haldnir í október 2023.



Frá íbúafundi í Dalabyggð

Sú nýbreytni var innleidd að halda kaffispjall með nefndum sveitarfélagsins, til að brúa bilið milli stjórnsýslu sveitarfélagsins og íbúa og auka þannig samráð við íbúa. Er þetta mjög flott nálgun hjá sveitarfélaginu og til eftirbreytni því aðgerðir sem þessar víkka samtalið með íbúum og auka upplýsingaflæðið á milli allra aðila. Í gegnum

verkefnistímabilið hefur verkefnisstjórn verið bakland verkefnisstjóra og stutt við verkefnið með virkum hætti. Verkefnisstjórn hefur tekið þátt í undirbúningi íbúafunda og úthlutunarviðburða, unnið að stefnumótun verkefnis út frá samtölum á íbúafundum og séð um að úthluta úr Frumkvæðissjóði. Gott samstarf og mikil virkni hefur einkennt starf verkefnisstjórnar frá upphafi.



Í Ólafsdal

Úr ársskýrslu verkefnisstjóra DalaAuðs

Þetta er fyrsta fulla starfsár verkefnisins og ýmislegt sem vannst á þessu tímabili þó að mörgum verkefnum sé ekki lokið samkvæmt verkefnisáætlun. Mikil samheldni þeirra sem að verkefninu koma hefur einkennt DalaAuð. Það hefur styrkt framkvæmd verkefnisins mjög að góður árangur hefur náðst í umsóknum í aðra sjóði. Í upphafi árs var sótt um styrk til Bygðaaáætlunar vegna sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða (C.1.). Fengust úr sjóðnum styrkir til tveggja verkefna í Dalabyggð, auk þess sem styrkur fékkst fyrir sameiginlegu verkefni SSV, SSNV og Vestfjarðarstofu um verðmætasköpun í dreifbýli á sauðfjárræktarsvæðum, að upphæð 21 m.kr. Styrkirir tveir til SSV vegna Dalabyggðar fóru annars vegar til verkefnisins Dalabyggð í sókn, þar sem leitast er við að efla ímynd og styrkja staðarandann í Dalabyggð, upphæð 11,2 m.kr. og hins vegar til verkefnisins Iðngarðar í Búðardal – frumhönnun, upphæð kr. 5 m.kr. Þau verkefni hófust öll á árinu.

Haldinn var fundur með áhugasömum aðilum í Búðardal vegna hugmynda um uppbyggingu iðngarða 13. febrúar

2023 og stóð atvinnumálanefnd Dalabyggðar fyrir fundinum. Hafði þá verið stofnaður starfshópur um verkefnið. Starfshópurinn hefur verið starfandi á árinu og unnið að því að fá tilboð í verkið, ásamt því að halda utan um og funda með áhugasömum aðilum, sem koma vilja að uppbyggingunni.

Verkefnið Dalabyggð í sókn hófst í júní 2023 með skipun starfshóps, þar sem sæti eiga tveir fulltrúar Dalabyggðar, tveir fulltrúar SSV og einn fulltrúi Háskólans á Bifröst. Verkefnisstjóri DalaAuðs er starfsmaður hópsins. Starfshópurinn fundaði fimm sinnum á árinu. Var unnin stöðugreining fyrir verkefnið, ásamt því að gerð var íbúakönnun meðal íbúa Dalabyggðar, með það að markmiði að sjá hver ímynd Dalabyggðar væri nú og hvernig sjálfsmynd íbúa væri. Niðurstöður þessarar vinnu var mjög áhugaverð og gefur góðan grunn í framhaldið. Næstu skref eru að fá til liðs við hópinn ráðgjafa og útbúa verkfærakistu með markaðstólum fyrir Dalabyggð.

Samstarfsverkefnið Verðmætasköpun í dreifbýli er einnig hafið en samningur var gerður við Eigjð fé ehf. þar sem ráðgjafarnir Hlédís Sveinsdóttir og Björn Bjarnason voru fengin til að vinna að greiningu tækifæra fyrir verkefnið, sem miðar að því að efla frumkvöðlastarf á lögbýlum í sex sveitarfélögum, þ.á.m. Dalabyggð. Haldnir voru umræðufundir með áhugasömum íbúum í hverju sveitarfélagi, ásamt því að einstaka bæir voru heimsóttir. Úr þessum umræðum voru lögð drög að greiningu tækifæra.

Þessi verkefni eru öll ráðgerð til eins til tveggja ára og mun því vinna við þau halda áfram á árinu 2024.

Nýsköpunarsetur Dalabyggðar festi sig í sessi með fræðsludagskrá, viðveru ráðgjafa og aðstöðu sinni veturinn 2022-2023. Haustið 2023 var haldið áfram með fræðsludagskrána, sem er skipulögð í samstarfi DalaAuðs og Dalabyggðar. Samtals voru haldin tíu kaffifundir eða fræðsluerindi árið 2023 fyrir íbúa Dalabyggðar.

Þá eru ótalin öll fræðsluerindi, viðburðir, námskeið og kynningar sem haldnar voru annars staðar í byggðarlaginu, af íbúum, félögum o.fl. Það er óhætt að segja að mikil gróska hafi einkennt árið þar sem nýr kór var stofnaður á svæðinu og leikfélagið var endurvakið og viðburðarhald almennt mjög virkt.

Þessi atriði sem talin eru upp hér að ofan tengjast öll inn í meginmarkmið og eða starfsmarkmið verkefnisáætlunar DalaAuðs. Lögð hefur verið mikil vinna í að koma starfsmarkmiðum DalaAuðs á dagskrá og er dagskrá Nýsköpunarseturs og styrkir sem sótt var um í Byggðaáætlun, svo sem úr C.1., liður í að stuðla að því. Þá hefur sveitarfélagið Dalabyggð tekið meginmarkmið og starfsmarkmið DalaAuðs inn í sínar áætlanagerðir, til að stuðla að framgangi markmiða.

Það er gróska í Dalabyggð. Fólk talar um það og fleiri hafa orð á því að Dalabyggð er að verða meira áberandi út á við. Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með framgangi verkefna, bæði þeirra sem hafa fengið nýsköpunarstyrki og þeirra sem hafa verið settir á laggirnar óháð þeim. Félagslífið er kröftugt og mannlífið er að blómstra, það sést í fjölbreyttu viðburðarhaldi ýmiss konar á árinu. Íbúar eru margir hverjir farnir að kannast við Nýsköpunarsetrið og eru duglegir að sækja það sem þar er í boði, bæði vinnuaðstöðuna, fundi, fræðslu og erindi.

Samstarf sveitarfélagsins í verkefninu hefur verið til fyrirmyndar og sýnir það sig í stöðugum vilja til að vinna í því að innleiða markmið DalaAuðs, sem eru í grunninn áherslumál íbúa, inn í starf sveitarfélagsins. Þetta góða samstarf hefur reynst einn af hornsteinum verkefnisins.

Það eru samt enn þessi helstu áherslumál sem skiptir máli að ná meiri árangri í. Uppbygging á samgöngum gengur hægt og mikilvægt er að tekið væri fastar á málum þar af hálfu stjórnvalda. Þá skiptir máli þegar verið er að byggja upp samgöngur í sveitarfélaginu að verkið sé ekki hálfklárað og einbreiðar brýr skildar eftir. Húsnæðismálin eru líka mikilvæg en það kom bersýnilega í ljós á samráðsfundi með unga fólkinu að það þarf tilfínanlega meira húsnæði.

Hvað varðar nýsköpun, frumkvæði, félagsstarf og mannlíf eru Dalirnir á góðu róli. Samfélagið er gott og fólk leggur mikið á sig fyrir það og hvert annað. Í síðustu ársskýrslu var sagt að það væri full ástæða til að vera bjartsýn fyrir framtíð Dalabyggðar. Það er það svo sannarlega, fram undan eru bara verkefni sem þarf að vinna.



Hross á beit í skammdegisbirtu í Hvammssveit

BYGGÐARLÖG SEM LOKIÐ Hafa ÞÁTTTÖKU Í BROTHÆTTUM BYGGÐUM

Níu byggðarlög hafa formlega lokið þátttöku í verkefninu, þ.e.a.s. Byggðastofnun hefur dregið sig út úr verkefnunum samkvæmt samningum. Þau eru Raufarhöfn með verkefnið *Raufarhöfn og framtíðina*, Breiðdalur með verkefnið *Breiðdælingar móta framtíðina*, Bíldudalur með verkefnið *Bíldudal- samtal um framtíðina*, Skaftárhreppur með verkefnið *Skaftárhrepp til framtíðar*, Hrísey með verkefnið *Hrísey, perlu Eyjafjarðar*, Öxarfjarðarhérað með verkefnið *Öxarfjörð í sókn*, Borgarfjörður eystri með verkefnið *Betri Borgarfjörð*, Grímsey með verkefnið *Glæðum Grímsey* og Þingeyri og nærsveitir með verkefnið *Öll vötn til Dýrafjarðar*.




Vetur í Hrísey



Fyrsta skóflustungan tekin að nýju parhúsi leigufélagsins Bríetar á Kópaskeri. Eggert Marinósson verktaki og Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Norðurþings

5. ÍBÚAÞRÓUN

Í rökstuðningi Alþings með fjárveitingum til verkefnisins er vísað til þess að verkefnið nýtist byggðarlögum sem hafa átt í langvarandi vanda vegna fækkunar íbúa að etja. Enda er meginmarkmið verkefnisins að sporna við þeirri þróun. Því er eðlilegt að líta á þróun í íbúafjölda þáttökubýggðarlaganna miðað við fyrsta janúar 1998-2024.



Staða byggðarlaganna er mjög misjöfn hvað varðar breytingar á íbúafjölda og við það bætist að þau hafa ýmist lokið verkefninu eða eru mislangt á veg komin. Í fljótu bragði séð virðast þau byggðarlög sem hafa verið þátttakendur í verkefninu um einhvern tíma eiga það sameiginlegt að tekið hefur að mestu fyrir hraða fækkun íbúa og jafnvægi náðst eða íbúum tekið að fjölga á ný m.v. upphafsár viðkomandi verkefnis. Fámennustu byggðarlögin, Árneshreppur, Grímsøy og Bakkafjörður, hafa átt erfitt uppdráttar á undanföllum árum en á síðustu tveimur árum virðist íbúum

fækka hægar og raunar fjölgar íbúum Árneshrepps. Fámennustu byggðarlögin eiga það sameiginlegt að loka hefur þurft skóla vegna barnfæðar.

Strandabyggð hefur glímt við nær viðvarandi fækkun íbúa á þessari öld ef frá er talið tímabilið 2010-2014. Á undanförunum árum hafa orðið erfiðleikar í sjávarútvegi og á árinu 2023 var rækjuvinnslu hætt á Hólmavík. Jafnframt er sauðfjárrækt í mikilli vörn. Við bætast að miklir erfiðleikar voru í rekstri kaupfélagsins sem lyktaði með þroti félagsins á árinu 2020, skömmu áður en verkefnið Sterkar Strandir hófst. Óskandi er að verkefnið Sterkar Strandir nýtist íbúum byggðarlagsins sem best til að snúa vörn í sókn á síðasta ári verkefnisins eftir framlengingu um eitt ár, árinu 2024.

Dalabyggð og Stöðvarfjörður hófu þátttöku í verkefninu á árinu 2022 og allt of snemmt að draga ályktanir út frá breytingum á íbúafjölda en fullyrða má að í báðum tilvikum hafa íbúar tekið höndum saman og byrjað verkefni af krafti. Íbúum Dalabyggðar hefur á hinn bóginn fækkað jafnt og þétt undanfarin ár en mikill hugur er í Dalamönnum að stöðva þá óheillaþróun.



Frá íbúafundi í Strandabyggð

6. UMFJÖLLUN UM NOKKUR AF FJÖLMÖRGUM ÁHUGAVERÐUM VERKEFNUM SEM HAFA HLOTIÐ STUÐNING ÚR BROTHÆTTUM BYGGÐUM

Verkefni sem styrkt hafa verið frá upphafi verkefnisins eru fjölmörg og fjölbreytt og snerta margar hliðar atvinnulífs, menningar og félagslífs í þátttökubyggðarlögunum. Hér getur að líta umfjöllun og örfá dæmi af mörgum um vel heppnuð frumkvæðisverkefni sem styrkt hafa verið úr sjóði Brothættra byggða á undanförunum árum. Fjöldi annarra verkefna hefði sómt sér vel á þessum lista.

BASKASETRIÐ - ÁFRAM ÁRNESHREPPUR

Basketur Íslands verður staðsett í stórum lýsistönkum í gömlu síldarverksmiðjunum í Djúpavík í Árneshreppi. Frumkvæðissjóður Áfram Árneshrepps hefur styrkt Basketrið undanfarin fjögur ár til uppbyggingar og þróunar setursins auk þess sem Basketrið fékk styrk úr Öndvegissjóði á árinu 2020. Verkefnið er afar metnaðarfullt og miðar að því að koma á fót varanlegri sýningu sem miðlar sameiginlegum menningararfi tveggja smáþjóða, Baska og Íslendinga, og minnst sameiginlegrar sögu þeirra í sjósókn við Íslandsstrendur. Á árinu 2022 fékk Baskavinafélagið á Íslandi myndarlegan styrk frá menningaráætlun ESB Creative Europe og hefur verkefnið því fengið byr undir báða vængi. Samstarfsaðilar í Evrópuverkefninu eru fjórar þekktar menningarstofnanir í baskneskum menningar- og rannsóknatengdum geirum á Íslandi, Spáni og í Frakklandi. Á Íslandi eru, auk staðarhaldara á Hótel Djúpavík með Héðin Ásbjörnsson í fararbroddi, Baskavinafélagið ásamt Háskólasetri Vestfjarða. Erlendir aðilar eru Albaola safnið í San Sebastian á Spáni og Haizebegi hátíðin í Bayonne í Frakklandi. Verkefnið fékk einnig styrk úr stefnumótandi byggðaáætlun, C.1. Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða, á árinu 2023 en áform eru um að Basketrið verði einnig miðstöð skapandi sjálfbærni, tengd lífríki hafsins. Áform eru um að safnið verði opnað með formlegum hætti sumarið 2025.

[Hér](#) má sjá umfjöllun um Basketrið í þættinum Landanum hjá Rúv. [Hér](#) má sjá umfjöllun á mbl.is frá kynningarviðburði um Basketrið. [Hér](#) má sjá upplýsingasíðu Evrópuverkefnisins.

BÁTURINN MJÓNI - ÁFRAM ÁRNESHREPPUR

Báturinn Mjóni var upphaflega smíðaður árið 1872 á Krossnesi í Árneshreppi. Hann var áður fyrr mest notaður til selveiða og ferðalaga og var í notkun í eina öld. Eftir það fór Mjóni á flakk og var um tíma m.a. hýstur á Byggðasafninu á Reykjum þar sem Þjóðminjasafnið hafði falast eftir bátnum. Eftir endurbætur á bátnum í Bolungarvík var hann fluttur aftur norður á Strandir. Styrkur var veittur úr Frumkvæðissjóði Áfram Árneshrepps árið 2022 til að koma upp

sýningaraðstöðu fyrir Mjóna í Ófeigsfirði. Pétur Guðmundsson hefur haft veg og vanda að því að breyta gömlu hesthúsi í sýningaraðstöðu fyrir Mjóna og aðra hluti sem tilheyra sjómennsku sem stunduð hefur verið í Ófeigsfirði, einkum selveiðar. Með því móti hefur ferðamönnum sem heimsækja svæðið verið gert kleift að staldra við og fræðast um útgerðasögu fyrri tíðar í Árneshreppi.

[Hér](#) má sjá umfjöllun um bátinn Mjóna á heimasíðu um Ófeigsfjörð á Ströndum.

HJÓLALEIÐIR - ÁFRAM ÁRNESHREPPUR

Tyler Wacker er frumkvöðull sem hefur á undanförnum misserum vakið athygli á hversu náttúran á Vestfjörðum og hjóleiðar geta verið magnað aðdráttarafi fyrir ferðamenn sem óska eftir nýstárlegri upplifun. Wacker hefur lagt stund á hjóleiðar en hefur nú stofnað fyrirtæki þar sem hann m.a. hefur hannað hjólaleiðir vítt og breytt um Vestfirði og sett upplýsingar um þær fram á heimasíðu sinni. Frumkvæðissjóður Áfram Árneshrepps hefur í tvígang veitt hvatningarstyrki til hönnunar hjólaleiða, árin 2022 og 2023.

Allt um hjólaleiðir á Vestfjörðum má sjá á vefsíðunni [Cycling Westfjords](#) sem Wacker heldur úti. Hönnun hjólaleiðarinnar *The Witch of the Westfjords Guided Tour*, sem styrkt var 2023, má sjá [hér](#).

SJÓSUNDSKÝLI Í FINNAFIRÐI - BETRI BAKKAFJÖRÐUR

Reimar Sigurjónsson hlaut styrk úr Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar á árinu 2023 til að útbúa aðstöðu fyrir sjósundfólk til að geta skipt um föt í skjóli fyrir veðri og vindum fyrir og eftir sjósundssprett í Finnafirði. Sjósundskýlið er staðsett í landi Fells í Finnafirði, sunnan undir Langanesi. Skýlið er úr rekaviði og á svörtum sandi Finnafjarðar með Gunnólfsvíkurfjall og Norður-Atlandshafið í bakgrunni. Verkefnið eflir uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu þar sem bæði íbúar og gestir geta nýtt sér aðstöðuna og einum áningarstað hefur verið bætt við þá afþreyingarmöguleika sem fyrir eru í byggðarlaginu.

[Hér](#) má sjá umfjöllun Bændablaðsins um sjósundskýlið í Finnafirði.

STOFUTÓNLEIKAR Á BJARMALANDI - BETRI BAKKAFJÖRÐUR

Hilma Steinarsdóttir hafði veg og vanda að skipulagningu og framkvæmd tónleikaraðar undir heitinu „Stofutónleikar á Bjarmalandi“. Haldnir voru samtals fimm tónleikar síðsumars 2023 á eyðibýlinu Bjarmalandi, þar sem gestir hlýddu á falleg lög og túlkun á ljóðum Kristjáns frá Djúpalæk. Tónlistarfólkið Kristín Heimisdóttir og Sigurður Jóhannes Jónsson fluttu frumsamin lög við valin ljóð Kristjáns. Bjarmaland stendur við hliðina á Djúpalæk á Langanesströnd þar sem

Kristján fæddist, ólst upp og kenndi sig við alla tíð. Um hundrað gestir mættu á tónleikana og í lok þeirra var boðið upp á kaffi og bakkelsi að íslenskum sveitasið. Tilgangur tónleikanna var að minnast Kristjáns og fólksins sem þarna bjó, með því að eiga notalega samverustund þar sem tónlist og kveðskapur Kristjáns ómaði í fallegum flutningi tónlistarfólksins, vekja athygli á sögu Langanesbyggðar og gefa kost á notalegri samverustund íbúa og gesta.

[Hér](#) má sjá umfjöllun SSNE um tónleikaröðina „Stofutónleikar á Bjarmalandi“.

ENDURNÝJUN ARNARBÚÐAR – BETRI BAKKAFJÖRÐUR

Undanfarin þrjú ár (2021-2023) hefur Frumkvæðissjóður Betri Bakkafjarðar veitt styrki til Björgunarsveitarinnar Hafliða til að byggja upp aðstöðu félagsins í Arnarbúð á Bakkafirði. Verkið hefur verið unnið í áföngum þar sem í fyrstu var unnið að endurbótum utanhúss, þak lagað og endurnýjað að hluta og nýir gluggar og hurðir settar á húsið. Með lagfæringum á húsinu utan húss var það betur varið fyrir veðrum auk þess sem ásýnd hússins hefur tekið stakkaskiptum. Einnig hefur verið unnið að jarðvegsskiptum í kringum Arnarbúð. Í síðari áföngum hafa björgunarsveitarfélagar unnið að endurbótum Arnarbúðar innanhúss. Húsnæðið rúmar aðstöðu fyrir starfsemi félagsins auk þess að hýsa tækjabúnað sveitarinnar á Bakkafirði. Endurbæturnar hafa lukkast vel og markmið um betri ásýnd Bakkafjarðar hefur náðst og grundvöllur fyrir starfssemi Björgunarsveitarinnar Hafliða hefur styrkst með tilkomu góðar aðstöðu í Arnarbúð.

[Hér](#) má sjá fb síðu Björgunarsveitarinnar Hafliða en sveitin er með aðstöðu í Hafliðabúð á Þórshöfn og í Arnarbúð á Bakkafirði.

GALDUR BRUGGHÚS - STERKAR STRANDIR

Galdur Brugghús á Hólmanvík er dæmi um frumkvæðisverkefni sem hefur leitt til nýrrar atvinnusköpunar í byggðarlaginu. Frumkvæðissjóður Sterkra Stranda hefur í þrjú áhrif styrkt verkefnið, fyrst árið 2021 fyrir gerð viðskiptaáætlunar. Nú er svo komið að framleiðsla á bjór er komin vel af stað og nú síðast í sumar var opnuð glæsileg gestastofa fyrir gesti. Þeir Finnur Ólafsson og Aleksander Kuzmanic áttu hugmyndina að brugghúsinu og hafa haft veg og vanda að uppbyggingu þess. Þeir fengu í lið með sér íbúa og fyrirtæki á svæðinu til að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Galdur Brugghús nýtir og dregur fram sérstöðu svæðisins, galdraslóðir, í framleiðslu sinni m.a. með hönnun umbúða fyrir afurðirnar.

[Hér](#) má sjá umfjöllun BB um Galdur Brugghús. [Hér](#) má sjá heimasíðu Galdurs Brugghúss.

VIÐBURÐADAGSKRÁ SAUÐFJÁRSETURSINS – STERKAR STRANDIR

Ester Sigfúsdóttir hefur stýrt Sauðfjársetrinu á Ströndum undanfarin misseri með miklum myndarbrag. Á hverju ári

eru fjölmargir viðburðir haldnir á Sauðfjársetrinu sem hafa verið stór þáttur í menningarlífi Strandamanna. Á árinu 2023 fékk Sauðfjársetrið styrk úr Frumkvæðissjóði Sterkra Stranda til viðburðahalds en samtals 45 viðburðir voru áætlaðir á dagskrá, jafnt stórir sem smáir. Meðal þeirra má nefna Náttúrubarnahátíð á Ströndum, Íslandsmeistaramót í hrútaðómum, sviðaveislu sem haldin var fyrsta vetrardag, ný ljósmyndasýning á Kaffi Kind og fjölmarir aðrir skemmtilegir viðburðir.

[Hér](#) má sjá umfjöllun um viðburðadagskrá Sauðfjársetursins í Bændablaðinu. [Hér](#) og [hér](#) má sjá umfjöllun um Náttúrubarnahátíð á Ströndum 2023 á vef BB. [Hér](#) má sjá umfjöllun RÚV um Íslandsmeistaramótið í hrútaðómum. [Hér](#) má sjá heimasíðu Sauðfjársetursins og [hér](#) má sjá fb síðu þess.

GARÐÁVAXTARÆKT Á STRÖNDUM - STERKAR STRANDIR

Á bænum Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði á Ströndum búa hjónin Ágúst og Guðfinna Lára. Þau hafa hrint af stað nýsköpunarverkefni í landbúnaði sem snýr m.a. að garðávaxtarækt. Frumkvæðissjóður Sterkra Stranda veitti stærsta styrkinn á úthlutunarárinu 2022 til verkefnisins, til vélvæðingar á ræktuninni ásamt kælibúnaði. Ræktunin er sú eina sinna tegundar á Vestfjörðum og mikill fengur fyrir íbúa að geta keypt ferskt grænmeti í heimabyggð.

[Hér](#) má sjá umfjöllun Bændablaðsins um búskapinn á Stóra-Fjarðarhorni.

ATOMIC ANALOG PRODUCTION - STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR

Vincent Wood rekur fyrirtæki sitt Atomic Analog í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði. Óhætt er að fullyrða að fyrirtækið sé hið eina sinnar tegundar hér á landi. Sérhæfingin felst í hönnun og framleiðslu á sérhæfðum búnaði með hliðrænni tækni (analog) í hljóðupptökum og hljóðvinnslu. Frumkvæðissjóður Sterks Stöðvarfjarðar styrkti fyrirtækið til kaupa á tækjum s.s. lóðboltum og prentplöntu í þeim tilgangi að auka framleiðslugetu fyrirtækisins. Markmið fyrirtækisins er að anna erlendri sem innlendri eftirspurn eftir búnaðinum sem og að færa út kvíarnar og ná með því móti að auka atvinnusköpun á staðnum.

[Hér](#) má sjá fb síðu Atomic Analog. [Hér](#) má sjá heimasíðu fyrirtækisins.

STÖÐ Í STÖÐ - STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR

Frumkvæðissjóður Sterkra Stranda styrkti tónleikahald á bæjarhátíðinni Stöð í Stöð á árinu 2022 sem haldin var dagana 6. – 9. júlí. Markmið verkefnisins var að bjóða gestum og heimafólki upp á ókeypis tónleika á hátíðinni. Fjöldi gesta mættu á viðburðinn en boðið var upp á tónleika með Stebba Jak og Hafþóri Val og ríkti ánægja með tónleikana

sem fram fóru á Café Söxu. Bæjarhátíðin Stöð í Stöð hefur verið haldin undanfarin fimm ár.

[Hér](#) má sjá umfjöllun á vef Fréttablaðs Austurlands, Austurglugganum, um hátíðina Stöð í Stöð sem haldin var á Stöðvarfirði í júlí 2023.

STÖÐVARFJÖRÐUR.IS - STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR

Markmið verkefnisins var að koma á fót vefsíðu þar sem gestir sem og heimafólk gæti nálgast fróðlegar upplýsingar um Stöðvarfjörð og samfélagið þar í þeim tilgangi að vekja athygli á byggðarlaginu. Hugmyndavinna var öll unnin í sjálfboðavinnu af Guðmundi Arnþóri Hreinssyni en styrkur var veittur úr Frumkvæðissjóði Sterks Stöðvarfjarðar til aðkeyprtar þjónustu vegna uppsetningar vefsins. Nú er heimasíðan komin í loftið og á henni má sjá ýmsar fróðlegar upplýsingar um staðhætti s.s. nöfn fjallanna í Stöðvarfirði, kort af bænum, afþreyingarmöguleika og fleira. Heimasíðan er enn á vinnslustigi. Það er sannarlega þess virði að sækja Stöðvarfjörð heim.

[Hér](#) má sjá heimasíðuna stöðvarfjörður.is

GRAFÍKVERKSTÆÐI OG SÝNINGARHALD Á NÝP LISTASETRI – DALAAUÐUR

Frumkvæðissjóður DalaAuðs hefur styrkt uppbyggingu á Nýp listasetri á Skarðsströnd. Bærinn Nýp stendur við rætur fjallsins Nýpurhrynu innarlega á Skarðsströnd. Þóra Sigurðardóttir ásamt fjölskyldu rekur þar m.a. listasetur og ferðaþjónustu. Á Nýp er starfrækt lista- og fræðasetur og þar er aðstaða m.a. fyrir verklegar smiðjur á sviði handverks, hönnunar og myndlistar og smærri viðburði. Styrkur var veittur til uppsetningar á grafíkverkstæði sem og uppsetningu myndlistarsýninga sem ráðgert er að verði haldnar árlega. Ráðgert er að listamenn geti dvalið í allt að mánuð í senn að Nýp og nýtt vinnustofuna til listsköpunar. Von er á fyrstu listamönnunum í slíka dvöl í apríl 2024. Fyrsta sýning í sýningarrými að Nýp var sýning Sindra Leifssonar frá maí til nóvember 2023 sem bar yfirheitið Snípa/Sandpiper.

Umfjöllun um sýningu Sindra Leifssonar má sjá [hér](#). [Hér](#) má sjá fésbókarsíðu um Nýp á Skarðsströnd og [hér](#) má sjá heimasíðu gistiheimilisins.

DALAHVÍTLAUKUR – DALAAUÐUR

Hjónin Þórunn Ólafsdóttir og Haraldur Guðjónsson eru frumkvöðlar í lífrænni hvítlauksræktun. Þau hófu tilraunir sínar á hvítlauksræktun með lífrænum hætti á bænum Neðri-Brekku í Dölunum og eru að þróa og byggja upp ræktunina. Verkefnið hefur hlotið styrki úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs í tvígang, bæði úthlutunarárin 2022 og 2023, m.a. fyrir kaupum á þurrkhúsum en hvítlaukinn þarf að þurrka í fjórar til fimm vikur eftir að hann hefur verið tekinn upp. Það

verður án efa spennandi að fylgjast með verkefninu þróast áfram og bragða á uppskerunni næsta sumar þegar íslenski hvítlaukurinn verður tilbúinn til sölu til neytenda en gert er ráð fyrir að að fyrsti hvítlaukurinn verði kominn í verslanir haustið 2024.

[Hér](#) má sjá umfjöllun um Dalahvítlauk á vef Heimildarinnar. [Hér](#) má sjá umfjöllun um hvítlauksræktunina á vef Morgunblaðsins. [Hér](#) má sjá fb síðu Dalahvítlauks.

ULLARVINNSLA Í DÖLUM – DALAAUÐUR

Það verður spennandi að fylgjast með nýju sprotafyrirtæki í Dalabyggð vaxa sem Frumkvæðissjóður DalaAuðs styrkti á árinu 2023. Verkefnið snýr að því að koma á fót ullarvinnslu í Dalabyggð, svokallaðri minimill, fullvinna ullarband og búa til afurðir til endursölu. Einnig að hækka afurðaverð ullarinnar til bænda og auka fjölbreytni í atvinnulífi. Heimavinnsla á ull hófst haustið 2023 en búið er að panta vélar til að skala framleiðslugetuna upp. Ingibjörg Þórunn Steinudóttir í Rauðbarðaholti er sú sem stendur að verkefninu.

[Hér](#) má sjá fésbókarsíðu Urður Ull.




Forvitnið sauðfé veltir fyrir sér verkefnisstjórnarfulltrúa í heimsókn í Ófeigsfirði í Árneshreppi

7. ATHUGUN Á VIÐHORFUM TIL VERKEFNISINS BROTHÆTTAR BYGGÐIR

Ný, endurbætt viðhorfakönnun meðal styrkþega var lögð fyrir um áramót 2023/2024. Könnunin var send út á rafrænu formi til allra styrkþega sem hlotið hafa styrk úr Frumkvæðissjóðum Brothættra byggða á árunum 2020-2023. Könnunin náði því til styrkþega sem unnið hafa að frumkvæðisverkefnum í eftirfarandi byggðarlögum: Árneshreppi, Bakkafirði, Dalabyggð, Grímsey, Strandabyggð, Stöðvarfirði og Þingeyri og nærsveitum. Heildarfjöldi styrkþega sem könnunin náði til var 174 og 102 svör bárust. Svarhlutfall var því 59%. Niðurstöðurnar eru um margt áhugaverðar og hvetjandi með tilliti til markmiða sem stefnt er að með því að veita styrki til frumkvæðisverkefna. Fáein atriði eru nefnd í þessum kafla en sjá má umfjöllun um niðurstöðurnar í kynningu, [hér](#). Hér með eru öllum sem tóku þátt í könnuninni færðar bestu þakkir.

Hversu miklu eða litlu máli skipti það fyrir þitt verkefni að það fékk styrk úr Frumkvæðissjóði Brothættra byggða?



90% svarenda gefa mikilvægi styrks einkunn frá 7-10, þar af gefa 55% einkunnina 10

Myndin er tekin á íbúafundi á Stöðvarfirði þar sem Bjarni Stefán Vilhjálmsson, annar fulltrúi íbúa í Sterkum Stöðvarfirði, segir frá sínum verkefnum.

6


Skjáfáskot úr kynningu á niðurstöðum könnunar

Styrkur virðist vera vel flestum styrkþegum mikil eða mjög mikil hvatning og margir hyggjast sækja um styrki aftur ef það er í boði. Jafnframt segja yfir 60% að það hefði verið ólíklegt eða mjög ólíklegt að verkefnið hefði orðið að veruleika án stuðningsins. Um 27% svarenda telja að verkefni þeirra hafi leitt til aukinnar atvinnu á meðan um 44% telja að svo sé ekki. Meirihluti telur að velja eigi álitlegustu verkefni hverju sinni fremur en að ákveða fyrir fram hvers konar verkefni og/eða hversu stór verkefni ætti að styrkja. Um 70% telja auðvelt eða mjög auðvelt að sækja um styrk og nær allir hafa átt auðvelt með að fá aðstoð verkefnisstjóra ef viðkomandi sóttist eftir því á annað borð. Þegar kemur að opinni

spurningu um viðhorf til verkefnisins Brothættra byggða er þakklæti fyrir stuðninginn ofarlega í huga margra þeirra sem tóku þátt í könnuninni.

Eftirfarandi eru tvö dæmi um svör við spurningum sem fjallað er um í áður nefndri kynningu á vef Byggðastofnunar.

Hvernig finnst þér að styrkfé nýtist best í þínu byggðarlagi?




Skiptar skoðanir eru á því hvernig verkefni ætti að styðja og hversu stór en stærsti hópurinn virðist þó hallast að því að láta úthlutun (eðli verkefnis, upphæðir, fjölda verkefna) ráðast af mati á umsóknum hverju sinni

Pétur í Ófeigsfirði greinir verkefnisstjórn frá verkefni sem laut að því að byggja yfir og varðveita bátinn Mjóna

10

Hversu vel gekk þér að fá hjálp hjá verkefnisstjóra ef þú leitaðir aðstoðar á annað borð?



(1=mjög illa,... 10=mjög vel)

Yfir 90% gefa aðgengi að verkefnisstjórum einkunn 6-10 og telja þannig að vel eða mjög vel hafi gengið að fá aðstoð verkefnisstjóra í umsóknarferlinu.

Sigurður Línal Þórisson, verkefnisstjóri Sterkra Stranda fer yfir stöðu mála á íbúafundi á Hólmavík.

12

8. ÁHRIFAMAT BROTHÆTTRA BYGGÐA – SKÝRSLA KPMG

Leitað var til KPMG um úttekt og áhrifamat á verkefningu að undangenginni kynningu á hugmyndum þriggja aðila um slíkt mat. KPMG vann að matinu frá vormánuðum 2023 undir forystu Róberts Ragnarssonar. Til samráðs í verkefnishópi voru þrír starfsmenn Bygðastofnunar, þau Helga Harðardóttir, Kristján Þ. Halldórsson og Sigríður Elín Þórðardóttir forstöðumaður Þróunarsviðs. KPMG skilaði lokaskýrslu í október 2023 og voru niðurstöður kynntar á afmælistálfingi á Raufarhöfn.

Í hnotskurn eru niðurstöður KPMG þessar:

- Að mati viðmælenda og íbúa gengur verkefnið Brothættir byggðir almennt vel og ánægja er með verkefnið.
- Vísbendingar eru um að Brothættar byggðir nái ekki nægilega vel að uppfylla meginmarkmið samkvæmt byggðaáætlun.

Samkvæmt byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 er meginmarkmið verkefnisins að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum og skal árangur verkefnisins m.a. mældur með íbúapróun viðkomandi byggðarlaga. Verkefningu er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri sem finna má í sérstöðu þeirra.

Heildarframlög til verkefnisins úr byggðaáætlun nema um 1.395 m.kr. á núvirði. Í helmingi þátttökubýggðarlaga fjölgaði íbúum á verkefnistímanum.


Helstu niðurstöður:

A) Meginmarkmið Brothættra byggða er ekki nægilega skýrt.

Orðalag meginmarkmiðs Brothættra byggða gefur til kynna að til þess að verkefnið teljist hafa náð árangri, sé fullnægjandi að íbúafækkun stöðvist í byggðarlagi. Taka þarf ákvörðun um hvort breyta eigi meginmarkmiði

Brothættra byggða með hliðsjón af heildarkostnaði vegna verkefnisins og árangri. Reglulega þarf að framkvæma endurmat á verkefnum á verkefnistímanum og breyta um kúrs ef verkefnið er ekki að skila tilætluðum árangri.

B) Stjórnarsýsluleg staða verkefnisins, verkefnisstjóra og verkefnisstjórnar er ekki nægilega skýr. Styrkja



þarf stjórnslulega stöðu Brothættra byggða til þess að verkefnið nái meiri árangri. Leita þarf leiða til að tengja verkefnið betur inn í stefnumörkun og áætlanagerð hins opinbera. Til þess að verkefnið nái markmiðum sínum til lengri tíma er mikilvægt að skerpa á hlutverki og ábyrgð sveitarfélaganna og stjórnvalda í eftirfylgni verkefnisins á hverjum stað fyrir sig.

C) Skerpa á verklagi, þá sérstaklega í tengslum við lok og eftirfylgni verkefna. Skerpa þarf á verklagi verkefnisins og aðlaga það að hverju svæði fyrir sig í takti við áherslur og vilja íbúa á svæðinu. Vísbendingar eru um að þörfin fyrir inngrip sé verulega ólík milli byggðarlaga og mikilvægt að aðlaga verklagið að því. Skortur er á utanumhaldi um lok og eftirfylgni verkefnisins og mikilvægt er að skýra betur ábyrgð og hlutverk hvers hagaðila að verkefni loknu.

Helstu úrbótataækifæri eru að mati KPMG eftirfarandi:

- **Efla þarf samtal verkefnastjóra við stýrihóp.** Í viðtölum við verkefnisstjóra kom skýrt fram að nauðsynlegt væri að Brothættrar byggðir fengju ákveðinn forgang í stjórnslunni til að unnt væri að koma stærri verkefnum er tengjast byggðarlaginu á dagskrá innan stjórnslunnar. Það má t.d. gera með því að verkefnisstjóri fái sterkari stjórnslulega stöðu í samskiptum við stýrihóp stjórnarráðsins um byggðarmál.
- **Tengja þarf Brothættrar byggðir betur inn í aðrar áætlanir hins opinbera.** Úrbótaverkefni sem tengjast Brothættrum byggðum hafi forgang inn í aðrar opinberar áætlanir s.s. sóknaráætlanir landshluta og samgöngu-áætlun, til að sporna við viðvarandi fólksfækkun.
- **Tryggja aðkomu og ábyrgð sveitarfélags í verkefnishóp.** Virk aðkoma sveitarstjórna skiptir sköpum við framgang verkefna og því er mikilvægt að þeir fulltrúar sem sitja í verkefnishóp hafi til þess skýrt umboð og sveitarstjórn taki ábyrgð á verkefnum sem undir hana heyra. Mikilvægt er að aðilar sveitarstjórna í verkefnishóp geri verkefninu reglulega skil innan sveitarstjórnar.
- **Innleiða skipulags- og greiningartól til notkunar við svæðisgreiningu.** Til þess að einfalda mat á áhrifum Brothættra byggða yfir verkefnistímann er æskilegt að innleiða líkan sem heldur utan um helstu mæli-kvarða verkefnisins. Þannig er auðveldara að bregðast við og grípa inn í ef byggðarlög þurfa annars konar úrræði. Skoða má norska greiningartólið PANDA sem er skipulags- og greiningartæki fyrir iðnað, lýðfræði og vinnumarkað. Líkanakerfið er bæði hagfræði- og lýðfræðilegt, þróað til notkunar við svæðisgreiningu og heildarskipulag í sýslum og sveitarfélögum.
- **Breyta meginmarkmiði og fjölga verkfærum.** Til framtíðar er æskilegt að draga úr áherslu á að sporna við neikvæðri íbúaþróun og leggja meiri áherslu á að efla frumkvæði íbúa og fjölga tækifærum til jákvæðrar atvinnu- og samfélagsþróunar. Á verkefnistíma verði lagt mat á hvort byggðarlag sé brothætt og verkefnið geti því nýst vel eða hvort að byggðarlag sé „brotið“ og þörf mikilvirkari stuðnings ríkis, landshlutasamtaka og stofnana til að ná árangri.

Um þessar mundir fer fram vinna innan Byggingastofnunar við að meta niðurstöður skýrslunnar og ráðleggingar sem þar koma fram, samfara því að meta reynslu stofnunarinnar af verkefninu og íhuga þörf á endurskoðun verklags. Við þessa vinnu verður einnig horft til nýjunga í sambærilegum verkefnum í nágrennalöndum svo sem í Noregi. Vonir standa til að ofangreind vinna verði til lykta leidd á árinu 2024. Niðurstöðuskýrslu KPMG má sjá [hér](#).



Afla landað í Norðurfirði sumarið 2018

9. AFMÆLISMÁLÞING BROTHÆTTRA BYGGÐA Á RAUFARHÖFN

Í tilefni af því að rúm tíu ár eru liðin frá því að verkefnið Brothættar byggðir hóf göngu sína var ákveðið að boða til málþings um verkefnið. Málþingið var haldið þann 5. október á Raufarhöfn, einmitt þar sem verkefnið hófst með samtali fulltrúa Byggðastofnunar við heimamenn, Atvinnuþróunarfélag Þingeyringa, Norðurþing, verkalýðsfélagið Framsýn og Háskólann á Akureyri m.a.

Á málþinginu voru flutt fjölmörg erindi og leitast við að varpa ljósi á framkvæmd verkefnisins út frá ýmsum hliðum. Þar má nefna erindi um tilurð og upphaf verkefnisins, erindi um framkvæmd verkefnisins í hnotskurn, erindi um samtalið við íbúa, hlutverk verkefnisstjóra, samstarf hagaðila og mikilvægi styrkja úr Frumkvæðissjóðum Brothættra byggða. Enn fremur erindi KPMG um niðurstöður áhrifamats og úttektar á Brothættum byggðum og að síðustu erindi skrifstofustjóra hjá innviðaráðuneytinu, Aðalsteins Þorsteinssonar, um framtíð og þörf fyrir verkfærið Brothættar byggðir. Svo vill til að Aðalsteinn, þáverandi forstjóri Byggðastofnunar, var einmitt einn af upphafsmönnum verkefnisins á Raufarhöfn.

Mæting á málþingið var góð og þar voru 70-80 gestir samankomnir. Einnig var hægt að fylgjast með málþinginu í streymi og mun talsverður fjöldi hafa nýtt sér þann kost. Frá sjónarhóli þeirra sem að málþinginu stóðu, þ.e. Byggðastofnunar, voru erindin fróðleg og um margt mátti greina ánægju með þau úrræði sem verkefnið hefur gefið íbúum byggðarlaga sem eiga í vök að verjast af ýmsum ástæðum og hafa tekið þátt í verkefninu. Einnig kom fram að í sumum tilvikum þarf að gera meira ef takast á að snúa vörn í sókn og þar þurfa allir að leggjast á árar. Í því sambandi má benda á að í erindi eins fulltrúa íbúa í verkefnisstjórn kom fram að alvarleg staða kemur upp þegar ósætti í samfélaginu hamlar árangri.

Í lok dagskrár sá Sigurborg Kr. Hannesdóttir frá ráðgjafafyrirtækinu Ildi um samtal fundargesta um málefni Brothættra byggða með aðferðafræði sem notuð hefur verið á íbúapíngum og -fundum. Nanna Steina Höskuldsdóttir verkefnisstjóri *Raufarhafnar* og *framtíðarinnar* stýrði samkomunni og Hótel Norðurljós sáu um veitingar. Eftir málþingið bauðst geastum að fræðast um Óskarsstöð og fara í Heimskautsgerðið. Heimamenn tóku sannarlega á móti málþingsgestum á Raufarhöfn með glæsibrag.

Nánari umfjöllun um málþingið má sjá í frétt, [hér](#) og einnig má á vef Byggðastofnunar sjá dagskrá málþingsins og

upptökur af erindum á einum stað, [hér](#).

Nokkrar svipmyndir frá málþinginu og heimsóknnum í Óskarsstöð og Heimskautsgerði fara hér á eftir:



Formaður stjórnar, Halldóra Kristín Hauksdóttir, ávarpar þingið



Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir fer yfir upphaf verkefnisins



Aðalsteinn Þorsteinsson, skrifstofustjóri inn, íhugar framtíðina



Málþingsgestir hlýða á framsöguerindi



Öflugir fulltrúar Borgarfjarðar eystra



Frá heimsókn í Óskarsstöð, Snorri Freyr Hilmarsson segir frá



Heimskautsgerðið skoðað í norðaustan næðingi



Raufarhöfn séð frá Heimskautsgerðinu á Melrakaási

10. VIÐAUKAR

VIÐAUKI I. ÁFRAM ÁRNESHREPPUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA

Meginmarkmið 1 - Traustur landbúnaður og sjávarútvegur						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Nýliðun í landbúnaði						Tveir bændur hafa hafið sauðfjárþúskap í stað tveggja sem hættu þúskap.
Styrking sauðfjarræktar						Í greinargerð til landbúnaðarráðherra er lögð áhersla á nýliðun.
Veiðiheimplidur út frá sérstöðu sveitarfélagsins						Byggðakvóti fyrir árið 2023 jókst um 100%.
Auka framlegð strandveiða til samfélagsins						Vandséð er hvernig hægt er að auka framlegð þeirra strandveiðisjómannanna sem róa frá Norðurfjarðarhöfn.
Frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eft						Nokkur nýsköpunarverkefni eru í gangi, m.a. húsasmíði, jóga, fjölbreytt afþreying og íþróttaaðstaða. Kjöttvinnsla er í startholunum.
Meginmarkmið 2 - Einstakt menningarlandslag og náttúra						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Bæta innviði fyrir ferðaþjónustuna						Stofnuð hafa verið Ferðamálasamtök Árneshrepps. Þau fóru í markaðssetningarátak sem heppnaðist vel.
Merking handverks og iðnaðar						Kjöttvinnsluverkefni sem er í startholunum hyggst láta hanna logo.
Þróun minjagripa						Verkefnið hlaut ekki hljómgrunn og hefur lítið verið fylgt eftir.
Efling ferðaþjónustu						Stofnuð voru Ferðamálasamtök Árneshrepps sem hafa staðið fyrir markaðssetningarátaki og fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa hlotið styrki til nýsköpunar og fjölgunar afþreyingarmöguleika.
Endurgera fuglaskoðunar- og útsýnisstað						Þetta verkefni hefur ekki náð flugi.
Gera fornar minjar sýnilegri						Efnt var til samstarfs við Minjastofnun um verkefni í Kúvíkum. Skýrsla um það verkefni hefur verið birt á vef sveitarfélagsins.
Merkingar og aðstaða við höfnina í Norðurfirði						Styrkur fékkst frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 2021. Hönnunarvinna fór fram 2021—2022. Framkvæmdir sumarið 2023 og lýkur væntanlega 2024.

Hitaveita í Norðurfirði						Borholan hefur verið dæluþrófuð og hönnun á hitaveitu liggur fyrir. Ekki náðust samningar við landeigendur og er verkefnið því strandað.
Umhverfi gámasvæðis verði bætt						Umhverfi gámasvæðis lagast væntanlega nokkuð, m.a. við endurbætur á Norðurfjarðarhöfn.
Meginmarkmið 3 - Öflugir innviðir						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Hærra fastur afsláttur af fargjöldum						Skoska leiðin er komin á, en í greinargerð til innviðaráðherra er lagt til að enn lengra verði gengið.
Bæta samskipti við Vegagerðina						Árlegir fundir hafa verið haldnir með Vegagerðinni. Samskipti við stofnunina hafa batnað til muna.
Vegagerð yfir Veiðileysuháls						Framkvæmdirnar eru tilbúnar í útboð, en samkvæmt tillögu að nýrri samgönguáætlun verður verkinu frestað um 5 ár.
Bæta vetrarþjónustu á vegum						Tilraunaverkefni um vetrarmokstur verður haldið áfram. Vonir standa til þess að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera.
Hefja umræðu um jarðgöng úr Reykjarfirði						Eftir því sem hillir undir að heilsársvegur verði lagður yfir Veiðileysuháls er brýnna að skipuleggja og undirbúa framkvæmdir á kaflanum frá Djúpavík til Norðurfjarðar. Þetta var tekið fyrir á fundi með Vegagerðinni 2021 og aftur í október 2023, þá með umræðu um vegagerð yfir Naustvíkurskötö.
Samstarf við Orkustofnun um smávirkjanir						Efnt hefur verið til samtals við Orkustofnun. Framkvæmdir eru hafnar við smávirkjun í Ófeigsfirði og líkur eru á annarri í Reykjarfirði.
Skólastarfi í Finnbogastaðaskóla						Lítill starfsemi hefur verið í skólabyggingunni en hún leigð út til að svara brýnni húsnæðisþörf.
Betri og jafnari þjónusta læknis						Óskum var komið á framfæri við Heilbrigðisstofnun Vesturlands, en það þarf að fylgja þessu máli eftir.
Fjarþjónusta á sviði heilsugæslu						Rætt við Heilbrigðisstofnun Vesturlands.
Lagning ljósleiðara						Ljósleiðari lagður með styrk úr Fjarskiptasjóði í Norðurfjörð og að Munaðarnesi. Verður vonandi lagður að Felli og yfir á Eyri vorið 2024.
Verslun í Norðurfirði						Verzlunarfjelað Árneshrepps stofnað 2019. Verslun rekin í Norðurfirði og gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki.

Meginmarkmið 4 - Samheldið samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Plastpokalaus Árneshreppur						Fyrirtæki í Árneshreppi eru hætt að nota plastpoka.
Hreinsun fjara						Átak í hreinsun fjara við Finnbogastaði 2019. Einkaaðilar hafa líka tekið þetta verkefni upp með aðstoð sjálfbóðaliðasamtaka. Eilífðarverkefni.
Fræðslu- eða tómstundanámskeið						Erfitt að koma í kring vegna fólksfæðar. Væri hægt að skoða rafrænt.
Húsnæðisþörf verði metin						Verið að hanna vef til að bóka það húsnæði sem er í boði fyrir stafræna flakkara eða störf án staðsetningar.
Kanna möguleika á aðkomu gesta/ferðafólks að göngum						Lítill áhugi hjá bændum, talið að óvanir þurfi það mikla verkstjórn að ekki svari kostnaði.

VIÐAUKI II. BETRI BAKKAFJÖRÐUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA

I. Meginmarkmið: Sterkir samfélagsinnviðir						
	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Starfsmarkmið 1.1: Sníða lausn í skóla- og vistunarmálum sem hentar börnunum og samfélaginu við Bakkafjörð fyrir árslok 2022, líkt og kveðið er á um í sérstökum samfélagsáttmála milli íbúa við Bakkaflóa,						Fjallað er um dagvistunar- og skólamál í sérstökum samfélagsáttmála milli íbúa við Bakkaflóa, Langanesbyggðar og ríkisins vegna byggðar við Bakkaflóa. Sáttmálinn var staðfestur í ársbyrjun 2022. Þá er unnið að nýrri skólastefnu Langanesbyggðar.

Langanesbyggðar og ríkisins. Farnar verði nýjar leiðir sem geta nýst dreifðum byggðum og samræmast getu sveitarfélagsins Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra.					
Starfsmarkmið 1.2: Aðstoða fólk sem lengi hefur verið atvinnulaust við að komast aftur í virkni fyrir lok mars 2021.					Aflagt 2022. Með tilkomu nýrra rekstraraðila að fiskvinnslu á staðnum sköpuðust störf sem íbúar í atvinnuleit nýttu sér. Það má því segja að markmiðinu hafi verið náð.
Starfsmarkmið 1.3: Koma á fót kaffihúsi, veitingastað og pöntunarþjónustu fyrir 18. Október 2019. Ábyrgð: Rekstraraðili Hafnartanga 4.					Sveitarfélagið gekk til samninga við nýja rekstraraðila vegna reksturs á veitinga-, kaffihúsi og pöntunarþjónustu. Þjónustan hefur verið nýtt bæði af heimamönnum og gestum og opnunartími verið reglubundinn.
Starfsmarkmið 1.4: Kanna möguleika á samstarfi við Orkusetur/Orkustofnun um átak í orkusparandi aðgerðum á íbúðarhúsnæði, fyrir lok mars 2020. Ábyrgð: Verkefnisstjórn.					Farið var í átak með íbúum árið 2020 samhliða því þegar Orkusjóður auglýsti eftir umsóknum til orkusparandi aðgerða. Níu umsóknir voru sendar til Orkusjóðs frá Bakkafirði og hlutu allar jákvæða afgreiðslu.
Starfsmarkmið 1.5: Vinna markvisst að því að auka sókn frumkvöðla í samfélaginu í styrktarsjóði fyrir utan verkefnið Betri Bakkafjörð. Að lágmarki verði komnir fjórir styrkir til verkefna í byggðarlaginu fyrir lok október 2020 Ábyrgð: Verkefnisstjóri.					Einstaklingar og fyrirtæki hafa haldið áfram að senda inn umsóknir í hina ýmsu sjóði á árinu. Nefna má Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra, og var eftir því tekið hversu margar umsóknir bárust að þessu sinni í Uppbyggingarsjóð af svæðinu.
Starfsmarkmið 1.6: Lokið verði við lagningu ljósleiðara í byggðina við Bakkaflóa á árinu 2019. Ábyrgð: Langanesbyggð.					Búið er að tengja byggðina á Bakkafirði við ljósleiðara sem lagður var í þorpið á árinu.
Starfsmarkmið 1.7: Kanna möguleika á að koma á fót heilsueflandi almennings-samgöngum innan sveitarfélagsins, þarfagreiningu lokið fyrir árslok 2022. Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra.					Vinna langt komin en ekki lokið. Íbúakönnun hefur verið framkvæmd og hluti þarfagreiningar.
Starfsmarkmið 1.8: Styrkja hverfisráð Bakkafjarðar og horfa í þeim efnum til reynslu annarra fjölkjarna- og víðfeðmra sveitarfélaga. Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við hverfisráð Bakkafjarðar.					Nýtt starfsmarkmið 2022. Formaður hverfisráðs og verkefnisstjóri heimsóttu á árinu Borgarfjörð Eystra og kynntu sér reynslu þar af heimastjórn. Í kjölfarið skiluðu þeir af sér minnisblaði og kynntu í hverfisráði. Frekari umræða ekki farið fram en hverfisráð fundaði reglulega á árinu og tók virkan þátt í að forgangsraða verkefnum og koma á

						framkvæmdaáætlun Langanesbyggðar.
II. Meginmarkmið: Öflugt atvinnulíf						
	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Starfsmarkmið 2.1: Kominn verði viðbótar sértækur byggðakvóti í farveg fyrir lok nóvember 2019. <i>Ábyrgð:</i> Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra og Byggðastofnun.						Fyrirtæki í sjávarútvegi á Bakkafirði fengu úthlutað byggðakvóta sem skapað hefur atvinnu á staðnum.
Starfsmarkmið 2.2: Komin verði tvö fjarvinnslustörf í Grunnskólahúsinu á Bakkafirði fyrir lok júlí 2023. Þá verði möguleikar skoðaðir á að koma upp vinnuaðstöðu fyrir óstaðbundin störf. <i>Ábyrgð:</i> Verkefnisstjóri í samstarfi við Langanesbyggð.						Þjóðskjalasafn Íslands auglýsti til umsóknar tímabundið starf á Bakkafirði við skráningu sóknarmannatala. Starfið byggir á styrksamningi Þjóðskjalasafns Íslands við Byggðastofnun f.h. innviðaráðherra, með vísan í aðgerð B.8 – Fjarvinnslustöðvar í stefnumótandi byggðaáætlun. Óvist er um framhaldið en hins vegar eru uppi áætlanir um að styrkja aðstöðuna í grunnskólahúsinu, sem getur nýst fyrir óstaðbundin störf.
Starfsmarkmið 2.3: Skapa umgjörð og fá náttúrufræðing til starfa á staðnum fyrir mitt ár 2023 í samræmi við tillögu 5 í skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa. <i>Ábyrgð:</i> Verkefnisstjóri í samstarfi við verkefnisstjórn, ráðuneyti og viðeigandi stofnanir.						SSNE og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið gerðu með sér samning sem hefur það að markmiði að koma á samstarfi um stofnun starfsstöðvar í náttúruvannsóknnum á Bakkafirði. Framlag til verkefnisins kemur úr stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, aðgerða C.9 – Náttúruvernd til eflingar byggðapróunar. Vinnu við það verkefni er lokið en niðurstöður hafa ekki verið kynntar með formlegum hætti. Augljós samlegð er með hugmyndum um stofnun þjóðgarðs á utanverðu Langanesi.
Starfsmarkmið 2.4: Ferðaþjónusta tengd skólahúsnæðinu fyrir lok júní 2019 <i>Ábyrgð:</i> Rekstraraðili Skólagötu 4.						Aðstöðu hefur verið komið upp í skólahúsnæðinu til reksturs ferðaþjónustu og nýir rekstraraðilar teknir við. Hægt að bóka þar gistingu allt árið um kring.
Starfsmarkmið 2.5: Kortleggja möguleika á að koma upp afþreyingu á svæðinu, til dæmis stangveiði, hvala- eða fuglaskoðun og/eða komu «Expedition» skemmtiferðaskipa fyrir mitt ár 2020. <i>Ábyrgð:</i> Verkefnisstjóri í samstarfi við frumkvöðla			X			Verkefnisstjórn styrkti aðila sem ráðgerðu að fara út í hvala- og fuglaskoðun. Vegna COVID-veirunnar röskuðust þau plön og umsækjandi féll frá verkefninu. Ferðaþjónustufyrirtækið NorthEast býður hins vegar upp á ýmsar ferðir og auglýsir á sinni heimasíðu. Fleiri hugmyndir eru í þróun.
Starfsmarkmið 2.6: Skilgreina/kortleggja og merkja gönguleiðir í nágrenni Bakkafjarðar. <i>Ábyrgð:</i> Hverfisráð Bakkafjarðar í samstarfi við atvinnu- og nýsköpunarnefnd						Greinargott gönguleiðakort er til yfir helstu gönguleiðir umhverfis Bakkafjörð. Þá eru til stikur til að merkja helstu leiðir. Framhald verkefnisins er á borði Hverfisráðs Bakkafjarðar.

Langanesbyggðar og Markaðsstofu Norðurlands						
Starfsmarkmið 2.7: Koma starfsemi af stað í húsnæði við Hafnargötu 2-4, fyrir apríl 2020. Ábyrgð: Eigendur húsanna í samstarfi við verkefnisstjóra.						Bjargið ehf. keypti þrotabú Toppfisks og kom á fót fiskvinnslu sem hefur skapað störf fyrir ákveðinn hóp.
Starfsmarkmið 2.8: Námskeið í stofnun og rekstri fyrirtækja, fyrir lok nóvember 2022. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við SSNE og Kistuna						Ekki hefur orðið af þessu verkefni, en mikilvægt að fylgja því eftir. Mögulega í samvinnu við Kistuna, atvinnu- og nýsköpunarsetur Langanesbyggðar.
Starfsmarkmið 2.9: Látta útbúa áningastaði/útskot við veginn um Langanesströnd Ábyrgð: Sveitarstjórn Langanesbyggðar.						Með nýjum uppbyggðum vegi milli Þórshafnar og Bakkafjarðar hefur verið komið fyrir áningarstöðum/ útskotum á valda staði.
Starfsmarkmið 2.10: Fjölga nýsköpunarverkefnum tengdum sjávarútvegi, fyrir mitt ár 2023. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við fyrirtæki.						Nýtt starfsmarkmið árið 2022. Fiskvinnslufyrirtækið Bjargið ehf. hlaut árið styrk að upphæð kr. 4.500.000 úr Lóunni nýsköpunarsjóði fyrir verkefnið Grásleppugæði. Verkefnið leiddi af sér nýtt verkefni sem hlaut veglegan styrk úr Matvælasjóði árið 2023.
Starfsmarkmið 2.11: Skilgreina að minnsta kosti einn ferðamannastað við Bakkaflóa fyrir nýja áfangastaðáætlun Norðurlands sem tekur gildi 2024. Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra og íbúa.						Nýtt starfsmarkmið árið 2022. Sem stendur eru tveir áfangastaðir við Bakkaflóa skilgreindir sem forgangsverkefni í áfangastaðáætlun fyrir árin 2021-2023.
Starfsmarkmið 2.12: Kanna jarðveg fyrir uppbyggingu hótels við Bakkaflóa, fyrir mitt ár 2023. Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra.						Nýtt starfsmarkmið árið 2022, ekki formlega hafið.
III. Meginmarkmið: Aðlaðandi umhverfi Bakkafjarðar						
	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Starfsmarkmið 3.1: Unnið verði að því með íbúum að fanga sérstöðu Bakkafjarðar og nærsveita og koma henni á framfæri í samfélaginu og utan þess fyrir mitt ár 2023. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við íbúa og fjölmiðla.						Menningu og sögu staðarins var miðlað með fjölbreyttum hætti á árinu. Bakkafjörður byggir tilvist sína á sjósókn og sjávarútvegi. Þá eru tækifæri til staðar í landbúnaði og ferðaþjónustu sökum þess að svæðið er talið henta vel til sauðfjárræktar. Náttúran og viðurnið eru ákveðin tækifæri fyrir tiltekinn hóp ferðamanna.
Starfsmarkmið 3.2: Virkja kraft íbúana til framfara. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við Hverfisráð Bakkafjarðar						Íbúar hafa í gegnum árin verið virkir í því að hlúa að byggðarlaginu. Áhugi íbúa s.s. á umhverfismálum, skógrækt, eyðingu lúpínu og verndun gamalla húsa er ákveðinn styrkur samfélagsins. Íbúar

						héldu framfarafund á árinu og ræddu þar ýmis mikilvæg mál.
Starfsmarkmið 3.3: Móta aðgerðaráætlun í umhverfismálum á Bakkafirði og nærsveitum, líkt og kveðið er á um í sérstökum samfélagssáttmála milli íbúa við Bakkaflóa, Langanesbyggðar og ríkisins, fyrir lok árs 2023. <i>Ábyrgð:</i> Langanesbyggð í samstarfi við hverfisráð og íbúa.						Sveitarfélagið Langanesbyggð hefur skoðað möguleika sem felast í samstarfi á svæðinu í sörpmálum. Unnið er að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi (2023-2036) og þá er fjallað um umhverfismál í sérstökum samfélagssáttmála milli íbúa við Bakkaflóa, Langanesbyggðar og ríkisins. Áætlun liggur fyrir um fráveitumál.
Starfsmarkmið 3.4: Meta kosti þess að endurheimta Bláfánann fyrir höfnina.						<i>Aflagt 2022.</i> Málið hefur verið skoðað og niðurstaðan var að ekki væri ástæða til að endurheimta Bláfánann að svo stöddu.
Starfsmarkmið 3.5: Langanesbyggð verði í fremstu röð varðandi innleiðingu heilsueflandi samfélags. <i>Ábyrgð:</i> Stýrihópur um heilsueflandi samfélag, HSAM hópurinn.						Í Langanesbyggð eru íbúar meðvitaðir um mikilvægi þess að stunda heilsueflandi starfsemi, m.a. með útivist og nýta sé það sem íþróttamiðstöðin hefur upp á að bjóða. Verkefnisstjóri Langanesbyggðar fyrir Heilsueflandi samfélag (HSAM) hefur haft samráð við verkefnisstjóra og hverfisráð Bakkafjarðar og ráðgert er að efla það samstarf.
Starfsmarkmið 3.6: Átak verði gert í að bæta umhirðu fasteigna og umhverfis. <i>Ábyrgð:</i> Íbúar, fyrirtæki, fasteignaeigendur og Langanesbyggð.						Húseigendur á Bakkafirði halda almennt húsum sínum vel við. Gert hefur verið átak í lagfæringu íbúðar- og atvinnuhúsa, sem kölluðu á endurbætur, auk þess að lagfæra umhverfi þeirra.
Starfsmarkmið 3.7: Skoða hvort hægt sé að finna jörðinni Skeggjastöðum nýtt hlutverk, ásamt meðfylgjandi húsakostum, fyrir mitt ár 2023. <i>Ábyrgð:</i> Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra og sóknarnefnd Skeggjastaða.						Nýtt starfsmarkmið árið 2022. Langanesbyggð hefur gert samning við rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar um langtímaleigu á Skeggjastöðum en engar ákvarðanir hafa verið teknar um framtíðarnot.
IV. Meginmarkmið: Skapandi mannlíf						
	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Starfsmarkmið 4.1: Skipuleggja gamla hafnarsvæðið og framfylgja og framkvæma þá stefnu. <i>Ábyrgð:</i> Langanesbyggð og verkefnisstjóri.						Starfsmarkmiði breytt árið 2022. Deiliskipulag af gamla hafnarsvæðinu hefur fengið lögformlega afgreiðslu. Hluti þess skipulags hefur komið til framkvæmda með nýjum útsýnispalli og öðrum framkvæmdum á Hafnartanganum. Þá stóðu íbúar fyrir skemmtilegri hugmyndavinnu á árinu og fengu til sín landslagsarkitekt til að vinna hugmyndirnar áfram. Verkefnisstjóri mun halda áfram með þessa vinnu og koma hugmyndum íbúa í framkvæmd.
Starfsmarkmið 4.2: Útbúa aðstöðu á Bakkafirði fyrir innlent						Starfsmarkmiði breytt árið 2022. Verkefnið hefur ekki farið af stað.

og erlent listafólk og listnema. Ábyrgð: Verkefnisstjóri					
Starfsmarkmið 4.3: Kvikmynd um Langanesbyggð. Ábyrgð: Langanesbyggð					Verkefnisstjórn lítur svo á að markmiðum þessa verkefnis hafi verið sinnt. Fjölmiðillinn N4 framleiddi sjónvarpsefni í tveimur hlutum um Bakkafjörð. Þá hefur ferðaþjónustufyrirtækið NorthEast framleitt markaðskynningarefni og kynningarmyndband.
Starfsmarkmið 4.4: Skógrækt í þéttbýlinu. Ábyrgð: Verkefnisstjóri.					Áhugafólk um skógrækt hefur haldið úti félagi sem hefur gróðursett tré á svæðinu. Stefnt er að því að gera skógræktaráætlun fyrir Bakkafjörð sambærilega þeirri sem hefur verið unnin á Þórshöfn og hefur þegar komið til framkvæmda.
Starfsmarkmið 4.5: Efla samstarf/tengsl innan sveitarfélagsins. Lokið maí 2023. Ábyrgð: Hverfisráð Bakkafjarðar.					Þáttur í eflingu tengsla innan sveitarfélagsins var stofnun hverfisráðs sem hefur fundað reglulega. Þá hefur Björgunarsveitin Hafliði unnið að því að treysta sitt starf á Bakkafirði. Halda þarf áfram vinnu við eflingu samskipta innan sveitarfélagsins.
Starfsmarkmið 4.6: Íslenskukennsla fyrir útlendinga Ábyrgð: Langanesbyggð					Boðið var upp á íslenskukennslu fyrri hluta árs 2022, í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga og fyrirtæki á staðnum. Full ástæða er til að fylgja því eftir með framhaldsnámskeiði.
Starfsmarkmið 4.7: Virkja íbúasamtök Bakkafjarðar. Ábyrgð: Íbúar.					Stofnað var hverfisráð sem er ákveðið skref á þessari braut.

VIÐAUKI III. STERKAR STRANDIR, STAÐA STARFSMARKMIÐA

Sterkir innviðir og öflug þjónusta						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Stofnuð verði vefverslun fyrir svæðið						Kvaka er vefverslun Strandamanna.
Tryggja skipulagða móttöku nýbúa						Óformlegar samræður hafnar, íbúahandbók móttökuáætlun
Verkefni sem búa í haginn fyrir ungt fólk kortlögð og stofnuð						Samvinna sveitarfélaga vegna ungmennastarfs
Allur Innstrandavegur fær bundið slitlag, einbreiðar brýr upprættar, vegrið bætt, Hrutafjörður þveraður.						Verið að vinna í þessu
Háhraðanet/5G á Hólmavík						Verið að vinna í þessu
Raforkukostnaður jafnaður milli dreifbýlis og þéttbýlis						Verið að vinna í þessu
Aukið framboð á fjölbreyttu húsnæði						Viðræður við HMS í gangi eftir nokkurt hlé. Aðalskipulagsgerð. Hótelframkvæmdir.
Kanna og kortleggja þarfir á menningar- og tómstundaframboði						Framboð aukið (bogfimi)
Kortleggja nýsköpunarmöguleika í menntun						
Koma á fót tveimur nýjum tómstundamöguleikum						Sjóíþróttafélagið Rán stofnað. Golfhermir kominn til golfklúbbsins.
Hefja hitaveituframkvæmdir fyrir Hólmavík						Jarðhitaleitarverkefni hafið á Gálmaströnd með fulltingi Sterkra Stranda.
Niðurgreiðsla rafmagns til húshitunar á köldum svæðum taki einnig til atvinnuhúsnæðis						Reglulegt samtal í gangi við hlutaðeigandi.

Stígandi í atvinnulífi						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Strandir verði miðstöð þjóðtrúar á Íslandi						Ötult starf Rannsóknaseturs HÍ skýrir góða stöðu.
Stofnun heilsutengds ferðapjónustufyrirtækis eða uppbyggingarseturs						Kyrrðarkraftur náði ekki flugi. Hugsanlega hótél í farvatninu sem nýtir þetta tækifæri. Þjónustumiðstöð aldraðra.
Tryggja Strandabyggð auknar fiskveiðiheimildir						Verið að vinna að sértækum byggðakvóta.
Bæta afkomu ferðapjónustufyrirtækja og auka fjölbreytni þeirra						Áratak hefur hafið störf og ÓBH skoðar stjóstangveiði.
Hefja félags- og atvinnustarfsemi tengda sjósporti						Sjóíþróttafélagið Rán.
Gerðar verði tilraunir með veiðar á grjótkrabba og/eða öðrum vannýttum tegundum, svo sem flundru, til nytja						Hafgustur ehf stofnaður.
Gera fólki kleift að starfa og setjast að í Strandabyggð og sinna störfum án staðsetningar						Aukin markaðssetning á Þróunarsetrinu hófst.
Skipuleggja og framkvæma átak í aukinni fjölbreytni atvinnulífs						Hótél er í farvatninu sem mun skapa ný störf, bein og óbein.
Komið verði á fót a.m.k. einni nýrri einingu/starfsemi í fullvinnslu og sölu afurða úr landbúnaði eða sjávarútvegi						Kjótvinnslan á Stóra-Fjarðarhorni. Vinnslan á Húsavík studd og Hafgustur fékk styrk úr Matvælasjóði til vöruþróunar og vinnslu grjótkrabba. Auk nýsköpunarverkefna í landbúnaði.
Möguleikar til fiskeldis rannsakaðir og viðhorf íbúa könnuð						Vestfjarðastofa hefur lokið viðamikilli könnun og úttekt. Innviðagreining næstum klár. Regluverk helsti tálminn hér.
Stofnuð að lágmarki tvö verkefni sem stuðla að fjölgun skapandi starfa						Ýmis menningarverkefni styrkt 2020 og 2021 og 2022.
Ráðning ferðamála fulltrúa til sveitarfélagsins, hugsanlega í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög						

Stolt og sjálfbært samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Þrjú útivistarfélög séu virk og sjálfbær hið minnsta						Skíðafélagið, Sjóþróttafélagið og Golfklúbburinn öll studd og virk.
Einn nýr ferðamannastaður / gönguleið gerð frá grunni hið minnsta						Samtal hafið um stofnun ferðamálafélags.
Gönguleiðir í Strandabyggð kortlagðar, merktar og hannaðar						--/--
Áhugaverðir staðir í Strandabyggð merktir						Skilti Viðeyjarhúss.
Gerð og miðlun kynningarefnis um útivistarmöguleika í Strandabyggð						Ferðamálafélag þarf.
Kortlagning möguleika á verkefnum tengdum svæðis- og þjóðgörðum í sátt við samfélag og náttúru						--/--
Sýnileiki svæðisins aukinn og ímynd þess styrkt						Strandir.is
Átak í að fegra og hreinsa umhverfið						67 bílhræ osfrv fjarlægð, vantar fjármagn í heilbrigðiseftirlit.
Átak í nýtingu Umhverfissvottunar Vestfjarða						Verkefnastjóri komin til Vestfjarðastofu.
Áhersla lögð á stuðning við rannsóknir, miðlun og hagnýtingu á menningararfi svæðisins þannig að þessum störfum fjölgi um fjórðung						Vinna í gangi en ekkert í hendi.
Stutt við að minnsta kosti tvö verkefni á ári sem stuðla að jákvæðri kynningu og aukinni fréttamiðlun						Strandir.is fékk góðan stuðning, fjöldi menningarverkefna studdur.
Malbikun gatna á Hólmavík						Hafnarsvæði malbikað og miðbæjarkjarni á áætlun.
Gangstéttar á Hólmavík bætтар						Á áætlun 2024.
Verndarsvæði í byggð á Hólmavík samþykkt af íbúum og ráðherra						Tillaga í vinnslu.
Stofnun héraðsskjalasafns fyrir Strandir						Skýrsla í vinnslu. Verkefni óraunhæft. Málinu lokið.
Sérstök kortlagning á þörfum og möguleikum íbúa dreifbýlis Strandabyggðar						
Kynna öflugt menntastarf í Strandabyggð						Skoðast með menntastefnu Vestfj.

VIÐAUKI IV. STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA



Meginmarkmið 1: Fyrirmyndar umhverfi							
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
1.1 Farið verði í hugmyndavinnu með virku samstarfi íbúa og sveitarfélags um nýtingu á Balanum.						Lokið	Vor 2023
1.2 Uppbygging hafin á Balanum og fyrstu áföngum lokið 2023.							Lok árs 2023
1.3 Átak í gerð göngu – og hjólastíga. A.m.k. tvær nýjar leiðir verði tilbúnar haustið 2025.							Haust 2025
1.4 Útgáfa á göngukorti eða rafrænni leiðsögn um Stöðvarfjörð og nágrenni.							Lok árs 2023
1.5 Árlegir hreinsunardagar. Úrbótaganga.						Lokið 2023	Vor 2023
1.6 Íbúafundur og hugmyndavinna um hvernig miðbæ er ákjósanlegast að hafa á Stöðvarfirði.						Verður haldinn fyrir vor '24	Vor 2023
1.7 Kannaður verður grundvöllur fyrir því að haldið verði áfram með verkefnið Skúlpúraslóð.						Ekki hafin vinna við þetta markmið	Sumar 2023
1.8 Skoðaður verður sá möguleiki að sett verði útilíkamsræktartæki við vinsælar gönguleiðir.							Vor 2024
1.9 Greining gerð á hundasvæði.						Lokið	Lok árs 2023
1.10 Göngustígum á Stöðvarfirði og í grennd við þorpið verði viðhaldið og vinna kláruð við endurbætur eftir því sem við á.							Lok árs 2024
1.11 Gangstéttir kláraðar og bætt þar sem vantar.							Lok árs 2024
1.12 Kannaðir verði möguleikar á aðgerðum í orkusparnaði fyrir íbúðarhúsnæði.						Í vinnslu	Lok árs 2023

1.1 Hugmyndavinna um nýtingu á Balanum: Eftir íbúafund nóvember 2022 teiknaði Verkfræðistofan Efla upp hugmynd sem var svo lögð fram til kynningar á öðrum íbúafundi þann 3.maí. Sú hugmynd var samþykkt af íbúum og send svo áfram til Fjarðabyggðar til áframhaldandi vinnu.

1.2 Uppbygging á Balanum hafin og fyrsta áfanga lokið í lok árs 2023: Það þarf að gera aðalskipulag fyrir þetta miðsvæði á Stöðvarfirði og var fjármagn tryggt fyrir það verkefni í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2024.

1.3 Átak í gerð göngu – og hjólastíga. A.m.k. tvær nýjar leiðir verði tilbúnar haustið 2025: Þrjár göngustígar voru lagðir sumarið 2023.

1.4 Útgáfa á göngukorti eða rafrænni leiðsögn um Stöðvarfjörð og nágrenni: Íbúasamtök Stöðvarfjarðar fengu styrk frá Frumkvæðissjóði 2023 til þess að hefja undirbúning á rafrænu göngukorti um Stöðvarfjörð.

1.5 Árlegir hreinsunardagar: Árlegt stafsmarkmið. Hreinsunardagur var haldinn í enda apríl og mættu um 40% íbúa og hreinsuðu bæinn. Eftir það var íbúum boðið í grill í blíðskaparveðri.

1.10 Göngustígum viðhaldið: Það hefur verið unnið að því að bæta göngustíga innanbæjar í grennd við grunnskóla Stöðvarfjarðar.

1.9 Greining á hundasvæði Stöðvarfjarðar: Nokkrir íbúar Stöðvarfjarðar tóku sig saman og þarfagreindu núverandi hundasvæði sem er núna opið svæði í órækt. Verkefnisstjóri vann minnisblað fyrir íbúa til að senda áfram til Fjarðabyggðar um málefnið. Er það minnisblað í höndum þessa vinnuhóps íbúa og á þeirra ábyrgð að senda inn til Fjarðabyggðar ef vilji er fyrir því.

1.12 Kannaðir verði möguleikar á aðgerðum í orkusparnaði fyrir íbúðarhúsnæði fyrir lok árs 2023: Í lok nóvember var sendur tölvupóstur til íbúa Stöðvarfjarðar og þeim kynntur styrkur Orkustofnunar til kaupa og uppsetningar á varmadælum á köldum svæðum. Áhugi er mikill á meðal húseiganda og byrjað er að kanna hvort hægt sé að fá tilboð hjá fyrirtækjum sem sérhæfa sig í uppsetningu á varmadælum í innkaupum og vinnu við uppsetningu.



Mynd 5: Göngustígagerð norðan við Stöðvarfjörð

Meginmarkmið 2: Samhaldið samfélag

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
2.1 Virkja fjarbúa og stofna félag brottfluttra Stöðfirðinga.						Lokið	Lok árs 2022
2.2 Kanna grundvöll fyrir leigu-miðlun fyrir íbúðir sem ekki eru í heilsárs notkun.						Lokið	Vor 2023
2.3 Athuga þörf og fýsileika á húsnæðiskostum fyrir aldraða, svo sem þjónustuíbúðum, dvalar-heimili og minni raðhúsum							Lok árs 2023
2.4 Sveitarfélagið skoði möguleika á ýmsum fjárhagslegum aðgerðum, til dæmis að fella niður eða gefa afslátt af opinberum gjöldum í því skyni að laða að nýja íbúa, fyrirtæki og fjárfesta							Lok árs 2024
2.5 Kannaðir verði möguleikar á breytingu á opnunartíma sundlaugar með tilraunaverkefni í þeim tilgangi að koma til móts við þarfir notenda og auka nýtingu á sundlauginni.						Athuga með fyrir '24	Sumar 2023
2.6 Kannaður verði grundvöllur fyrir lækkun orkukostnaðar í rekstri sundlaugar.						Ekki hafin vinna við þetta markmið	Lok árs 2023
2.7 Finna leiðir til að styrkja rekstur verslunar frekar til framtíðar, meðal annars með aðgerðum Byggðaaætlunar (A9).							Haust 2022
2.8 Aðstaða við Ölduna verði bætt.							Lok árs 2024
2.9 Tryggja þeim sem þess óska aðgang að raunfærnimati byggðu á starfsreynslu, sem og náms- og starfsráðgjöf.						Boðið verður upp á árlega	Haust 2022
2.10 Í samstarfi við stjórn Ungmennafélagsins Súlunnar verði leitað leiða til þess að efla íþróttastarf félagsins.						Endurskoðað árlega	Lok árs 2022
2.11 Kortlagning á þörfum íbúa fyrir afþreyingu og félagsstarf og hvernig hægt er að mæta þeim.						Endurskoðað árlega	Lok árs 2022

2.1 Virkja fjarbúa og stofna félag brottfluttra Stöðfirðinga: Verkefnisstjóri stofnaði hóp á Facebook og hefur brottfluttum Stöðfirðingum og öðrum velunnurum staðarins verið boðið í þann hóp. Meðlimum hefur verið haldið upplýstum um gang mála og þeir hvattir til að taka þátt í verkefnum. Ekki hefur komið fram áhugi á að stofna formlegt félag en tvær umsóknir bárust í frumkvæðissjóðinn í ár frá brottfluttum Stöðfirðingum og áhugi á verkefninu Sterkum Stöðvarfirði er töluverður í þessum hópi.

2.2 Kanna grundvöll fyrir leigumiðlun fyrir íbúðir sem ekki eru í heilsárs notkun: Aflað var upplýsinga varðandi eigendur húsnæðis sem ekki er í heilsársnotkun og kannaður áhugi á þessu markmiði. Í ljós kom að eigendur höfðu ekki áhuga á að stofna eiginlegt félag eða leigumiðlun.

2.3 Athuga þörf og fýsileika á húsnæðiskostum fyrir aldraða, svo sem þjónustuíbúðum, dvalarheimili og minni raðhúsum fyrir lok árs 2023. Það hefur verið haldinn einn fundur með Jaspis, félagi eldri borgara á Stöðvarfirði til að ræða þetta starfsmarkmið. Einnig var kynning á verkefni sem ráðist var í, á Egilsstöðum en þar er félag eldri borgara að byggja húsnæði á eigin kostnað. Þetta starfsmarkmið krefst áframhaldandi samtals en fyrstu skref hafa verið stigin.

2.5 Tilraunaverkefni með opnunartíma sundlaugar: Það var ekki ráðist í þetta tilraunaverkefni í ár en verkefnisstjóri sendi inn beiðni til Fjarðabyggðar til að kanna grundvöll fyrir lengri opnunartíma fyrir sumarið 2024.

2.7 Finna leiðir til að styrkja rekstur verslunar frekar til framtíðar, meðal annars með aðgerðum Byggðaáætlunar (A9): Verslunin hér á Stöðvarfirði var seld í febrúar 2023 en ekki hefur verið opnuð búð síðan þá. Hópur af áhugasömum íbúum er að vinna í því að koma verslun aftur í þorpið. Það var sótt um í A9 í byggðaáætlun stjórnvalda en ekki var veittur styrkur til Stöðvarfjarðar að þessu sinni.

2.9 Tryggja þeim sem þess óska aðgang að raunfærnimati byggðu á starfsreynslu, sem og náms- og starfsráðgjöf: Í haust var þessi þjónusta kynnt fyrir íbúum Stöðvarfjarðar þó að engin hafi nýtt sér hana í ár.

2.10 Efla íþróttastarf Súlunnar: Stjórn Súlunnar fundaði með stjórn íþróttafélagsins á Breiðdalsvík til að kanna grundvöll fyrir samstarfi þar á milli. Á Stöðvarfirði er boðið upp á fimleikatíma fyrir börn og fullorðna ásamt því að zumba kennari kemur reglulega og heldur námskeið.

2.11 Afbreyting og félagsstarf íbúa: Boðið hefur verið upp á jólagöngu í ár, Áhugamannafélagið Stuðfirðingur fékk styrk úr frumkvæðissjóðnum í ár til að kaupa pílubúnað, lagfæra billjard borð og fjárfest var í bingóbúnaði. Allt þetta er til staðar á Café Saxa fyrir gesti og íbúa Stöðvarfjarðar, þeim að kostnaðarlausu. Það sem stendur okkur fyrir þrifum er aðstöðuleysi fyrir margar hugmyndir sem bíða eftir því að komast á fullt skrið.

Meginmarkmið 3: Öflugt atvinnulíf

Starfsmarkmið	0%	25%	50 %	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
3.1 Komið á opinberu starfi á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.2 Unnið verði að því að koma á fót aðstöðu fyrir óstaðbundin störf á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.3 Kanna grundvöll fyrir stofnun á vottuðu framleiðslueldhús.						Lokið	Lok árs 2023
3.4 Kanna grundvöll þess að koma á fót miðstöð fornleifarannsókna á Austurlandi, staðsettri á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.5 Styrkja stöðu Stöðvarfjarðar sem safnabæjar og tekið verði upp samstarf við Safnastjórn Fjarðabyggðar um eflingu safnastarfs og fjölgun tengdra starfa á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.6 Skoðaður verður grundvöllur þess að setja upp sýningu um fornleifar á Stöðvarfirði.							Lok árs 2025
3.7 Greina þörf fyrir sameiginlegt vörumerki eða „skjaldarmerki“ sem gæti nýst í markaðssetningu á vörum framleiddum á Stöðvarfirði.							Lok árs 2023
3.8 Efla Sköpunarmiðstöðina með því að auka samstarf milli íbúa og forsvarsmanna með hugarflugsfundum og heimsóknum.						Lokið	Lok árs 2023
3.9 Virkja íbúa og aðra áhugasama til þess að halda námskeið út frá þekkingu og aðstöðu.							Lok árs 2023
3.10 Að minnsta kosti eitt nýsköpunar- og/eða þróunarverkefni tengt atvinnulífi á Stöðvarfirði verði komið til framkvæmda.							Lok árs 2024
3.11 Kannaður verði möguleiki á samningi um sértækt Aflamark Byggðastofnunar.							Lok árs 2024

3.2 Unnið verði að því að koma á fót aðstöðu fyrir óstaðbundin störf á Stöðvarfirði fyrir lok árs 2024:

Á efri hæð Sköpunarmiðstöðvarinnar er búið að taka fá rými þar sem eiga að koma skrifstofur og fundaraðstaða fyrir einstaklinga sem vinna í fjarvinnu. Þetta rými er tilbúið til innréttinga, það er búið að setja nýja glugga, loft og gólf en eins og staðan er núna er þetta stór geimur sem þarf að vinna betur að.

3.3 Kanna grundvöll fyrir stofnun á vottuðu framleiðslueldhúsi fyrir smáframleiðendur: Það er búið að teikna upp 90 m² rými innan Sköpunarmiðstöðvarinnar undir iðnaðareldhús. Einnig er búið að ráða verkefnisstjóra til að halda utan um verkefnið. Að endingu er komið nafn á eldhúsið Fræ Sköpunareldhús og er í vinnslu að stofna formlegan rekstur utan um verkefnið. Strax á nýju ári, 2024 verður byrjað að brjóta niður vegg og fara í þá iðnaðarvinnu sem þarf til hægt sé að byrja að innrétta eldhúsið.

3.4 Kanna grundvöll þess að koma á fót miðstöð fornleifarannsóknna á Austurlandi: Áhugahópur um fornleifarannsóknir á Stöð fékk styrk úr Frumkvæðissjóði Sterks Stöðvarfjarðar til þess að efla sýnileika á þeim rannsóknum sem fara fram inn á Stöð og tókst vel til. Ekki er komið á formlegt samtal um kjarna þessa starfsmarkmiðs en með auknum sýnileika verður auðveldara að hefja það samtal.

3.7 Greina þörf fyrir sameiginlegt vörumerki eða „skjaldarmerki“ sem gæti nýst í markaðssetningu á vörum framleiddum á Stöðvarfirði fyrir lok árs 2023: Í tengslum við þarfagreiningu og skipulag á iðnaðareldhúsinu, var fengin hönnuður til að teikna upp merki eldhússins, sem mun heita Fræ Sköpunareldhús. Það á þó eftir að hefja það samtal hvort að framleiðendur muni nota það til þess að merkja sínar vörur.

3.8 Efla Sköpunarmiðstöðina með því að auka samstarf milli íbúa og forsvarsmanna með hugarflugsfundum og heimsóknum: Í byrjun þessa árs var ákveðið af forsvarsmönnum Sköpunarmiðstöðvarinnar að hafa opið hús einu sinni í mánuði og sýna verk eftir þá listamenn sem dvöldu í miðstöðinni. Ágætlega hefur verið mætt á þessi opnu hús. Byrjað er að hólfa niður rými innanhús í miðstöðinni svo að áhugasamir geti farið að leigja rými undir vinnu sína.

3.9 Virkja íbúa og aðra áhugasama til þess að halda námskeið út frá þekkingu og aðstöðu fyrir lok árs 2023: Golfklúbbur Stöðvarfjarðar fékk styrk úr Frumkvæðissjóði Sterks Stöðvarfjarðar í ár til kaupa á golfhermi. Ætlunin er að halda námskeið fyrir áhugasama sem og að bæta aðstöðu fyrir golf iðkendum bæði héðan og úr nágrennabyggðarlögum.

3.10 Að minnsta kosti eitt nýsköpunar- og/eða þróunarverkefni tengt atvinnulífi á Stöðvarfirði verði komið til framkvæmda fyrir lok árs 2024: Fyrirtækið *Brauðdagur* leit dagsins ljós núna á haustmánuðum og bíður upp á heimsendingu á brauði hér á Stöðvarfirði. Viðtökurnar hafa verið góðar og er verið að vinna að því að koma fyrirtækinu í hentugt húsnæði. Verið er að standsetja framleiðslurými hjá Kaffibrennslunni Kvörn. Einnig er verið að koma upp Þjónustumiðstöð fiskeldis í gömlu bræðslunni. Þá er verið að koma tréverkstæði fyrir í húsnæði verktakafyrirtækisins Landatanga.



Meginmarkmið 4: Sterkir innviðir

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
4.1 Aukin tækifæri í ferðamennsku. Greining á þörfum og skilgreining verkefna fyrir ferðaþjónustu á Stöðvarfirði. Skoða sérstaklega gæði þjónustu og affreyingar-möguleika.							Sumar 2023
4.2 Farið verði í umbætur á Suðurfjarðavegi á verkefnistíma Sterks Stöðvarfjarðar.							Lok árs 2025
4.3 Farið verði í greiningarvinnu á núverandi leiðakerfi almenningssamgangna svo að þær verði styrktar enn frekar.						Lokið	Lok árs 2022
4.4 Lokið verði við lagningu ljósleiðara í íbúðarhús á Stöðvarfirði.							Mitt ár 2024
4.5 Útfæra og setja upp upplýsingaskilti víðsvegar um bæinn. Að minnsta kosti þrjú ný skilti verði komin upp.							Sumar 2023
4.6 Skoðaður möguleiki þess að koma á fót „fjölnotahúsi“.							Lok árs 2023
4.7 Núverandi heilbrigðisþjónusta verði greind með það að leiðarljósi að koma betur til móts við notendur.							Lok árs 2023
4.8 Kortleggja allar mögulegar leiðir til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis á Stöðvarfirði.							Lok árs 2023
4.9 Teknar verði í notkun fimm nýjar íbúðir á Stöðvarfirði.							Lok árs 2025
4.10 Skoðað verði að koma á fót lðngörðum og/eða skrifstofukjarna.							Lok árs 2024

4.1 Aukin tækifæri í ferðamennsku. Greining á þörfum og skilgreining verkefna fyrir ferðaþjónustu á Stöðvarfirði: Haldnir voru nokkrir fundir með aðilum er tengjast ferðaþjónustu á Stöðvarfirði, sem og öðrum áhugasömum. Verkefnisstjóri tók saman þær hugmyndir og ábendingar er komu úr þessum samtölum og setti saman í greinargerð. Rætt hefur verið um að boða til fundar um þessa greinargerð og skoða í framhaldi hvað sé hægt að gera til að auka vægi ferðaþjónustunnar hér á Stöðvarfirði.

4.2 Farið verði í umbætur á Suðurfjarðavegi á verkefnistíma Sterks Stöðvarfjarðar fyrir lok árs 2025: Sveitarstjórn sem og aðrir kjörnir fulltúrar Fjarðabyggðar hafa verið að þrýsta á að framkvæmdum á Suðurfjarðavegi verði flýtt á Samgönguáætlun. Þingfólk kjördæmisins hefur einnig lagt fram þingsályktunartillögur þess efnis.

4.3 Greining á núverandi kerfi almenningsamgangna: Vinnuhópur á vegum Fjarðabyggðar fékk formlegt minnisblað frá verkefnisstjóra varðandi hugmyndir og ábendingar um almenningsamgöngur er snerta Stöðvarfjörð.

4.4 Lokið verði við lagningu ljósleiðara í íbúðarhús á Stöðvarfirði fyrir mitt ár 2024: Samtal hófst á þessu ári við tæknifyrirtæki sem sjá um ljósleiðaratengingu um hvort og þá hvenær Stöðvarfjörður yrði á framkvæmdaáætlun varðandi lagningu ljósleiðara. Þetta mál hefur vakið talsverða athygli og mun Fjarðskiptastofnun kanna hvort að það sé markaðsbrestur varðandi lagningu ljósleiðara. Sú vinna hefst á næsta ári. 2024.

4.7 Núverandi heilbrigðisþjónusta verði greind með það að leiðarljósi að koma betur til móts við notendur fyrir lok árs 2023: Þessi vinna er lítillega hafin en á íbúafundi í september var því velt upp hvort að þetta væri nauðsynlegt markmið. Verkefnisstjóri mun kanna áhuga meðal íbúa betur á nýju ári.

4.8 Kortleggja allar mögulegar leiðir til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis á Stöðvarfirði fyrir árslok 2023: Húsnæðismál hafa verið fyrirferðarmikil á árinu. Kallað hefur verið eftir aðgerðum vegna húsa sem standa tóm meirihluta ársins. Ýmsir möguleikar hafa verið skoðaðir og er vinna enn í fullum gangi.

4.10 Skoðað verði að koma á fót lðngörðum og/eða skrifstofukjarna fyrir árslok 2024: Þetta tengist starfsmarkmiði 3.2.

Meginmarkmið 1 – Samkeppnishæfir innviðir						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
1.1. Byggðar verði í það minnsta 10 íbúðir í Búðardal fyrir lok árs 2025.						Þetta markmið er á áætlun. Árið 2023 voru 3 íbúðir byggðar og áfram er unnið að fjölgun íbúða á næstu árum.
1.2. Stofnað verði fjárfestingafélag um uppbyggingu iðngarða í Búðardal fyrir lok árs 2023						Stofnaður var undirbúningshópur sem er starfandi og heldur utan um framkvæmdina. 5.000.000 kr styrkur fékkst úr C1 fyrir hönnun á iðngörðum í Búðardal.

1.3. Lokið verði við byggingu íþróttahúss og sundlaugar í Búðardal á árinu 2026.						Markmið er á áætlun en færa þurfti framkvæmd aftur til ársins 2026. Áður var stefnt að verklokun 2024. Verktakafyrirtækið Eykt hefur undirritað viljayfirlýsingu um að taka að sér verkefnið.
1.4. A.m.k. tvær gönguleiðir verði betrubættar eða útbúnar í og við Búðardal fyrir árið 2025.						Skógræktarfélag Dalasýslu fékk styrk úr Frumkvæðissjóði 2022 og 2023 og hóf uppbyggingu gönguleiða í Brekkuskógi árið 2023.
1.5. Kortlagning gönguleiða víða um Dalabyggð, sem unnin er að á vegum SSV, verði gerð aðgengileg almenningi árið 2023. Valdar leiðir verði stikaðar, þar sem það á við, til að auka aðgengi að þeim.						Kortlagningu er lokið á vegum SSV og eru komnar á vef Ferðamálastofu þar sem þær eru aðgengilegar. Veittir hafa verið styrkir til gönguleiða í gegnum Frumkvæðissjóð og einnig í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Í janúar 2024 er stefnt að því að fá Ferðafélag Borgarfjarðarhéraðs til að kynna átak þeirra við stikun gönguleiða í þeirri von um að veita innblástur til svipaðra verka í Dalabyggð.
1.6. Samstarfsverkefni á vegum SSV, Dalabyggðar og Markaðsstofu Vesturlands verði sett á legg til að útbúa upplýsingapakka og kynningarefni um útivistarleiðir, svo sem göngu-, reið- og hjólaleiðir í Dalabyggð, sem verði tilbúinn fyrir sumarið 2024.						Á áætlun 2024.
1.7. Komið verði á samtali milli hlutaðeigandi aðila um skipulag reiðleiða í Dalabyggð árið 2024.						
1.8. Unnið verði að a.m.k. tveimur verkefnum sem fela í sér uppbyggingu skógarstiga eða áningarstaða innan skóga fyrir 2025.						Verkefnið í Brekkuskógi fékk áframhaldandi styrk til uppbyggingar á áningarstað og gönguleiðum.
1.9. Unnið verði eftir tillögum og forgangsroðun						Sveitarstjórn og SSV hafa þrýst á áframhaldandi framkvæmdir.

vegaframkvæmda á starfstímabilinu 2022-2025, líkt og þær eru lagðar til í Samgönguáætlun Vesturlands. Íbúar verði upplýstir um framvindu og frávík allra framkvæmda í byggðarlaginu.					Dalabyggð vann forgangsröðun vegafarmkvæmda árið 2023 og hefur þrýst á ríki að taka hana til skoðunar og skipuleggja framkvæmdir í samræmi við það. Hægt gengur með stofnvegi en helmingur tengivegapotts Vegagerðarinnar er áætlaður í Dalabyggð.
1.10. Stofnvegurinn um Skógarströnd verði endurbættur og árlegar fjárveitingar til verkefnisins tryggðar þannig að klára megi framkvæmdir sem fyrst.					5,4 km árið 2023. Þrýst hefur verið á endurskoðun á samgönguáætlun til að tryggja áframhaldandi fjármagn í framkvæmdina. Sumarið 2023 var haldið golfmót á veginum til vekja athygli á slæmu ástandi hans.
1.11. Lögð verði áhersla á að leggja bundið slitlag á Laxárdalsveg eigi síðar en árið 2024.					7.8 km árið 2023.
1.12. Gerð verði þarfagreining og áætlun um uppsetningu rafhleðslustöðva í byggðalaginu árið 2023.					Starfshópur hóf störf haustið 2022 og vann þarfagreiningu. Skoðuð var bæði þörf á hraðhleðslustöðvum og áform ferðapjónustuaðila um uppsetningu rafstöðva. Gert verður ráð fyrir hleðslustöðvum einnig við vinnu að deiliskipulagi í Búðardal og er líklegt að þar verði unnin áætlun.
1.13. Þegar áætlun um uppsetningu rafhleðslustöðva í Dalabyggð liggur fyrir, sbr. markmið 1.12., eigi sér stað samtal við ríki og þjónustuaðila um aðgengi að hleðslustöðvum árið 2024, með tilliti til áherslu ríkisvaldsins á orkuskipti.					Aðgerðin var sett fram vegna þess að töluvert ósamræmi var í greiðsluleiðum, tengjum og almennu aðgengi að rafhleðslustöðvum. Þessi aðgerð er talin óþörf eftir samtal við ráðherra eftir íbúafund. Þ.e. þróun í hraðhleðslustöðvum er hröð og aðgengi að þeim að verða samhæfðara almennt. Aðgerð skráð lokið eftir samtalið.
1.14. Byggt verði upp hleðslustöðvanet í Dalabyggð í samræmi við ofangreinda áætlun í 1.12 fyrir lok árs 2025.					Sett var upp ein ný hraðhleðslustöð í Búðardal sumarið 2023. Fundað var með ferðapjónum og leitað tilboðum fyrir áhugasama en enginn tók

					tilboðunum. Einhverjir ferðapjónar settu upp stöðvar á eigin vegum. Gert er ráð fyrir deiliskipulagsvinnu í Búðardal þar sem m.a. verður rýnt í mögulega uppbyggingu á rafhleðslustöðvum.
1.15. Árlega verði unnið að framgangi í þrífösun og að því að leggja rafmagn í jörð á starfstímanum. Lokið verði að fullu við þrífösun á rafmagn og að leggja strengi í jörðu árið 2026.					<p>2022: Skerðingsstaðir að Lyngbrekku inn á Fellströnd, um 42 km kafli.</p> <p>Dælustöð Fellsenda að Hundadal inn í Miðdal, um 2.2 km kafli.</p> <p>Máskelda að Ársel veiðihúsi inn í Hvalsdal, um 3.6 km kafli.</p> <p>2023: Álfheimar að Gunnarsstöðum inn á Skógarströnd, um 19 km kafli.</p> <p>Leysingjastaðir að Laugaskóla inn í Hvammssveit, um 2.2 km kafli.</p> <p>2024: Ekki er á áætlun Rarik að fara neinn kafla sumarið 2024 inn í Dölum.</p> <p>2025: Fyrirhugað er að halda áfram inn á Fellströnd frá Lyngbrekku og fara að Víghólsstöðum. Þetta getur þó tekið breytingum.</p> <p>Fyrirhugað er að taka streng frá Búðardal og að Glerárskógum. Þetta getur tekið breytingum.</p>
1.16: Gert verði átak í að styrkja fjarskiptainnviði og bæta þannig símasamband í Dalabyggð árið 2023.					SSV réð Þorstein Gunnlaugsson ráðgjafa hjá Gagna til að gera úttekt á fjarskiptainnviðum Vesturlands og var hún kynnt í janúarbyrjun. Úttektina verður meðal annars hægt að nota til að kalla eftir umbótum hjá þjónustuaðilum.

1.17. Íbúar fá kynningu á kostum og göllum varmadæla og reglum um niðurgreiðslur í því sambandi, á árinu 2023.						Þetta verkefni tafðist en er á áætlun í mars 2024.
1.18. Átak verði í nýtingu félagsheimila í Dalabyggð árin 2022-2025						Þetta verkefni gengur mjög vel. Árblik er í rekstri. Dalabúð er í mikilli notkun, bæði undir samkomu og ýmis konar skóla- og félagsstarf. Staðarfell var selt árið 2023 og opnað var vottað eldhús í Tjarnarlundi.
1.19. Árið 2022 eigi sér stað formlegt samtal við Biskupsstofu um nýtingu kirkna og uppbyggingu og viðhald á sögufrægum kirkjum í Dalabyggð.						Aflagt á íbúafundi 2023.
1.20. Sveitarfélagið skoði að fá til liðs við sig íbúa og aðra sjálfbóaliða til að taka þátt í hreinsunarátaki í byggðarlaginu, sumrin 2023, 2024 og 2025.						Hvatt var til hreinsunardags fyrir Jörvagleði 2023. Nokkrir vaskir íbúa rifu niður kofa norðan við Búðardal til styrktar góðgerðamála sumarið 2023. Orðalagi breytt á íbúafundi 2023, þar sem áherslan er meiri á íbúa en á utanaðkomandi sjálfbóaliðasamtök. Verkefnið er hafið.
1.21. Sveitarstjórn þrýsti á að settar verði hraðahindranir við innkomu í Búðardal árin 2024-2025, til að draga úr umferðarhraða í bænum.						Nýtt markmið 2023. Sveitarstjóri hefur þegar sent erindi á Vegagerðina varðandi það að setja upp hraðahindrun við innkomuna í bæinn. Áfram verður þrýst á.
1.22. Sveitarfélagið vinni að deiliskipulagi fyrir þéttbýlið, þar sem unnið verður að framtíðarskipulagi útivistarsvæða, iðnaðarsvæðis og lóða fyrir íbúðarhúsnæði. Vinna við gerð deiliskipulagsins hefjist í ársbyrjun 2024.						Nýtt markmið 2023. Ýmsar tillögur að útivistarsvæðum bárust einnig á íbúafundi 2023 og eru skráðar í Verkefnisáætlun.
Meginmarkmið 2 – Skapandi og sjálfbært atvinnulíf						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
2.1: Árið 2023 verði a.m.k. þrjár einstaklingar						Einn starfsmaður er með fasta starfsstöð í Nýsköpunarsetrinu.

starfandi að staðaldri í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar.					Tveir starfsmenn eru komnir með reglulega starfsaðstöðu í Nýsköpunarsetrinu. Starfsmaður KPMG er með viðveru tvisvar í mánuði og ráðgjafar SSV einu sinni í mánuði hver. Aðstaðan er einnig mikið notuð undir próf í prófatið og undir ýmis konar fræðslu og fundi.
2.2. Sett verði á fót Ráðgjafaráð Nýsköpunarseturs sem yrði samansett af heimafólki og fjarbúum sem er tilbúið að miðla sinni þekkingu til áhugasamra.					Ráðgjafaráðið var stofnað haustið 2022.
2.3. Sveitarstjórn kanni möguleikann á tilfærslu opinberra starfa til Dalabyggðar árin 2022-2024.					Þetta samtal á sér reglulega stað við yfirvöld. Sífelluverkefni en enn hefur ekki orðið tilfærsla á störfum.
2.4. Farið verði í markaðssetningu á Dalabyggð sem búsetukosti, atvinnusvæði og fristundasvæði til hagsbóta fyrir samfélagið árið 2023.					Verkefnið Dalabyggð í sókn fékk 11.000.000 styrk úr C1. Um er að ræða styrk fyrir markaðsherferð fyrir Dalabyggð til að laða að nýja íbúa, fjárfesta og ferðamenn. Starfshópur vann að verkefninu 2023 og ráðgert er að móta verkfærakistu með markaðsaðgerðum árið 2024.
2.5. Leitað verði samstarfs við stjórnvöld um þróunarverkefni í landbúnaði þar sem fundnar verða leiðir til aukinnar arðbærni í atvinnugreininni, á árunum 2022-2025.					Það má segja að verkefnið "Verðmætasköpun í strjálbýli" sem fékk styrk úr C1 á árinu 2023, falli undir þetta en um er að ræða samstarfsverkefni SSV, SSNV og Vestfjarðarstofu þar sem farið verður í átak til að auka nýsköpun á lögbýlum í Dölum, á Ströndum, í Reykhólahreppi og í Húnaþingi vestra. Verkefnið fékk myndarlegan styrk upp á 21.6 millj./kr. Þetta verkefni snýr helst að því að auka tekjur á lögbýlum með nýsköpun.

2.6. A.m.k. tvö nýsköpunarverkefni í skógrækt, grænmetis- og/eða fóðurrækt verði hrundið af stað fyrir lok árs 2025.					Þónokkur verkefni hafa farið af stað og mörg með stuðningi úr Frumkvæðissjóði. Markmiði náð en enn eru sóknarfæri hér.
2.7. Búið verði til vörumerki fyrir vörur framleiddar í Dalabyggð á verkefnistímanum.					Ákveðið hefur verið að ekki verður gert vörumerki fyrir afurðir í gegnum C1 verkefnið Dalabyggð í sókn. Verkefni ekki hafið og óljóst hver á að fjármagna og leiða það. Á sama tíma eru framleiðendur í Dalabyggð að vinna á verkefni sem snýr að íslensku jólasveinunum sem tengja á við matvæli. Spurning hvort það eða annað frumkvæðisverkefni leiði af sér vörumerki sem framleiðendur geta nýtt sér?
2.8. Námskeið verði haldin árlega á verkefnistímanum, t.d. í vörubrúun, markaðssetningu eða sölu.					Haldið var námskeið í verðlagningu haustið 2022 í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar. Þá hefur verið lögð áhersla á að vekja athygli á erindum, námskeiðum eða annarri fræðslu sem falla undir þessa lýsingu í gegnum heimasíðu Dalabyggðar og íbúasíður á samfélagsmiðlum. T.d. fjarnámskeið o.fl. Þ.á.m. námskeiðið “Matarfrumkvöðullinn” sem haldinn er á vegum Austurbrúar í febrúar-mars 2023. Kjöttvinnslunámskeið var haldið í Miðskógi haustið 2023. Áherslu markmiðs var breytt árið 2023 og ákveðið að halda áfram að halda námskeið út verkefnistímabilið, ekki aðeins árið 2023. Markmiði var því náð en verkefni var framlengt.
2.9. Verkefnisstjóri aðstoði þá sem hafa áhuga á að selja vörur framleiddar í héraðinu, við að koma þeim í sölu á árunum 2022-2025.					Verkefnisstjóri hefur aðstoðað áhugasama eftir þörfum en ekki hefur verið mikið um slík verkefni.

2.10. A.m.k. tvö þróunarverkefni í framleiðslu, markaðssetningu og/eða sölu afurða úr byggðalaginu, fari af stað fyrir lok árs 2025.						Tvö lögbýli hófu þróun á afurðum úr ærkjöti beint frá býli og komu í sölu 2022-2023. Þrír aðilar hófu sölu á grænmeti eða afurðum úr grænmeti árin 2022-2023. Einn aðili fékk styrk úr Frumkvæðissjóði til að þróa afurðir úr nautakjöti árið 2023. Víða var auglýst lambakjöt, nautakjöt eða ærkjöt til sölu árið 2023. Mikil gróska er í framleiðslu og enn ýmis sóknarfæri.
2.11. Að hafið verði a.m.k. eitt frumkvæðisverkefni sem felur í sér nýsköpun í verslun í byggðarlaginu fyrir árið 2025.						KM þjónustan ruddi sér til rúms eftir íbúafund 2023 og opnaði dagvöruhörn í sinni verslun. Verkefnið beint frá skýli hlaut styrk úr Frumkvæðissjóði árið 2023.
2.12. Sett verði fram heildstæð stefna í ferðaþjónustu sem snýr að hæglæti fyrir lok 2024-2025.						
2.13. Markaðssetningar átaki fyrir áfangastaðinn Dalabyggð verði hrundið af stað fyrir sumarið 2024.						Verkefni er hafið og búið t.d. að taka upp myndefni fyrir Dalabyggð sem nýta á til markaðssetningar.
2.14. Greind verði sóknarfæri og nýtingarmöguleikar sem felast í menningarminjum og menningararfi Dalabyggðar árið 2024.						Markmið aflagt á íbúafundi 2023 og sett fram ný markmið varðandi menningarmál undir meginmarkmiði 3 (starfsmarkmið 3.11.-3.13.
2.15. Árin 2023-2024 verði unnið að því að móta hugmynd að afþreyingu eða upplifun tengdri Auði djúpúðgu.						Verkefni endurskoðað árið 2023 og áherslu breytt. Markmið var víkkað út þar sem áður var talað um gangvirka upplifun en nú um almenna upplifun tengda Auði. Eitt verkefni fékk styrk úr Frumkvæðissjóði 2023 þar sem ætlunin er að gera vega refil um Miðbraut í Búðardal, þar sem Auður Djúpúðga kemur fram.
2.16. Unnið verði að gerð hljóðleiðsagnar um Dalina árið 2024, sem tengir svæðið við landnámssöguna.						

2.17. A.m.k. tvö nýsköpunarverkefni fari af stað í ferðapjónustu á tímabilinu 2022-2025.						Þrjú ný ferðapjónustuverkefni eru á á hugmyndastigi og fengu styrk úr Frumkvæðissjóði 2023. Eitt verkefni hóf göngu sína 2022.
2.18. Dalabyggð hagi verkkaupum þannig að heimaaðilar eigi möguleika á að bjóða í verk á starfstímabilinu og eftir það.						Þetta er stefna Dalabyggðar og hefur m.a. verið sett inn í loftslagsstefnu. Um er að ræða sífelluverkefni. Sífelld eru skoðaðar leiðir til að auka verkkaup í heimabyggð.
2.19. Áhugasöm fyrirtæki fái aðstoð við að innleiða grænan tékklista í sínum rekstri og möguleiki á umhverfisvottun fyrir minni fyrirtæki kannaður árin 2023-2024.						Ekki hafið. Ekki reynt á þetta enn þá. Stefnt að fræðslu/upplýsingagjöf 2024.

Meginmarkmið 3 – Auðugt mannlíf

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
3.1. Haldið verði áfram formlegum viðræðum við ríkið árið 2023 um að nýta Staðarfell til að stofna menningarsetur, þar sem færi fram fjölbreytt safna, fræða, félags- og/eða listastarf.						Staðarfell var selt árið 2023. Markmið aflagt á íbúafundi.
3.2. Haldin verði tómstundanámskeið eða fræðsluerindi fyrir íbúa, a.m.k. tvisvar á ári í Dalabyggð, árin 2023-2025.						Árin 2022 og 2023 var þessu markmiði náð og fjölmörg námskeið eða fræðsluerindi haldin í Dalabyggð. 10 viðburðir voru haldnir árið 2023 í nýsköpunarsetrinu og eru þá ótalin fjölmargir viðburðir aðrir sem skipulagðir voru af íbúum.
3.3. Átthaganámskeið, um sögu, náttúru og menningu í Dölum, verði haldið árið 2024.						Undirbúningur hófst árið 2023 og ráðgert var að halda námskeiðið vorið 2024. Hins vegar hafa verið umræður um að vera með opin fræðsluerindi og vinnustofur fyrir alla áhugasama og ná þannig til fleiri einstaklinga með átthagafraeðslu.
3.4. Skoðað verði með hvaða hætti er hægt að bæta félagsstarf eldri borgara í Dalabyggð á starfstímanum. Meðal						Markmið 3.4 og 4.10 voru sameinuð í eitt árið 2023 og aðgerðum bætt við markmið. Báðum aðgerðum hefur verið ýtt úr vör en verkefnisstjóri

annars verði leitað verði leiða til að gera frístundastarf og menningarstarf aðgengilegra fyrir eldri borgara					hefur rætt við starfsmenn Silfurtúns og fengið leyfi til að koma með útprentaða viðburðardagskrá fyrir heimilisfólk og gesti þar. Þá hefur verið rætt við skólann um fleiri heimsóknir í Silfurtún. T.d. lærðu krakkar á miðstigi félagsvist og spiluðu við heimilisfólk haustið 2023. Boðið var upp á leikfimi fyrir eldri borgara í ræktinni og gönguhópurinn var virkur. Rauði krossinn hefur opnað fataverslun og hafið heimsóknarverkefni þar sem eldri borgarar eru velkomnir að taka þátt í starfinu. Félag eldri borgara heldur úti dagskrá og starfsmaður í hlutastarfi sér um iðjustarf á Silfurtúni. Samráðsfundur var haldinn með eldri borgurum.
3.5. A.m.k. eitt frumkvæðisverkefni á sviði lista eða lýðheilsu, sem eflir félagsstarf á svæðinu, fari af stað í byggðarlaginu fyrir árslok 2025					Eitt verkefni hófst snemma árs 2023 og annað var endurvakið. Leikfélagið ákvað að setja fram leiksýningu og stofnaður var blandaður kór fullorðinna sem æfir vikulega í Dalabyggð.
3.6. Byggðahátíðir verði nýttar árlega til að auka tækifæri í listsköpun til ársins 2025, t.d. í tónlist, myndlist eða handverki. Auglýst verði sérstaklega eftir þátttöku á því sviði.					Verkefni hafið, t.d. gekk þetta vonum framár á Jörvagleði 2023 þar sem heimamenn áttu sviðið að mestu.
3.7. Skoðaður verði möguleikinn á að bjóða upp á nám fyrir fullorðna í tónlistarskólanum á starfsárinu 2024-2025.					Ekki hafið.
3.8. Íbúar bjóði nýbúa og "hálfbúa" velkomna í umræðuhópa á samfélagsmiðlum, til að allir geti tekið þátt í umræðum og viðburðastarfi innan Dalabyggðar.					Þetta er illmælanlegt markmið og erfitt að sjá hvort unnið sé að því. Það virkar frekar sem áminning til íbúa og hálfbúa að auka samtalið sín á milli og vera partur af samfélaginu. Nýir íbúar fá aðgang að FB síðu íbúa og til eru fleiri hópar sem opnir eru öllum áhugasömum og


					snúast t.d. um málefni eða viðburði í Dalabyggð. Það er því óhætt að segja að það sé hafið en erfitt er að meta að hve miklu magni því er framfylgt.
3.9. Útbúinn verði póstlisti haustið 2022, fyrir "hálfbúa" og aðra áhugasama sem vilja fá upplýsingar um það sem er að gerast í Dalabyggð.					Þetta tók breytingum. Það var engin eftirspurn eftir sér póstlistum fyrir hálfbúa til upplýsingagjafar. Á heimasíðu Dalabyggðar eru allir viðburðir auglýstir t.d. Og frekar varð þróunin sú að þeir sem vildu fá upplýsingar um ákveðinn hóp, málefni eða fræðslu skráði sig á lista vegna þess sérstaklega. Það var því fundin ný lausn og verkefnið leyst þannig. Markmið var síðan aflagt 2023.
3.10. Skemmtilegi klúbburinn haldi sinn fyrsta fund haustið 2022 en í gegnum hann standi íbúum og velunnurum Dalabyggðar til boða að taka þátt í fjölbreyttu félagsstarfi, sem verður opið öllum.					Fyrstu fundur skemmtilega klúbbsins var haldinn haustið 2022 en félagslífið í Dalabyggð hefur þróast á eigin forsendum síðan þá.
3.11. Hugað verði að forvörslu safnmuna Dalabyggðar og byggt viðunandi geymslurými árið 2025 fyrir muni byggðasafns og listasafns á starfstímabilinu.					Nýtt markmið 2023. Sveitarstjórn hefur þetta til skoðunar.
3.12. Á starfstímanum verði húsakostir Dalabyggðar nýttir til að sýna safnmuni sveitarfélagsins. Áhersla verði á lifandi og hreyfanlegt sýningarhald safnmuna.					Nýtt markmið 2023. Þetta er skemmtileg lausn á húsnæðisvanda t.d. byggða- og listasafns Dalabyggðar. Í lok árs 2023 var settur upp sýningarveggur í Stjórnsýsluhúsinu í Dalabyggð og hafa í kjölfarið verið settar upp örsýningar. Þá hafa byggðasafnið og bókasafnið einnig sett upp örsýningar á bókasafninu um nokkurt skeið. Þá var sett upp sýning í félagsheimilinu Árbliki og í pósthúsinu á árinu.
3.13. Skoðað verði hvort hægt sé að nýta hluta af					Nýtt markmið 2023.

kirkjubyggingum í Dalabyggð undir menningarviðburði eða menningarstarf árið 2024.						
3.14. Hljómsveitum og öðrum í tónlistarsköpun standi til boða að nýta Dalabúð til tónlistarsköpunar.						Nýtt markmið 2023.
Meginmarkmið 4 – Öflug grunnskólustarfa						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
<p>4.1. Skipulagt verði samráð með ákveðnum hópum samfélagsins árið 2023.</p> <p>Aðgerð A: Skapaður verði virkur samráðsvettvangur vegna skólamála, til að mynda með eflingu foreldraráðs, til að efla samtal á milli sveitarfélags, skólastjórnenda og foreldra.</p> <p>Aðgerð B: Komið verði á mánaðarlegum fréttum á heimasíðu Auðarskóla, fyrir alla áhugasama sem vilja fylgjast með skólastarfinu.</p> <p>Aðgerð C: Reglulegir fundir verði einnig með nemendaráði grunnskólans varðandi ákvarðanir um skólamál. Séstaklega verði rætt við þau um aðbúnað og val í námi.</p> <p>Aðgerð D: Reglulegir samráðsfundir verði með eldri borgurum varðandi þjónustu við þann hóp.</p>						<p>Árið 2023 var hafið samstarf við Ásgarð um faglega stefnu og starf Auðarskóla en það var ein áherslan sem íbúar kölluðu eftir á íbúafundi 2022 og var þess vegna ákveðið að auka þyrfti samtal og samstarf milli skóla o.fl. aðila til að ná fram úrbótum sem kallað var eftir. Þá var unnið að nýrri skólustefnu þar sem meðal annars er kveðið á um verklag og ferla varðandi samráð við bæði nemendur og foreldra. Stefnan kynnt á opnum fundi fyrir foreldrum og óskað eftir athugasemdum. Skilaboð íbúapings og verkefnisáætlun hafa verið nýttar við gerð stefnunnar.</p> <p>Reglulegar fréttir voru settar inn á vef Auðarskóla og deilt á samfélagsmiðlum varðandi skólastarfið, árið 2023.</p> <p>Samtal hefur átt stað við forsvarsmenn bæði Silfurtúns og Auðarskóla um heimsóknir og hefur þeim að einhverju leyti verið komið á.</p> <p>Komið var á samráðsfundum með eldri borgurum á árinu.</p>


<p>Aðgerð E: Stjórnendur Silfurtúns og Auðarskóla kanni möguleikann á því að vera með heimsóknir á milli stofnana sem heimilisfólk og nemendur beggja stofnananna geta tekið þátt í.</p>					
<p>4.2. Útiaðstaða í Auðarskóla verði metin og úrbótaáætlun gerð, samhliða fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins fyrir 2023.</p>					<p>Þessu markmiði þarf að fresta. Vegna væntanlegra framkvæmda við íþróttamannvirki verður mjög mikið rót á nærumhverfi Auðarskóla á meðan framkvæmdum stendur. Sveitarfélagið mun skoða möguleikann á að samstarfi vegna hönnunar útisvæðis þegar að því kemur og eins er í skoðun að bæta við tækjum árið 2024.</p>
<p>4.3. Vatnsbrunnur í Auðarskóla verði kominn í gagnið haustið 2022.</p>					<p>Lokið haust 2022</p>
<p>4.4. Sveitarfélagið kanni hvort verði hvort hægt sé að koma á frístundarbíl, í tilraunaskyni, milli Búðardals og Lauga árin 2022-2024.</p>					<p>Frístundarbíll hóf ferðir haustið 2022 og hefur haft jákvæð áhrif á þátttöku barna í íþróttum.</p>
<p>4.5. Fjölbreytt framhaldsskólanám víða um landið, verði kynnt árlega fyrir nemendum á elsta stigi.</p>					<p>Ekki hafið</p>
<p>4.6. Aðgengi að heilbrigðis stoðþjónustu á borð við sjúkraþjálfun verði aukið fyrir árið 2023.</p>					<p>Ungmennafélagið Ólafur Pá fékk styrk til að standsetja sjúkraþjálfaraaðstöðu í húsnæði sínu í Búðardal og kláraði að setja aðstöðuna upp. Hún er því tilbúin. Þá hefur einnig verið unnið að endurbótum á aðgengi að húsnæðinu sjálfu, búningasklefum o.fl. Unnið er að því fá sjúkraþjálfara til að starfa</p>

						í rýminu og veita þjónustuna í Búðardal.
4.7. Verkefnisstjóri og Rauði krossinn kanni möguleika á að hefja sjálfbóðaliðaverkefni undir formerkjum hreyfingarinnar árið 2023, sem nýst geti t.d. eldri borgurum í Dalabyggð til félagslegrar virkni eða samveru.						3 sjálfbóðaliðar hófu störf í febrúar 2023.
4.8. Innleidd verði móttökuáætlun vegna móttöku nýbúa árið 2023 og útbúinn upplýsingapakki sem fólk fengi þegar það flytur til Dalabyggðar.						Fjölmenningarsetur vinnur að grunnvinnu fyrir móttökuáætlanir um þessar mundir og Símenntun á Vesturlandi er að vinna að móttökuáætlunum og byggir á þeirri vinnu. Verkefnastjóri fjölskyldumála hjá Dalabyggð er með verkefnið á sinni könnu.
4.9. Átak í fræðslu um skipulagsmál á mannamáli á árinu 2024						Þetta er hafið að einhverju leyti en haustið 2022 var haldin röð fræðsluerinda, þar á meðal eitt um helstu skref vegna nýbygginga. Stefnt er á fleiri og fjölbreyttar kynningar, meðal annars sem snúa að framkvæmdum og skipulagsmálum.
4.10: Skoðað verði með hvaða hætti er hægt að bæta félagsstarf eldri borgara í Dalabyggð árin 2023-2024.						Fellt inn í markmið 3.4. á íbúafundi 2023.
4.11. Árin 2024-2025 verði unnið að því að kortleggja þörf á hjólastólaaðgengi við opinberar byggingar og settir upp rampar í samræmi við þá þörf.						Nýtt markmið 2023.

Framgangur starfsmarkmiða hefur verið nokkuð góður og fjölmörg verkefni komin vel á veg, einhverjum er lokið og önnur ekki hafin. Sjö ný markmið bættust við verkefnisáætlun eftir íbúafund 2023 og fimm voru aflögð á sama fundi. Starfsmarkmið eru því núna samtals 58 talsins. Hér fyrir neðan er hægt að sjá samantekt á framgangi verkefnanna sem eftir standa í verkefnisáætlun við lok árs 2023.



Framgangur skv. síðustu ársskýrslu (ath. að þar var miðað við stöðu í febrúar 2023 og því skarast þessar niðurstöður litillega. Þ.e.a.s. inni í þessum niðurstöðum eru einnig janúar og febrúar 2023).



Framgangur á starfsmarkmiðum m.v. árslok 2023.

Þegar skoðaður er framgangur starfsmarkmiða kemur í ljós að töluverður hluti þeirra er hafin. Af 58 starfsmarkmiðum er 16 lokið. Áberandi flest þeirra eru í meginmarkmiði 2 sem snýr að sjálfbæðu og skapandi atvinnulífi. Þá eru til viðbótar eru 28 sem eru hafin og komið mislangt á veg. 16 verkefni eru ekki hafin, sum þeirra eru á dagskrá 2024-2025, önnur hafa tafist. Þess ber þó að geta að af þeim 16 verkefnum sem ekki eru hafin eru 5 ný starfsmarkmið sem bætt var í verkefnisáætlun í lok árs 2023.



BYGGÐASTOFNUN

ISBN 978-9935-518-14-9